



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. desember 2006 – 338. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Um jólaljóð og tortryggni

Kristín Ómarsdóttir rithöfundur ræðir um nostalgíu, íslenska tungu og hagsmunamál rithöfunda.

BÆKUR 42



Ástamálin í Buckingham

Meint ástkona Karls Bretaprins afhjúpuð.

FÓLK 46



Fátækt barna

„Í þriðja lagi var jákvætt að sjá í þessari skýrslu að samfélagið okkar virðist hafa þann mikla kost að barnafjölskyldur festast ekki í fátækt,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 12


Valsmenn á toppinn

Valur kom sér fyrir á toppi DHL-deildar karla með sigri á HK í lokaumferð deildarinnar fyrir langt vetrarfrí.

ÍPRÓTTIR 54



VEÐRIÐ Í DAG




SNJÓKOMA EÐA SLYDDA - Í dag verður vaxandi suðaustan- og austanátt sunnan og suðvestan til annars hæglaetsveður. Snjókoma eða slydda sunnan til, stöku él á Vestfjörðum annars úrkomulítið og nokkuð bjart. Frost 0-8 stíg.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA allt landið

Sunnudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.

Um þrettán þúsund í útlöndum um jólin

Sala jólaferða hefur aukist mikið. Allt að þrettán þúsund manns fara út í heim yfir jólin. Stórfjölskyldan sækir í auknum mæli í að halda heilög jól með hangikjöti á sólarströnd. Enginn snjór er í Evrópu fyrir skíðaferðalanga.

FERDALÖG Íslendingar sækja í auknum mæli í sólina yfir hátíðirnar og að vera frekar heima á Íslandi yfir sumartímamann. Stórir hópar ættmenna ferðast saman. „Þetta er allt annað munstur en áður var, fólk er að panta ferðir í október fyrir afa og ömmu og alla fjölskylduna. Þetta eru allt að tuttugu manns saman sem fara með hangikjöt, malt og appelsín, ORA-baunir og jafnvel laufabrauð,“ segir Laufey Jóhannesdóttir hjá Plúsförðum, en hún telur að styttra sumarfrí skólubarna spili þarna inn í, og að fólk vilji nýta allt það frí sem það hefur.

Plúsförðir eru í samvinnu við Úrval-Útsýn og Sumarferðir. Með þessum þremur ferðaskrifstofum ferðast um átján hundruð manns til útlanda um jólin og er það mikil fjölgun milli ára.

„Þetta er allt annað munstur en áður var, fólk er að panta ferðir í október fyrir afa og ömmu og alla fjölskylduna.“

LAUFEY JÓHANNSDÓTTIR

Hjá Heimsferðum er sömu sögu að segja. Þar hefur jólaferðum fjölgað talsvert og Þyri Gunnarsdóttir, sölustjóri Heimsferða, minnst einnig á sömu nýju tiskuna; ferðir stórfjölskyldna. Þyri áætla að tæplega þrjú þúsund manns leggi land undir fót með ferðaskrifstofunni. Það er álíka mikið og hjá stóru flugfélögunum, en í ferðir með þeim fara „á fjórða þúsund“ hjá Flugleiðum og „milli þrjú og fjögur þúsund“ hjá Ice-

land Express. Talsmenn beggja félaga tóku fram að erfitt væri að henda reiður á nákvæma tölu.

Samtals má því gróflega ætla að milli tíu og þrettán þúsund manns fljúgi í sólina um jólin með þessum ferðapjónustufyrirtækjum.

En ekki sækja allir í strendur og sand. Skíðaferðir til Evrópu eru einnig vinsælar. Í ár er sá bransi í talsverðu uppnámi vegna mikils hita í Evrópu. Á þessum tíma árs mun ekki hafa verið heitara þar svo öldum skiptir og viðurkenna sölumenn að þetta sé „dálítið erfitt“. Ekki er skíðaferðamönnum endurgreitt, þótt enginn sé snjórinn, frekar er sóldýrkendum sem lenda í rigningu. Ekki er spáð snjókomu næstu daga, en sölumenn segjast þó ekki örvænta.

klemens@frettabladid.is



EIN LYFTA OPIN Skíðamenn og brettafolk streymdi upp í Bláfjöll í gær. Þó lítill snjór sé í fjöllum var ákveðið að opna eina lyftu. Stefnir er að því að hafa skíðasvæðið einnig opið í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skíðasvæðið í Bláfjöllum var opnað í gær í fyrsta skiptið í vetur:

Fimm hundruð manns á skíðum

BLÁFIÖLL Skíðasvæðið í Bláfjöllum var opið almenníngi í gær í fyrsta skipti í vetur. Ekki var allt svæðið opið heldur einungis ein lyfta í Suðurgili. Lyftan, sem kölluð er Gosinn, var opin milli eitt og fjögur og var aðgangur ókeypis.

Um 200 manns lögðu leið sína upp í Bláfjöll en ef með eru taldir þeir sem mættu á æfingar skíðadeilda um morguninn voru á milli 400 og 500 manns í brekkunum í dag. Flestir voru sammála um að þótt lítið væri af snjó væri færið gott.

Samkvæmt Grétari Þórisssyni, forstöðumanni skíðasvæðisins í Bláfjöllum, vantar lítið upp á að hægt verði að opna fleiri lyftur. „10 til 15 sentimetrar af jafnföllnum snjó ættu að duga svo hægt verði að opna í Kóngsgili,“ segir Grétar.

Vonir standa til að hægt verði að hafa Gosann opinn um eftirmiðdaginn í dag en Grétar biður fólk að hringja á undan sér eða athuga hvort opið sé á heimasíðunni www.blafjoll.is áður en lagt er af stað.

-tg

Eldur í verksmiðju í Eyjum: Lögregluna grunar íkveikju

BRUNI Mikill eldur kviknaði í þró við fiskimjölverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum um klukkan átta í gærkvöldi. Allt tiltækt slökkvilið og björgunarsveitir börðust við eldinn sem náðu tókum á eldinum á rúmri klukkustund. Átta manna lið frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var sent með eitrefnabúnað með þyrllu Landhelgisgæslunnar til Vestmannaeyja, vegna ediksýru sem runnið hafði niður. Var um varúðarráðstöfun að ræða.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Vestmannaeyjum er íkveikja líklegasta ástæða eldsvöðans, en engar raflagnir eru í þrónni. Tjónið er líklega ekki mikið að sögn lögreglu en mikil mildi þykir að eldurinn náði ekki í sjálft verksmiðjuhúsið.

-shá

Upplýsingar um hleranir: Þjóðskjalavörður svarar ASÍ

HLERANAMÁL Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður hefur veitt Alþýðusambandi Íslands umbeðnar upplýsingar um hvort og þá hvenær símar ASÍ hafi verið hleraðir á tímabilinu 1949 til 1976. Í svari þjóðskjalavörðar kemur fram að heimild til hlerunar var veitt einu sinni árið 1961, en þá var Hannibal Valdimarsson forseti sambandsins. Á vefsíðu ASÍ kemur fram að bréf þjóðskjalavörðar veki fleiri spurningar en það svarar. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, vekur athygli á að enn sé óupplýst hversu lengi þessar hleranir stóðu yfir en í dómsúrskurði segir að hlerunarleyfið sé veitt „fyrst um sinn“. Sambandið mun því fylgjast vel með framvindu hleranamálsins.

-shá



7 dagar til jóla!
Opið til 22

Kringlan

gefðu þér tíma til að líta við hjá okkur um helgina, koma þér í jólasöfn og þiggja kaffi og piparkökur



opið í fákafeni 9
13 til 16





Jón, er þetta ekki orðið gott?

Nei, nei. Hreyfing endurnýjar sig með hverri kynslóð. Hún er því alltaf að byrja líka.

Framsóknarmenn fögnuðu þeim tímamótum í gær að níutíu ár voru liðin frá stofnun flokksins. Jón Sigurðsson er þrettándi framsóknarmaðurinn sem gegnir formannsembættinu. Fylgi flokksins hefur sjaldan mælst minna.

Geir hitti Árna Johnsen:

Vilja ekki staðfesta fundinn

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra og Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður, hittust á óformlegum fundi á föstudag samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Árni Johnsen vildi aðspurður ekki staðfesta að fundurinn hafi farið fram. Hann vildi heldur ekki tjá sig um hvort einhverjar breytingar hefðu orðið á fyrirætlunum hans um að bjóða sig fram á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurlkjördæmi fyrir alþingiskosningar í vor. Aðspurð um fundinn sagði Ragnheiður E. Árnadóttir, aðstoðarmaður forsætisráðherra, að Geir hitti fjölmarga einstaklinga á degi hverjum og að hann vildi ekkert tjá sig um slík fundarhöld.



ÁRNI JOHNSEN

Skóf ekki bílrúðurnar:

Keyrði yfir umferðareyju

LÖGREGLUMÁL Tæplega tvítugur maður keyrði yfir umferðareyju á gatnamótum Dalvegs og Digra-nesvegjar í Kópavogi um klukkan ellefu á laugardagsmorgun. Maðurinn keyrði yfir umferðarskilti sem er á umferðareyjunni og hafnaði á akstursrein hringtorgs sem er við hana.

Ökumaðurinn var í bílbelti og blés loftpúði bifreiðarinnar út við höggið. Manninn sakaði ekki en bíllinn er mikið skemmdur.

Að sögn lögreglunnar í Kópavogi skóf maðurinn ekki rúðurnar á bílnum áður en hann settist undir stýri og varnaði það honum sýn við aksturinn.

- ifv

Þrjátíu manns hafa látist í slysum í umferðinni hér á landi það sem af er árinu:

Karlmaður lést í bílveltu

BANASLYS Karlmaður á þrítugsaldri lést í bílveltu á Álftanesvegi við Selskarð á fyrsta tímanum aðfaranótt laugardagsins. Hann var á leið út á Álftanes þegar bíll hans lenti utan vegar við Selskarð og valt. Maðurinn var einn í bílnum.

Lögreglan í Hafnarfirði fékk tilkynningu um slysið um klukkan tuttugu mínútur í eitt. Þegar lögreglan kom á slysstað var bifreið mannsins á hvolfi utan vegar og var ökumaðurinn látinn.

Tildrög slyssins eru óljós en lögreglan í Hafnarfirði vinnur að rannsókn málsins. Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo



30 BANASLYS Í UMFERÐINNI Á ÁRINU

stöddu.

Þrjátíu manns hafa látist í umferðinni það sem af er árinu. Það er umtalsverð fjölgun frá því í

fyrri því þá létust níttján í slysum í umferðinni. Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að engin einhlít skýring sé á þessari miklu fjölgun banaslysa á milli ára. Hann segir þó að því miður megi rekja mörg af banaslysum á árinu til þess að menn hafi verið að leika sér í umferðinni, en tekur fram að hann sé hvorki að segja að það sé orsök allra slyssanna né heldur slyssins á Álftanesvegi. Hann bætir því við að þeir hjá Umferðarstofu hafi aldrei áður orðið vitni að því að eins mörg banaslys hafi orðið vegna þess að menn hafi verið að leika sér í umferðinni.

- ifv

Maður sviptur á Sæbrautinni:

Tekinn á 150 km hraða

LÖGREGLUMÁL Níttján ára ökumaður var tekinn á 150 km hraða á Sæbrautinni um eitt leytið aðfaranótt laugardagsins. Auk þess að vera langt yfir löglegum hámarks- hraða voru fimm farþegar í bíl mannsins. Maðurinn var sviptur ökuleyfi á staðnum.

Lögreglan í Reykjavík yfirheyrði manninn á laugardag. Hann mun fá langa sviptingu og háa fjársekt fyrir brotið.

Auk þess stöðvaði lögreglan í Reykjavík hundrað og fimmtíu bíla við eftirlit á Sæbrautinni aðfaranótt laugardagsins. Einn þeirra sem var stöðvaður hafði ekki ökuréttindi.

- ifv

Morðið á Litvinenko:

Drepinn vegna leyniskýrslu

BRETLAND, AP Yuri Shvets, fyrrverandi KGB njósnari, segir rússneska njósnarann Alexander Litvinenko, hafa verið myrtan vegna upplýsinga sem hann bjó yfir um háttsett- an rússneskan stjórnmálmann.

Shvets segir að skýrslu Litvinenkos hafi verið lekið til þessa ónefnda stjórnmálamanns. Í kjölfarið hafi verið eittrað fyrir honum með pólon-210 eitri, sem dró hann að lokum til dauða.

Breskt útgáfufyrirtæki hefur tilkynnt að það muni gefa út bók sem Litvinenko skrifaði, en í henni er rússneska leyniþjónustan sökuð um innlend hryðjuverk, sem voru helsta ástæða árárs Rússlands- hers á Tsjetsjeníu.

- sgi



MAHMOUD ABBAS Forseti Palestínu sagði tilraunir til myndunar þjóðstjórnar vera komnar í þrot og nú væri það í höndum fólksins að ákveða hvað væri framundan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Palestínu boðar til kosninga

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, hefur boðað til þing- og forsetakosninga, en tilraunir til myndun þjóðstjórnar hafa mistekist. Tæpt ár er liðið frá kosningum.

PALESTÍNA, AP Forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, tilkynnti í gær að hann muni boða til forseta- og þingkosninga við fyrsta tækifæri, mögulega í mars á næsta ári. Ríkisstjórn Hamas-samtakanna sagði ákvörðunina vera valdarán gagnvart palestínskum almenningi, en samtökin komust til valda í kosningum í janúar síðastliðnum. Í kjölfarið hefur Palestína verið beitt alþjóðlegum efnahagsþvingunum.

Leiðtogar Hamas hvöttu Abbas til að segja af sér og segjast munu mótmæla ákvörðuninni með friðsömum hætti.

Abbas hefur hvatt til myndunar þjóðstjórnar með Hamas og hans eigin flokki, Fatah, en samninga- viðræður hafa ekki skilað árangri.

„Kraftaverk þarf ef samningar um þjóðstjórn eiga að nást, eftir það sem Abbas hefur sagt í dag,“ sagði aðstoðarmaður forsætisráðherrans og Hamas-liðans Ismail Haniyeh. Hamas-samtökin telja ólög- mætt að boða til kosninga. Ef samtökin ákveða að sniðganga kosningarnar mun það draga lög- mæti þeirra í efa.

Abbas hefur sjálfur lýst því yfir að hann muni ekki sækjast eftir endurkjöri, en skortur á frambjóðanda hefur verið vandamál innan Fatah-hreyfingarinnar. Svo geti farið að hreyfingin tapi kosningunum og Hamas styrki stöðu sína enn frekar.

Tilkynning forsetans hlaut mikið lof hundruða stuðnings-

manna í höfuðstöðvum hans á Vesturbakkanum. „Snúum okkur til fólksins, heyrum hvað það hefur að segja og leyfum því að dæma,“ sagði Abbas í ræðu sinni.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagðist styðja ákvörðun Abbas, en hann var staddur í Egyptalandi á ferð sinni um Mið-Austurlönd. „Abbas hefur lagt hart að sér að mynda þjóðstjórn, þar sem allir, þar á meðal Hamas, hafa fulltrúa,“ sagði Blair. „En hann er einnig að sýna að hann getur haldið áfram án þeirra, ef þeir vilja ekki taka þátt.“

Næstu kosningar áttu að fara fram árið 2009, en skoðanakannanir sýna að Fatah og Hamas hafa svipað fylgi.

steindor@frettabladid.is



LÍTILL FLUGVÖLLUR Öryggisvörður lokar aðalgotunni í Gíbraltar en flugbrautin liggur þvert á hana. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Samskipti Gíbraltar og Spánar:

Flogið í fyrsta sinn í 27 ár

GÍBRALTAR Í gær fór fram fyrsta áætlunarflug milli Spánar og Gíbraltar í 27 ár. Hingað til hafa spænsk stjórnvöld lokað fyrir flugumferð milli landanna og hafa flugvélar á leið til Gíbraltar þurft að krækja fyrir spænska flughelgi.

Um borð í fyrsta fluginu voru meðal annarra spænskir diplómatar sem gerðu ferðina að fyrstu opinberu heimsókn Spánverja til Gíbraltar í nær fimmtíu ár.

Spánverjar og Bretar hafa lengi deilt um yfirráð yfir Gíbraltar en íbúar svæðisins höfnuðu auknu- um áhrifum Spánverja í atkvæða- greiðslu árið 2002.

- tg

Eldri borgarar hyggja á framboð til alþingiskosninganna 2007:

Ný stjórnmálasamtök stofnuð

STJÓRNMÁL Haldinn verður stofnfundur nýrra stjórnmálasam- taka, sem munu bjóða fram til alþingiskosninganna í vor, á Hótel Borg í dag. Markmiðið með stofnun samtakanna er að ná fram, með þingsetu, verulegum bótum á kjörum aldraðra með því að semja við önnur þingöfl af heilbrigðri skynsemi um landsmál, eins og segir í tilkynningu undir nafninu „Framboð heldri borgara.“ Framboðið er ekki undir merkjum félaga eldri borgara eða Lands- sambands eldri borgara þar sem slíkt framboð samrýmist ekki lögum félaganna.

Almennt skulu þeir studdir til framboðs sem ekki hafa lengur styrk til vinnu, hvort heldur er vegna aldurs eða örorku. Sveinn Guðmundsson verkfræðingur er hvatamaður að stofnfundinum.

Hann segist meta stöðuna svo að framboðið sé raunhæft. Þörfin sé til staðar og málstaður eldra fólks þurfi sterkari málsvara. Um hverjir hugsanlega munu skipa listann segist Sveinn ekkert geta sagt, málið sé of stutt á veg komið. Undir þetta tekur Baldur Ágústsson, fyrrverandi forstjóri, sem stóð fyrir fundi á dögum þar sem tillaga hans að framboði félagsmanna í félögum eldri borgara var samþykkt með miklum meirihluta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur fjársterkur aðili lýst áhuga á því að styrkja framboðið. Helgi Vilhjálmsson, kenndur við Góu, svaraði, spurður um hvort hann væri sá aðili, að það gæti vel verið. „Ég vil endilega styrkja svona lagað og vona að þessu fólki gangi vel.“ - shá



ÚR ÞINGSÖLUM Nýtt stjórnmálafl gæti sett svip sinn á störf þingsins næstu fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Taktu enga áhættu!



KEA

Veldu KEA í jólamatinn

Jólaskemmtun í Kringlunni!

Opið til 22 öll kvöld til jóla

Fjölskylduskemmtun í dag kl. 14-16.30

Sviðið á blómatorginu, 1. hæð

Kl. 14.00

- Lalli töframaður
- Jólaveinar

Kl. 15.30

- Jónsi
- Birgitta Haukdal
- Ronja ræningjadóttir
- Jólaveinar



Nýtt kortatímabil

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,62	68,94
Sterlingspund	134,31	134,97
Evra	89,93	90,43
Dönsk króna	12,062	12,132
Norsk króna	11,002	11,066
Sænsk króna	9,927	9,985
Japanskt jen	0,5803	0,5837
SDR 103,00 103,62		
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
123,4369		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Sjö afgönskum föngum sleppt úr Guantanamo-fangelsinu eftir margra ára vist:

Halda allir fram sakleysi sínu

AFGANISTAN, AP Sjö afganskir karlmenn sneru í gær aftur til heimalands síns eftir margra ára fangelsun í Guantanamo-fangelsinu alræmda á Kúbu. Allir hafa þeir haldið fram sakleysi sínu, en segjast ekki hafa hlotið slæma meðferð í bandarísku fangabúðunum. „Ég átti engan pening til að borga talbönunum, svo að ég neyddist til að ganga til liðs við þá,“ sagði Abdul Rahman, einn fanganna. Rahman segir talbanna hafa krafið sig um rúmar fjögur hundruð þúsund íslenskar krónur, annars yrði hann seldur til Bandaríkjamanna. Hann segir þá svo hafa keypt sig fyrir 1,3

milljónir og sent til Guantanamo. Þetta er áttundi hópurinn sem hefur verið sleppt úr fangelsinu, en alls hafa 47 Afganar fengið að yfirgefa það, síðan sjálfstæð stofnun var sett á fót árið 2004 til að hafa yfirumsjón með ferlinu. Nefndin segir sjötíu Afgana enn vera í haldi í fangelsinu. Alaf Mohammad, 62 ára, var einnig í haldi í fimm ár, að hans sögn fyrir það eitt að vera múslimi. „Ég var bara bóndi í Helmand-héraðinu,“ sagði hann. „Ég er saklaus, þið getið spurt hvern sem er í þorpinu mínu, þeir þekkja mig. Eini glæpurinn minn var að lesa hið heilaga orð.“



AFGANARNIR Fangarnir fyrrverandi voru reiðir og þreyttir eftir vistina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP
Að sögn hans létust átján manns í hérað hans, þar á meðal frændi þegar bandaríski herinn réðst inn hans. -sgj



JOHN EDWARDS Vill verða forseti Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar 2008:

John Edwards fer í framboð

BANDARÍKIN, AP John Edwards, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður frá Iowa, mun sækjast eftir því að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokkssins í bandarísku forsetakosningunum árið 2008. Þetta mun hann tilkynna seinna í mánuðinum, samkvæmt heimildarmönnum í Demókrataflokknum.

Edwards var varaforsetaefni demókrata í kosningunum árið 2004, þegar John Kerry tapaði fyrir sitjandi forseta, George W. Bush. Aðrir sem hafa verið orðaðir við framboð eru öldungadeildarþingmennirnir Hillary Clinton frá New York og Barack Obama frá Illinois. -sgj

Fegrunaraðgerðir:

Danskar borga fyrir fegurðina

DANMÖRK Fimmta hver dönsk kona eldri en sautján ára íhugar fegrunaraðgerð, kemur fram í nýrri danskri könnun sem fjallað er um á fréttavef Berlingske Tidende.

Í könnuninni, sem Gallup gerði fyrir dagblaðið, kom fram að um 320.000 danskar konur eldri en sautján ára hafa farið í brjóstastækkun eða farið í aðra útlitsbreytingu sem ætlað er að fegra þær, eða átta prósent af öllum fullorðnum Dönnum. Þrír af hverjum fjórum Dönnum sjá lítið sem ekkert athugavert við fegrunaraðgerðir, og á það við um karlmenn jafnt sem konur. -smk

Arðinum af vextinum verði skilað til allrar þjóðarinnar

Nú tíu ára afmælis Framsóknarflokksins var minnst í Alþingishúsinu í gær. Við það tækifæri sagði Jón Sigurðsson formaður að framundan væri að útdeila arðinum af vexti síðustu ára. Guðni Ágústsson segir þjóðfélaginu mikilvægt að flokkurinn eflist.

STJÓRNMÁL Framsóknarmenn fögnuðu nú tíu ára afmæli Framsóknarflokksins um land allt í gær.

Flokkurinn var stofnaður í Alþingishúsinu við Austurvöll 16. desember 1916 og í því sama húsi kom stjórn flokksins saman í gær og minnst tímamótanna. Um leið var nýtt merki flokksins kynnt.

Jón Sigurðsson formaður segir flokkinn hafa elst vel enda hafi hann styrkst með hverri nýrri kynslóð. „Það hafa auðvitað skipst á skin og skúrur en við höfum séð dekkri ský en við sjáum núna. Það hefur alltaf birt upp vegna þess að flokkurinn á sér sterkar og djúpar rætur í þjóðinni.“

Jón segir verkefni Framsóknarflokksins nú að vinna úr þeim árangri sem hefur náðst á undanförunum árum. „Við þurfum að skila arðinum af vextinum til allrar þjóðarinnar. Til þeirra sem minnst hafa og til allra byggða í landinu. Það er viðfangsefnið sem er framundan.“

Guðni Ágústsson varaformaður segir Framsóknarflokkinn enn hlaðinn æskuhugsjónum sínum. Hann hafi verið stofnaður til breytinga af menntamönnum og bændum. Menntun hafi verið í forgangi í upphafi og sé enn. „Allt snýst þetta um að efla Ísland og að hjálpa fólki sem á erfiðara en aðrir,“ segir Guðni.

Spurðir hvað standi upp úr í langri sögu flokksins nefna þeir báðir héraðsskólana og þátt framsóknarmanna í að uppfræða þjóðina. „Menntun alþýðunnar er einhver áhrifamesta og stórbrotasta breyting sem varð á Íslandi í fátækt þess og kom henni til bjargálna,“ segir Guðni. Báðir nefna



BLÁSIÐ Á KERTIN Guðni Ágústsson, Jón Sigurðsson og Sæunn Stefánsdóttir slöktu í sameiningu á níu kertum á grænni afmælistertunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

líka baráttuna fyrir útfærslu landhelginnar á sínum tíma.

Sæunn Stefánsdóttir ritari segir að þótt flokkurinn byggji á gamalli hefð og sterkum rótum sé hann þó fyrst og fremst fólkið sem í honum er. „Flokkurinn hefur verið óhræddur við að þróast með

þjóðinni og hefur sett framsækin og nútímaleg mál á oddinn,“ segir hún og nefnir lög um fæðingarorlof og nútíu prósentu húsnæðislán.

„Við höfum þróast en byggjum samt á rötum samvinnu- og ungmennafélagshreyfingarinnar og það er brýnt á þessum tímamótum að

minna á rætur okkar.“

Guðni, Jón og Sæunn blésu saman á kerti á afmælistertu í gær og gekk það vel. Við það tækifæri óskaði Guðni flokknum styrks. „Ég held að það sé pólitíkinni og þjóðfélaginu mikilvægt að Framsóknarflokkurinn eflist á þessum tímamótum. Ég hygg nefnilega að hér gæti orðið erfitt pólitískt ástand ef styrkur okkar veikist,“ sagði Guðni.

bjorn@frettabladid.is



NÝTT MERKI FRAMSÓKNARFLOKKSINS

Ítalskan kaffibar heim!

Hin margrómaða, klassiska cappuccinovél frá Isomac á Ítalíu
Lítill, nett, í nýjum litðum búningi (5 litir)
Einfaldleiki, fegurð og gæði í eldhúsið þitt frá Ítalíu

Hvaða litur fer best við eldhúsið þitt?

Verslunin KAFFIBOÐ
Á horni Grettisgötu og Barónsstígs.
Sími: 562 1029
www.kaffibod.is

VEDURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

um hádegi »

» á morgun

» þriðjudagur

VEDURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Kaupmannahöfn	7°C skúrir	London	9°C léttskýjað	Alicante	17°C hálfskýjað
Þórshöfn	7°C skúrir	Paris	8°C hálfskýjað	Mallorca	16°C hálfskýjað
Oslo	-1°C hálfskýjað	Frankfurt	8°C skúrir	Algarve	17°C alskýjað
Stokkholmur	3°C skúrir	Friedrichshafen	4°C skúrir	Krit	17°C alskýjað
Gautaborg	7°C skúrir	Berlin	7°C alskýjað	Las Palmas	23°C hálfskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

30% afsláttur

AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG SERÍUM



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jóladúkkur margar gerðir



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jóladúkkur margar gerðir



Opis til kl. 22:00
öll kvöld til jóla

30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólasveinar margar gerðir



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólaseríur inni/úti



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólaostahnífar margar gerðir



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jóladiskur og könnur



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólasveinastyttur margar gerðir



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólakúlur 6 stk. í kassa, 6 litir



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólatréskraut 6 stk. í kassa



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólabox hjartalaga



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólabox



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Jólaborðar 2 m, margar gerðir



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Filt jólaskraut 3 teg.



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Dúkar hvítir m/rauðu, rauðir



30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Dúkar vínrauðir m/gylltum saum

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Hefurðu dottið í hálkunni nú?

JÁ	22,5%
NEI	77,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú farið til læknis á árinu?

Segðu skoðun þína á visir.is



Ójöfnuður í tekjuskiptingu á Íslandi síðustu tíu ár hefur aukist:

Lágtekjufólk dregst aftur úr

SAMFÉLAGSMÁL Ójöfnuður í tekjuskiptingu Íslendinga síðasta áratuginn hefur aukist. Lágtekjufólk hefur dregist aftur úr með minni hækkun heildartekna fyrir skatta og bætur. Skattastefna stjórnvalda á síðasta áratug og rýrnun barna- og vaxtabótageiðslna varð til þess að magna upp ójöfnuð enn frekar og framkalla aukið bil milli allra þrepa tekjustígans. Hátekjufólk naut meiri hækkunar sinna tekna umfram aðra í samfélaginu á sama tímabili, einkum í formi fjármagnstekna. Þetta eru niðurstöður Stefáns Ólafssonar, prófessors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, í nýrri rannsókn

sem byggir á fjölbættum gögnum frá Hagstofu Íslands, ríkisskattstjóra, Þjóðhagsstofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, auk erlendra samburðargagna.

Stefán segir einnig í grein sinni að skattleysismörkin séu sá þáttur skattkerfisins sem helst jafnar tekjuskiptinguna, þegar aðeins er eitt þrep í álagningunni, eins og nú er á Íslandi. Því hærri sem skattleysismörkin eru því meiri eru jöfnun-



STEFÁN ÓLAFSSON
PRÓFESSOR

aráhrif skatta við slíkar aðstæður.

„Ef skattleysismörkun munu ekki fylgja launavísitölu á næstu árum má að öðru óbreyttu búast við að enn lengra verði gengið í átt til aukins ójafnaðar á Íslandi. Nær öll vestræn ríki sem við berum okkur saman við hafa aukið jöfnunaráhrif skatt- og velferðarkerfa sinna til að milda þessi auknu ójafnaðaráhrif. Stefán á Íslandi var öndverð þessu“, segir Stefán.

Líkamsárás í Stapanum:

Maður skallaður í andlitið

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á sextugsaldri var skallaður í andlitið í Stapanum í Reykjanæsbæ aðfaranótt laugardagsins. Maðurinn rotaðist við árásina. Tildrög árásarinnar eru ókunn en lögreglan í Reykjanæsbæ rannsakar málið. Ekki er vitað hver árásarmaðurinn er. Auk þess gistu tveir menn um fertugt fangageymslur lögreglunnar í Reykjanæsbæ aðfaranótt laugardagsins. Mennirnir létu ófriðlega og veittust að fólki við veitingastaðinn Hápunktinn í Hafnargötu eftir að dryverðir staðarins höfðu meinað þeim inngöngu sökum ölvunar.

Fjögurra mánaða fangelsi: Dæmd fyrir margvísleg brot

DÓMSMÁL Kona á þrítugsaldri var í gær dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir margvísleg brot.

Hún var meðal annars ákærð fyrir misstóra bensinstuldi, þjófnað úr verslunum, þar sem hún hafði meðal annars tekið blómvönd, matvæli og fatnað ófrjálsri hendi. Jafnframt að hafa farið inn í íbúðarhúsnæði og tekið þar skartgrip og snyrtivörur að andvirði nær milljón króna. Loks var konunni gefið að sök að hafa sparkað tvívegis í aðra konu svo að hin síðarnefnda féll í gólfíð og hlaut nokkra áverka.

Auk fangelsisvistar dæmdi héraðsdómur konuna til að greiða bætur og skaðabætur, auk málskostnaðar samtals að upphæð rúmar 600 þúsund krónur.

Átta milljarða miðbær

Klasi hf. byggir nýjan miðbæ umhverfis Garðatorg í Garðabæ. Þar verða bæði íbúðir og verslanir og þjónustufyrirtæki. Áætlaður kostnaður er sjö til átta milljarðar króna. Hagkaupshúsið verður rífið og verslunin flutt að Hafnarfjarðarvegi.

SKIPULAGSMÁL „Þetta er eitt stærsta verkefni sem við höfum farið í, fyrr og síðar“, segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, um samning við Klasi hf. um uppbyggingu á nýjum miðbæ við Garðatorg.

Klasi kaupir Hagkaupshúsið af Karli Steingrímssyni og nálæga bensinstöð Shell auk þess sem Klasi fær frá bænum lóð við Hafnarfjarðarveg. Alls er áætlað að fyrir þetta greiði Klasi samtals ríflega 1.200 milljónir króna.

Alls verða byggðir um 31 þúsund fermetrar í kringum Garðatorg og að Hafnarfjarðarvegi. Þar af verða um 20 þúsund fermetrar í um 200 íbúðum en afgangurinn verslunar- og þjónustuhúsnæði. Heildarkostnaður er áætlaður sjö

til átta milljarðar króna. „Þarna erum við að skapa nýjan miðbæ frá a til ö. Þarna verða engar skyndilausnir eða bráðabirgðalausnir“, segir Gunnar. „Við höfum verið að þróa þessar hug-



NÝR MIÐBÆR Hugmynd bresku arkitektanna Neils Morris og Brents Katzin um nýtt Garðatorg.

MYND/MORRIS OG KATZIN



NÝ HAGKAUPSVERSLUN Núverandi Hagkaupsverslun á Garðatorgi verður rífin og verslunin flutt í nýja byggingu út við Hafnarfjarðarveg.

MYND/MORRIS OG KATZIN

myndir síðustu tuttugu mánuði í sátt og samlyndi við íbúa og hagsmunaaðila. Það er mikilvægt fyrir okkur að skapa hér hlýlegan og notalegan miðbæ.“

Að sögn Gunnars verða bensinstöðin og byggingin sem nú hýsir Hagkaup og fleiri fyrirtæki rífin til að rýma fyrir uppbyggingunni umhverfis torgið. En áður verði byggt nýtt hús fyrir Hagkaup út við Hafnarfjarðarveg.

Undir torginu verður bílakjallari sem bærinn mun eiga en Klasi mun eiga verslunarhúsin og sjá um rekstur þeirra. „Einu útgjöld bæjarins verða um 350 milljónir króna í bílakjallarann. Við borgum það upp með fasteignagjöldunum á um tíu árum“, segir Gunnar.

Að sögn bæjarstjórans er gert ráð fyrir því að Hagkaup verði flutt í nýja húsið á miðju ári 2008. Byggðin í kringum torgið verði

svo risin á fyrri hluta árs 2010.

„Klasi mun í samvinnu við þá sem fyrir eru og nýja aðila raða inn í verslunarrýmið á sem hagkvæmasta hátt til þess að verslun og þjónusta gangi hér upp. Það er snilldin í þessu því Klasi kann að setja saman það sem gengur upp“, segir Gunnar og vísar þar til aðkomu Klasi að skipulagi Kringlunnar meðal annars.

gar@frettabladid.is



GUNNAR EINARSSON Bæjarstjóriinn í Garðabæ segir mikilvægt að skapa hlýlegan og notalegan miðbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílvelta á Vesturlandsvegi

Bílvelta varð á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi aðfaranótt laugardagsins. Karl og kona voru í bílnum og hlutu þau skrámur í veltunni. Ökumaðurinn gisti fangageymslur vegna gruns um ölvunarakstur.

Ölvaður við umferðarstjórn

Karlmaður á fertugsaldri tók að sér umferðarstjórn í Austurstræti fyrir helgi. Lögreglan mætti á svæðið og handtók manninn. Að sögn lögreglunnar var maðurinn ansi vel við skál.

Var þetta ekki notað til að merkja sauðfé?



» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á kokka.is þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafnar í ró og næði.

kokka
laugavegi 47

Tökum við þöntunum til 19. desember.

laugavegi 47, opið mán.-lau, 10-22, sun. 13-22 www.kokka.is kokka@kokka.is

Íslenskt fyrirtæki byggir tíu skóla og íþróttamiðstöð í Skotlandi:

Nýsir gerir 15 milljarða samning

VIÐSKIPTI Íslenska fyrirtækið Nýsir hf., hefur hreppit fimmtán milljarða króna samning um að byggja tíu skóla og eina íþróttamiðstöð í Aberdeen í Skotlandi. Nýsir mun einnig reka mannvirkin í 30 ár en þetta er í fyrsta skipti sem Nýsir sigrar í samkeppni um verkefni erlendis.

Verkefnið felst í að byggja sjö nýja grunnskóla, endurbýggja einn grunnskóla, byggja tvo nýja framhaldsskóla og endurbýggja eina íþróttamiðstöð. Áætlaður stofnkostnaður verkefnisins er um 15 milljarðar íslenskra króna. Skólarnir verða byggðir á árunum 2007-2009 og leigðir Aberdeenborg í 30 ár.

Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsis, segir að ákveðið hafi verið að leita verkefna erlendis sökum þess að fá verkefni hafi verið framundan á Íslandi. „Fyrirtækið hefur boðið í tvö önnur verkefni í Skotlandi að undanförunu en nú var tilboði fyrirtækisins loks tekið. Þetta verkefni er afar mikilvægt fyrir rekstur Nýsis og tekjurnar verði á bilinu einn til tveir milljarðar króna á ári eftir að uppbyggingunni lýkur.“



VÆNTANLEGT ÚTLIT Nýsir hefur tryggt sér uppbyggingu skólamannvirka í Skotlandi fyrir 15 milljarða.

Rekstur bygginganna verður í höndum fasteignastjórnunarfyrirtækisins Operon, sem er í meirihlutaeigu Nýsis UK Limited, dótturfyrirtækis Nýsis hf. Skólarnir eru teiknaðir af VA Arkitektum og Á stofunni.

- shá



JÓLALESTIN Jólaveinarnir í Jólalestininni gáfu börnum á Laugaveginum nammi í tilefni jóllanna.

Gáfu börnunum nammigott: Laugaveginum lokað um tíma

FÓLK Laugaveginum var lokað á þriðja tímanum í gær vegna Jólalestar fyrirtækisins Víkurverks sem rúntaði niður götuna. Í Jólalestininni voru fimm hjólhýsi sem var pakkað inn í gjafapappír í tilefni jóllanna og inn í þeim voru jólasveinar sem gengu um og gáfu börnum sælgæti.

Lögreglan í Reykjavík aðstoðaði Víkurverk við uppþækið og stöðvaði umferð niður Laugaveginum í fimm mínútur á meðan jólaveinarnir gáfu börnunum nammigöttið fyrir utan Bónus í Kjörgarði. Að sögn Kristínar Jónsdóttur sölustjóra Víkurverks sýndu vegfarendur mikla þolinmæði og segir hún jólastemninguna hafa verið í algleymingi.

- ifv

Fáskrúðsfjarðargöng:

Bíllinn ónýtur eftir óhappið

LÖGREGLUMÁL Breyttur pallbill valt í Fáskrúðsfjarðargöngum á föstudaginn. Tildrög óhappsins eru þau að það sprakk á vinstra framhjól bílsins og missti ökumaðurinn við það stjórn á honum þannig að hann lenti á hliðinni í miðjum göngunum. Göngin voru lokað í um tuttugu mínútur á meðan beðið var eftir tækjum til að fjarlægja bílinn. Ökumanninn og hund sem var í bílnum, sakaði ekki í veltunni.

Bíllinn er ónýtur eftir óhappið að sögn lögreglunnar á Fáskrúðsfirði.

- ifv

首家登陸中國的冰島銀行

FYRSTIR Í KÍNA

Glitnir opnaði nýverið skrifstofu í **Shanghai í Kína** og er fyrstur íslenskra banka til þess að hefja starfsemi þar í landi.

Meginhlutverk skrifstofunnar er að veita almenna fjármálaþjónustu á áherslusviðum bankans á alþjóðlegum mörkuðum.

Íslensk fyrirtæki sem erlend njóta nú góðs af traustum samstarfsaðila í verkefnum sínum í Kína.

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN
ER OKKAR VERKEFNI**

www.glitnir.cn

GLITNIR

VEISTU SVARID?



1. Hvað starfa margir íslenskir læknar erlendis?
2. Hvað fær Víkin - Sjómínjasafnið í Reykjavík háan styrk frá ríkinu?
3. Hvað heitir forsætisráðherra Spánar?

SVÖR Á BLAÐSÍÐU 58

Rannsókn lögreglunnar á Ísafirði á dreifingu eiturlyfja á Vestfjörðum:

Tveir teknir vegna fíkniefna

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir í vikunni, annar á Ísafirði og hinn í Reykjavík, vegna rannsóknar lögreglunnar á Ísafirði á ætlaðri fíkniefnadreifingu á norðanverðum Vestfjörðum undanfarnar vikur og mánuði.

Á miðvikudag lagði lögreglan á Ísafirði hald á fimmtíu grömm af hassi hjá rúmlega tvítugum manni í bænum. Sá maður var í haldi í sólarhring vegna gruns um fíkniefnamisferli, sem var til rannsóknar hjá lögreglunni á Ísafirði. Maðurinn er grunaður um að hafa sótt fíkniefni, nokkuð meira magn en lagt var hald á, til Reykjavíkur nýlega og flutt þau til Ísafjarðar í

þeim tilgangi að selja þau þar og í nágrenni. Lögreglan á Ísafirði naut aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík, en þar var annar karlmaður handtekinn og yfirheyrður vegna sama máls. Sá maður er grunaður um að hafa komið að efnisöfluninni.

Maðurinn, sem lögreglan á Ísafirði var með í haldi, hefur ekki áður komið við sögu vegna fíkniefnamála. Honum var sleppt lausum í fyrrakvöld. Hins vegar hefur maðurinn, sem lögreglan í Reykjavík yfirheyrði, áður komið við sögu vegna fíkniefnamála. Honum var sleppt í fyrradag. Málið telst vera upplýst.

- jss



ÍSAFIJÖRÐUR Lögreglan á Ísafirði naut aðstoðar Reykjavíkurlögreglu við rannsókn málsins.

Heilbrigðismál:

Konum í lækna-stétt fjölgar

HEILBRIGÐISMÁL Hluttur kvenna í lækna-stétt hefur farið vaxandi undanfarnar ár. Á aldursbilinu 40-70 ára eru rétt tæp 80 prósent stéttarinnar karlmenn. Á yngra aldursbilinu, 26-39 ára, hefur hlutfall karlmanna lækkað niður í tæp 60 prósent á móti rúmlega 40 prósentum kvenna. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu um vinnuafli í heilbrigðis-kerfinu. Ef kynjaskipting námsmanna í læknisfræði, sjúkrahjálfun og hjúkrunarfræði er borin saman kemur í ljós að hluttur karla í hjúkrunarnámi er 3 prósent, 23 prósent í sjúkrahjálfun en 42 prósent í læknisfræði. - hs

Atvinnuleysi:

1,1 prósent í nóvember

VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi mældist 1,1 prósent af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í nóvember. Skráðir atvinnuleysisdagar á landinu öllu voru tæplega 38.500 dagar. Til samanburðar mældist atvinnuleysi 1,5 prósent í nóvember í fyrra en eitt prósent í október síðastliðnum. Atvinnuleysismælingin í nóvember jafngildir því að tæplega 1.750 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisráði í nóvember. - ghs

REYKJAVÍK

Vilja líkamsræktartækni

Hverfisráð Laugardals segist hafa fengið upplýsingar frá íþrótt- og tómstundaráði borgarinnar um það að ráðið hafi annast uppsetningu og viðhald líkamsræktartækja á Klambartúni og vill að ráðið sjái líka um uppsetningu slíkra tækja í Laugardal.

Bresk rannsókn um heilsu eldri karlmanna:

Hættumerki að skreppa saman

HEILSA, AP Ný bresk rannsókn á eldri karlmönnum hefur sýnt fram á að þeir sem skreppa saman um 2,5 sentimetra eða meira á tuttugu ára tímabili eru líklegri til að deyja fyrr en hinir. Þeim er jafnframt hættara við að fá hjartasjúkdóma.

Tengsl minnkandi hæðar og heilsu hafa lítið verið könnuð hingað til, en þau gæti „vel verið annað merki um versnandi heilsu eldra fólks“, sagði Goya Wannamethee, faraldsfræðingur við Royal Free & University College læknaháskólann í London, en hún var ein þeirra sem stóð að rannsókninni.

Flestir karlmenn sem lækka með aldrinum, þjáast einnig af öðrum merkjum hrörnunar, svo

sem minnkaðri hreyfigetu, þyngdarmissi, andnaud og öðrum kvillum, til dæmis gigt. Vísindamennirnir ráðleggja miðaldra körlum að stunda líkamsrækt til að viðhalda vöðvunum sem nauðsynlegir eru til að standa uppréttir. Önnur rannsókn hefur sýnt fram á að jóga geti hjálpað konum að vinna gegn hæðarmissi og má draga þá ályktun að hið sama eigi við um karlmenn.

Rúmlega 4000 breskir karlmenn tóku þátt í rannsókninni. Þeir voru fyrst mældir seint á áttunda áratugnum, þegar þeir voru á aldrinum 40 og 59 ára, og svo aftur tveimur áratugum síðar. Þá höfðu um 15 prósent karlanna styst um þrjá sentimetra eða meira.

- smk



VARAR VIÐ AFLEIÐINGUM Lech Kaczynski, forseti Póllands, á blaðamannafundi í Brussel á föstudag. Hann segir kröfugerð þýsku samtakanna „hrinda af stað mjög hættulegri atburðarás“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kröfugerð Þjóðverja æsir Pólverja

Fámenn samtök Þjóðverja sem áttu eignir á landsvæðum sem gefin voru Póllandi eftir stríð hafa skotið kröfugerð sinni til Mannréttindadómstóls Evrópu. Kröfugerðin veldur Pólverjum miklu hugarangri.

BERLÍN, AP Samtök sem kalla sig „Prússneska umboðsnefndin“ og segjast gæta hagsmuna Þjóðverja sem flæmdir voru burt af landar- og fasteignum sínum á landsvæðum sem gefin voru Póllandi eftir síðari heimsstyrjöld, hafa skotið kröfugerð sinni til Mannréttindadómstóls Evrópu, á þeim grundvelli að eignasviptingin og brottreksturinn hafi verið brot á Mannréttindasáttmála Evrópu. Farið er fram á að eignunum verði skilað eða skaðabætur greiddar fyrir þær, að því er talsmaður samtakanna, Gerwald Stanko, tjáði AP á föstudag.

Þótt samtökin séu alger jaðarhópur og hafi ekki umboð til að tala fyrir munn nema mjög lítils hluta þeirra milljóna Þjóðverja sem þurftu að flýja heimkynni sín í því sem áður voru austurhérauð Þýskalands – en aðeins um eitt þúsund manns standa að baki „Prússnesku umboðsnefndinni“ – þá veldur kröfugerð hennar gríðarlegum hugaræsingi meðal Pólverja, enda hafa pólskir fjölmiðlar verið ósparir á fréttaflokkning af málinu. Hinn þjóðnissinnaði forseti Póllands, Lech Kaczynski, sagði að



„PRÚSSNESKA UMBOÐSNEFNDIN“ Dyrabjalla hins umdeilda félags í Düsseldorf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kröfugerðin myndi „hrinda af stað mjög hættulegri atburðarás“.

Þýsk stjórnvöld hafa gefið mjög skýrt til kynna að þau styðji ekki kröfur samtakanna og sameiginleg lögfræðinganefnd beggja ríkisstjórna komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru lagalegar forsendur fyrir kröfum um slík eignaskil. Þá hafa regnhlífarsamtök brottflæmdra í Þýskalandi, Bund der Vertriebenen (BdV), ítrekað lýst því yfir að þau hafi ekkert með athafnir „Prússnesku umboðsnefndarinnar“ að gera. „Við höfum lýst vanþóknun okkar á þessu ótal sinnum“, sagði Erika Steinbach, forseti BdV, en hún á einnig sæti á þýska Sambandsþinginu. - aa

VÍNSKÁPAR

Eigum á lager fáeina glæsilega og vandaða vínskápa sem við bjóðum nú á **einstöku tilboðsverði**.

TILVALIÐ FYRIR VEITINGAÐS OG VEL BUIN HEIMILI!

**HELKAMA Vínskápur C4W**

Tekur 75 flöskur
Glerhurð og læsing
Stíllanlegar tréhillur
Hitastig frá 5 C° til 17 C°
Hæð: 190 x Breidd: 59,5 x Dýpt: 66,5 cm
Verð: ~~89.900 kr.~~

Tilboðsverð: 71.000 kr.

HELKAMA Vínskápur C165W

Tekur 36 flöskur
Glerhurð og læsing
Stíllanlegar tréhillur
Hitastig frá 5 C° til 17 C°
Hæð: 90,5 x Breidd: 55 x Dýpt: 60,2 cm
Verð: ~~59.900 kr.~~

Tilboðsverð: 45.000 kr.


Akjósanlegt hitastig – og gæði vinsins eru gulltryggð.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:
Björgvin Ingvason – bjorgvin@vorukaup.is
Eggert Marínósson – eggert@vorukaup.is

vörukaup ehf

Hágæða vörur fyrir kæli- og frystiðnaðinn í 30 ár.

Dalvegi 16a · Kópavogi · Sími 561 2666



TINDRANDI JÓL MEÐ HELENA RUBINSTEIN

GÆÐI OG GLÆSILEIKI Í FYRIRRÚMI



Life Pearl Cellular 50 ml krem fyrir þroskaðar konur. Tækniundur í perluformi sem endurnýjar frumstarfsemi húðarinnar. Hámarksnæring. Þéttari húð. Vinnur á brúnum blettum. Í HR „Beauty-boxi“ ásamt mini Wanted Rouge varalit og Prodigy hreinsi 5 ml.

Verð: 20.600 kr. – verðmæti 24.000 kr.



Prodigy krem 50 ml lífsins elixir, alhliða orka gegn öldrun, ásamt Prodigy hreinsi 30 ml og augnkremi 5 ml í HR „Beauty-boxi“ Með þessu verðlaunakremi verður húðin mýkri, þéttari, húðlitur jafnari og ljómandi og húðin rakafyllt.

Verð: 12.800 kr. – verðmæti: 17.480



Collagenist EYE ZOOM augnkrem 15 ml sem vinnur gegn baugum, dregur úr línum og hrukkum og lyftir ásamt mini varalit í buddu.

Verð: 4.600 kr. – verðmæti: 5.850 kr.



Color Clone sólarpúður sem gefur gullinn sólarross, ásamt tvöföldu varaglossi og rakakremi 15 ml í kvöldtösku.

Verð: 3.980 kr. – verðmæti: 9.600 kr.



Color Clone farði 30 ml, rakagefandi farði sem líkir eftir lit og áferð fullkominnar húðar í kvöldtösku ásamt 15 ml rakakremi. Alltaf rétti tónninn, engar misfellur, og ekki eins og þú sért með grímu – þetta skilar sér í lýtlausri fördum allan daginn.

Verð: 3.460 kr. – verðmæti: 6.500 kr.



C Genius krem 50 ml, fullt af C vítamíni sem frískar húðina og fegrar litarháttinn ásamt því að örva frumuendurnýjun. Í kvöldtösku ásamt All mascara augnhreinsi 50 ml, Wanted jólavaralit og mini Lash queen maskara.

Verð: 6.700 kr. – verðmæti: 11.800 kr.



Hydra Genius krem 50 ml sem rakanærir húðina og gefur henni fullkomna áferð ásamt All mascara augnhreinsi 50 ml, mini Wanted varalit og mini Lash Queen maskara í HR kvöldtösku.

Verð: 4.960 kr. – verðmæti: 8.570 kr.



Collagenist Intense Fill krem 50 ml gefur „áhrif Collagens – án sprautunnar“, fyllir hrukkunar strax og styrkir húðina. Í kvöldtösku ásamt næturkremi 15 ml og Color Clone farða 5 ml.

Verð: 7.120 kr. – verðmæti 11.760 kr.

Öll verð eru viðmiðunarverð. Ath. að Helena Rubinstein útsölustaðir geta boðið önnur verð.

Útsölustaðir:

Ársól Efstalandi 26 Grímsbæ – Snyrtivöruverslunin Glæsibæ – Hagkaup Kringlunni – Hygea Kringlunni – Lyf & heilsa Kringlunni – Lyf & heilsa Melhaga Mist Spönginni 23 - Andorra Strandgötu 31 Hafnarfirði – Debenhams Smáralind Kópavogi – Hygea Smáralind Kópavogi - Bjarg Stillholti 14 Akranesi GK snyrtistofa Þverholti 2 Mosfellsbæ – Hilma Garðarsbraut 26 Húsavík – Jara Hafnarstræti 104 Akureyri – Konur & Menn Hafnarstræti 9 Ísafirði Miðbær Miðstræti 14 Vestmannaeyjum – Myrri Austurvegi 4 Selfossi

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

ÞEGAR MEÐFERÐIN BREYTIST Í MARTRÖÐ

Kompás fjallar um það sem gerist á bak við luktur dyr hjá líknaranum í Byrginu

STRANGLEGA BANNAÐ BÖRNUM



KOMPÁS Í KVÖLD
Á NÝJUM TÍMA KL. 22:25



HANGIKJÖT OG MEÐLÆTI Árlegur jólahádegisverður var snæddur á Múlalundi nú á föstudaginn var og létu starfsmenn og gestir vel af matnum.

Félagsmálaráðherra borðaði jólamat með starfsfólki Múlalundar:

Hagnaður í góðum mannaúði

SAMFÉLAGSMÁL Árlegur jólahádegisverður var snæddur á Múlalundi nú í fyrradag. Á boðstólum var dýrindis hangikjöt með tilheyrandi meðlæti. Starfsmenn og gestir renndu kræsingunum niður með malti og appelsíni og allir voru í jólaskaði. Búið var að skreyta borðsalinn og sumir mættu í skárri fötunum í tilefni jólamáltíðarinnar. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra heiðraði starfsmenn Múlalundar með nærveru sinni ásamt Ragnheiði Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra.

Á Múlalundi starfar fólk sem á við ýmiss konar fötlun að stríða og þar starfa um 34 einstaklingar í fimmtíu stöðugildum. Múlalundur framleiðir meðal annars bréfabindi, plastmöppur og dagbækur og er hann einn stærsti og elsti



FÉLAGARNIR EINAR MATTHÍASSON OG INGÞÓR HRAFNKELSSON

verndaði vinnustaður landsins.

Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar, segir peningalegan hagnað ekki vera meginmarkmið rekstrarins heldur að skapa sem flestum vinnu sem ekki gangi heilir til skógar. „Hagnaðurinn felst í því að skila sem flestum út á vinnumarkaðinn og á þessu ári hefur Múlalundur skilað fimmtán manns í vinnu eða skóla. Þarna er um milljóna hagnað að ræða en það vantar bara gjaldeyri til að meta það.“

Helgi segir nokkra bið eftir að komast að á Múlalundi og að færri komist að en vilja. „Mikil endurhæfing er fólgin í því að geta stundað vinnu við sitt hæfi og besta jólagjöfin sem hægt er að gefa fötludum er að kaupa framleiðsluvörur Múlalundar.“ Nú fer sá tími í hönd að fyrirtæki og stofnanir fara að huga að dagbókum fyrir starfsfólk sitt og skiptir miklu fyrir Múlalund að fá til sín sem flesta viðskiptavinum.

Ingibjörg Sæmundsdóttir er starfsmaður í eldhúsi Múlalundar og hefur hún starfað þar í rúm tuttugu ár. „Mér líkar vel í vinnunni og ætla að vera hér áfram,“ segir Ingibjörg en bætir við að það verði gott að komast í jólafrí.

Einar Matthíasson hefur starfað hjá Múlalundi síðan árið 1988. „Að vinna hér hefur mikið félagslegt gildi fyrir mig og starfið er tengiliður við það sem hægt er að kalla eðlilegt líf.“ Einar segir Múlalund góðan kost fyrir fólk sem á erfitt með að vinna á almennum vinnumarkaði. „Hér eru gamlir og nýir starfsmenn í bland og mórallinn er góður. Einar var ánægður með jólamatinn og sagði ákveðna stemningu felast í þessari máltíð. Einar er farinn að hlakka til jólanna og segist ætla að nota hátíðarnar til að lesa og hvíla sig.

- hs



INGIBJÖRG SÆMUNSDÓTTIR

Postulín sem gleður – Pillivuyt

Ný sending!
Skoðið úrvalið í verslun okkar að Réttarhálsi 2



- Einstök hönnun
- Mikið úrval
- Frábær ending




Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Tuncle RVE20

Ný kynslóð Gravity Zero PillowTop



Stillanlegt-tilboð 2x90x200
Vaxtalaust

16.400,-
meðalgr. á mán. 36 mánuði

38.874,-
á mán. 12 mánuði

448.900,-
áður 523.264

Hlíðardýna og lak fylgir



Jólagjafirnar fást hjá okkur



Tempur inniskór
Jólatilboð

7.700,-
Áður kr. 9.926,-

22%
afsláttur



Original heilsukoddi
Jólatilboð

7.990,-
1 stk. 15% afsl.

15.000,-
2 stk. 20% afsl.



Hitajöfnunarsæng 140x200
Jólatilboð

24.900,-
Áður kr. 30.550,-

18,5%
afsláttur



Glæsilegt
jólatilboðsblað
Betra Baks
komið út!

Opið alla daga til jóla

Laugardaginn 16. des. frá kl. 11 til 18

Sunnudaginn 17. des. frá kl. 13 til 18

Mánudaginn 18. des. til fimmtudagsins 21. des. frá kl. 10 til 19

Föstudaginn 22. des. frá kl. 10 til 22

Þorláksmessu 23. des. frá kl. 10 til 23

Aðfangadag frá kl. 10 til 12

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Rasisminn er ekki vandi þeirra lituðu og aðfluttu. Hann er vandi okkar sjálfra:

Yfirburðir hvíta kynstofnsins

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Hópur ungra karlmannna fer um og áreitir jafnaldrana sína á almannaferi þangað til þolinmæði þeirra brestur og orðaskipti leiðast í handalögmál og ofbeldis. Orsökinn er óljós, segir lögregla. Eineltisbragurinn á átökunum blasir við. En við bætist að deiluaðilar eru af tveimur kynþáttum, tala tungumál svæðisins með ólíkum hreim.

Deilan á sér djúpstæðan grunn í kynþáttahatri – rasisma. Óvild í garð útlendinga er landlæg í Evrópu. Þegar héraðsbönd hins staða og forna landbúnaðarsamfélags bresta og íbúar fara á flakk um löndin vex hún hratt ef jarðvegur er frjór: samfélagið hefur um langa hrif gengist upp í eigin ágæti og sérstöðu fyrir atbeina og orðræðu þjóðrembumanna og lýðskrumara. Ef hallar á einhvern hóp samfélagsins eykst hættan á að upp spretti aðgangsharðar klíkur sem eiga það eitt haldreipi í lífinu að þeim séu ein örlög búin í ljósi litarháttar, lífshátta, menntunarleysis.

Að undanförunu hafa borist hingað upp fréttir af íslenskum karlmönnum sem lenda í átökum við danska jafnaldrana sína. Stundum rata slíkar fréttir í fjölmiðla, stundum ekki. Danskt samfélag býr við þær aðstæður nú að rasismi veður þar uppi. Sömu sögu er að segja í Þýskalandi, Frakklandi, Póllandi og víðar um Evrópu. Andúðin beinist að nánast hverjum þeim sem er aðkominn í þessum löndum, jafnvel þó hann hafi alið þar allan sinn aldur og sé af innflytjendum í þriðja lið.

Landnemahjód eins og Íslendingar fer ekkert varhluta af þessu, jafnvel þó hún reki upphaf sitt til fólksflóttu úr þéttbýlum löndum og eigi bæði keltneskan og norrænan uppruna. Jafnvel þótt hingað hafi frá alda öðli drifið fólk víða að: Englendinga, Frakka, Hollendinga, Norðmenn, Færeyinga, Þjóðverja og gyðinga. Allt það fólk hefur gengið inn í íslenskt samfélag og auðgað okkar rann. Sumt hefur haldið áfram leit sinni að heimahögum, annað horfið inn í þjóðarbrotin sem hér settust að í upphafi.

Óg á síðari tímum hafa komið hingað menn frá Suðaustur-Asíu, Serbar, fólk af persneskum stofni og arabískum. Jafnvel þeldökkir menn, þó rasisminn íslenski standi svo djúpum rötum að rétt hálf öld sé liðin frá því blökkumönnum var bannaður aðgangur að veitingastöðum í Reykjavík og stjórnmöld óskuðu sérstaklega eftir því við ameríska herinn, að hér væru ekki þeldökkir menn – og jafnvel hinir hefðu ekki nema takmarkaðan aðgang um landið sem þeir áttu að verja.

Fyrir rúnum tveimur áratugum þegar rasistar í Bretlandi svöluðu lund sinni með því að hella bensíni inn um bréfalúgur fólks sem átti ættir að rekja til Indíalanda og bera eld að, sagði Salmon Rushdie sem þá var óþekktur höfundur í heiminum, að vandinn væri ekki þeirra lituðu: rasisminn væri vandi okkar, þeirra hvítu, heimamanna gömlu Evrópu. Og enginn gæti leyst þann vanda okkar nema við sjálf.

Óg næstu dægrin þegar við höfum hátt um kristið innræti okkar er þess hollt að minnast að í jólaguðspjallinu er greint frá fæðingu barns sem er af heimilislausu flóttafólki komið, fólki sem bjó í her-setnu landi þar sem ríkur rasismi skildi að kynþætti.

Sjálf verðum við að þreifa í vitund okkar eftir þeim hugmyndum sem ala af sér andúð á öðrum kynþáttum, andúð á öðrum, skilja hvernig við mismunum fólk eftir litarhætti og svokölluðu þjóðerni.

Það er okkur hollt svo við skiljum betur hvernig við mismunum hvort öðru eftir kyni, aldri og félagslegri stöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Gull & Demantar


Demantur úr íðrum jarðar

ÍVAR & ÍVAR BJÖRN
GULLSMÍÐIR OG LETURGRAFARAR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 2, Sími 562-2222

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lýsti kostum Dags

Nokkurs titrings varð vart eftir að Björn Ingi Hrafnsson hvatti Dag B. Eggertsson til að gera ráðningarsamning sinn við Háskólann í Reykjavík opinberan. Dagur gæti þá eytt óvissu um hvort hann nyti betri kjara eftir að hafa úthlutað skólanum dýrmætri lóð í tíð sinni sem formaður skipulagsnefndar. Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti skólans, brást hart við og sagði Dag ekki hafa notið þessa í kjörum sínum. Sama Inga Dóra sá ástæðu til að lýsa kostum Dags í kosningabæklingi hans fyrir síðasta prófkjör Samfylkingarinnar í borginni, en hún hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir



Sjálfstæðisflokkinn og studdi Guðlaug Þór Þórðarson í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

Vond tímasetning

Nokkrir sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt skýrslu sem Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, lét gera um fátækt barna á Íslandi. Segja þeir framsetninguna villandi og gefa ranga mynd af stöðu barna á Íslandi. Með sömu aðferðafræði yrðu fleiri börn sjálfkrafa flokkuð fátæk af því einu að Björgólfur Thor Björgólfsson flytti lögheimilið sitt til Íslands. Hann myndi toga miðgildi tekna upp. Einnig segja þeir tímasetninguna vonda því skýrslan var tilbúin í sumar og þá hefði átt að kynna hana. Nú sé of stutt í kosningar.

Erla í framboð

Nú er verið að leggja lokahönd á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hefur kjörnefnd verið að raða framboðendum í neðri sætin á eftir þeim sem náðu bindandi kosningu í prófkjörinu. Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar, mun að öllum líkindum taka sjöunda sætið í öðru kjördæminu sem þýðir varapeningmannsæti. Telja flestir að hún hafi staðið sig vel í formannshlutverkinu og leitt öfluga hugmynda-baráttu, sem hafði farið lítið fyrir tvö árin þar á undan. Þetta sé því vel valið hjá kjörnefnd.



Fátækt barna

Það er ekki oft sem ég sé ástæðu til að hrósa þingmönnum Samfylkingarinnar, en það er sjálfsagt að gera það þegar það á við. Beiðni þeirra um skýrslu um fátækt barna var góð, því auðvitað eiga að liggja fyrir töluleg gögn um þetta mikilvæga mál. Stjórnmöld verða að reyna að meta með reglulegum hætti hversu mörg börn búa við fátækt, hvaða þjóðfélagshópar þurfa á mestri aðstoð að halda og hvernig best er að veita aðstoð til þeirra sem á henni þurfa að halda. Í skýrslu forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra kemur fram að gagnasöfnunin og úrvinnsla gagna hafi verið mjög tímafrek vegna þess að um var að ræða frumvinnslu. Það má vænta þess að framvegis verði um reglubundna mælingu að ræða og þannig fengið mat á það hvernig okkur gengur að berjast gegn fátækt í landinu, einkum fátækt barna.



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Velferð

lega. En það er jafnframt ástæða til að skoða hvað hefur verið gert til að lækka þetta hlutfall frá árinu 2004 og eins er nauðsynlegt að hafa í huga aðrar niðurstöður sem finna má í skýrslunni.

Í fyrsta lagi kemur það fram í skýrslunni að ef ekki kæmu til aðgerðir í skatta – og bótamálum myndi fátækt barna mælast yfir 12%. Barnabætur leika stórt hlutverk í því að ná þessu hlutfalli niður um helming. Það skiptir því miklu máli að frá árinu 2004 hafa barnabætur verið hækkaðar mjög mikið sem og tekjuskeringarmörk barnabótanna. Þessar aðgerðir skiptir miklu máli og þegar hún verður öll kominn til framkvæmda þá er ekki vafi á því að hlutfall barna sem býr við fátækt mun lækka verulega.

Í öðru lagi er sú staðreynd leidd fram í skýrslunni að aukinn kaupmáttur allrar þjóðarinnar á árunum 1994 til 2004 hefur leitt til þess að reiknuð fátæktarmörk hafa hækkað um allt að 50% á þessu tímabili. Árið 1994 bjuggu 6% barna við fátækt samkvæmt þessari mæliaðferð. Tíu árum síðar er hlutfallið óbreytt en hagur þeirra sem minnst eiga hefur batnað umtalsvert. Fyrir þá sem hafa úr minnstu að spila er þetta kannski mikilvægast. Hvort sem fátækt er mæld með þessari aðferðinni eða hinni þá hlýtur það að skipta mestu

máli að þeir sem eru fátækir hafi nú úr meiru að spila en fyrir 10 árum síðan. Þessi staðreynd dregur hins vegar ekkert úr mikilvægi þess verkefnis að berjast áfram gegn fátækt, en það er mikilvægt að átta sig á þessu. Mæliaðferðin sem stuðst er við felur í sér þá skekkju ef svo má að orði komast að þó allri þjóðinni vegni vel, þó tekjur allra hækki verulega á ákveðnu tímabili, þá mælast jafn margir fátækir áfram. Þetta skekkir til dæmis allan alþjóðlegan samanburð.

Í þriðja lagi var jákvætt að sjá í þessari skýrslu að samfélagið okkar virðist hafa þann mikla kost að barnafjölskyldur festast ekki í fátækt. Hópurinn sem mældist fátækur árið 2000 var skoðaður sérstaklega og síðan kannað hversu margar fjölskyldur sem voru í þeim hópi það ár voru það ekki árið 2004. Í ljós koma að ¾ þeirra fjölskyldna sem töldust fátækar árið 2000 voru það ekki lengur árið 2004. Hörmulegt hefði verið ef það væri svo í okkar samfélagi að fátækar barnafjölskyldur ættu engan möguleika á því að vinna sig út úr fátækt.

Skýrslan varpar ljósi á hvaða hópar barnafólks það eru sem líklegastir eru til að búa við fátækt á hverjum tíma, hún er því gagnlegt innlegg í baráttunni gegn fátækt í landinu. Í þeirri baráttu skiptir miklu að beina aðstoð hins opinbera í rétta farveg þannig að skattfé nytist sem best. En mestu skiptir að efnahagslífið sé öflugt, atvinnuleysi lágt og að laun og kaupmáttur vaxi jafn og þétt. Það ásamt öflugum menntakerfi eru bestu leiðirnar sem við höfum til að búa til samfélag þar sem öll börn hafa jöfn tækifæri í lífinu, óháð efnahag foreldra þeirra. Að því marki eigum við að stefna.

Lausnarorðið er frelsi

UMRÆÐAN

Lausnir

Margir halda að þeir sem berjast fyrir minnkandi ríkisafskiptum og lægri sköttum séu að bjóða upp á einhverjar „lausnir“. Þetta er misskilningur sem er þveröfugur við hitt sem rétt er. Frjálshyggjumenn boða engar lausnir. Þeir vilja bara samfélag þar sem þeir sem hafa lausnirnar fá frelsi til að prófa þær. Slík er ekki raunin þegar stjórnmálamenn, með sköttum og lögum, neyða alla til að samþykka sínar lausnir.

Þetta má útskýra með dæmi: Frjálshyggjumenn vilja að rekstri skóla verði komið á hinn frjálsa markað (og að skattar lækki og hamlandi skilyrðum og reglum á rekstri skóla fækki). Þetta þýðir samt ekki að frjálshyggjumenn sem lýsa þessari skoðun sinni hafi nokkuð vit á rekstri skóla eða menntun nemenda yfirleitt. Frjálshyggjumenn vilja einfaldlega að skólakerfinu sé komið í hendur þeirra einstaklinga sem kunna að bjóða upp á góða menntun á hagstæðum kjörum, og að foreldrar komist í stöðu kröfuharða neytandans sem getur beint viðskiptum sínum þangað sem þeim er mætt.

Allt tal um „lausnir“ frjálshyggjumanna er þess vegna tóm tal. Þótt frjálshyggjumenn, eins og aðrir, hafi oft ákveðnar hugmyndir um hvernig á að gera hitt og þetta þá er ekkert heilagt við uppástungur þeirra.



GEIR ÁGÚSTSSON

Einstaklingur á hinum frjálsa markaði finna lausnir sem virka með því að prófa sig áfram í samkeppni við aðra, og á endanum verða þær hagkvæmastu og bestu ofan á. Undantekningalaus uppfylla slíkar lausnir kröfur neytenda enda væri enginn rekstrargrundvöllur fyrir þeim öðruvísi. Þeir sem uppfylla ekki kröfur neytenda fara á hausinn.

Þessu er þveröfugt farið þegar rekstur er í höndum hins opinbera. Opinber fyrirtæki fara ekki á hausinn á meðan ríkisvaldið hefur vald til að innheimta skatta.

Ílla rekin ríkisfyrirtæki og -stofnanir þrífast eingöngu í umhverfi sem hið opinbera heldur hlífiskildi yfir. Þótt dæmi séu um vel rekin ríkisfyrirtæki þá eru þau undantekningar frá reglunni. Vel rekin ríkisfyrirtæki eiga að einkavæðast og fá frelsi til að sanna sig á hinum frjálsa markaði. Þau eiga að fá að vera laus undan endalausri afskiptasemi stjórnmálamanna sem hafa engra persónulegra hagsmuna að gæta í rekstri þeirra. Ílla rekin fyrirtæki, hvort sem þau eru í eigu ríkis eða einkaaðila, eða að fá að fara á hausinn. Neytendum öllum væri gerður stór greiði með því.

Frjálshyggjumenn segja gjarnan að lausnarorðið sé frelsi. Sjálfar lausnirnar hafa þeir hins vegar ekki. Þær finnast af fólki sem dýfir hönd í kalt vatn og prófar hæfileika sína og hugmyndir á hinum frjálsa markaði.

Höfundur er stjórnamaður í Frjálshyggjufélaginu og starfar sem verkfræðingur í Danmörku

Euopris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Ódýrt var það
og enn lækkar það

50%

afsláttur
af völdum jólavörum



pr. stk
159

KUBBAKERTI

• Fleiri litir



FRÁ **199**

RAUÐ KERTI

• 10 í pk, kr 199
• 24 í pk, kr 359



385

ÚTIKERTI

• Stór



2490

JÓLATRÉSFÓTUR - SUPERGRIP

• Fyrir allt að 2,3 metra há tré með
4-11 cm sveran trjábol



129

KERTI Á LEIÐI

• 2 í pk



pr. pk
79

KAFFI - 250 GR

• Fin-/grófmalað
• Kaffipokar 1x4, 200 stk,
kr 199

JÓLATRÉSSALA
á lifandi trjám við allar
Euopris verslanir



199

SPRITTKERTI - 100 Í PK

• Hvít
• Stór hvít sprittkerti, 10 í pk, kr 269

19

RAUÐ KERTI

• H: 30 cm



2490

JÓLATRÉSFÓTUR

• Jólasveinn

279

ÚTIKERTI

• 6 í pk



pr. dós
99

NIÐURSUÐUVÖRUR

• Perur / ananasskifur / blandaðir ávextir
• Ferskjur, 6x425 gr., kr 399

Euopris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

t gott Ódýrt og gott Ódýrt gott Ódýrt

MEIRA ÚRVIAL BETRA VERÐ



30% afsláttur
1189 kr. kg.
 Hóla hamborgarhryggur



30% afsláttur
1749 kr. kg.
 Hóla hangilæri úrb.



20% afsláttur
1398 kr. kg.
 Hóla hangiframpartur úrb.



30% afsláttur
1189 kr. kg.
 Hóla bayonneskinka



verð frá
 Vs humar 1., 2. og 3. flokkur
2998 kr./kg.

ÍF Madeira sósa
339 kr./stk.



15% afsláttur



Snæfiskur sjávarkokeill
1411 kr./kg.



Ananas
119 kr./stk.



Rauð epli
119 kr./kg.



Klementínur kassi 2,3 kg
389 kr./ks.



KRONAN KRONAN



Ódýrt og gott Ódýrt og gott

1698 kr. kg.
Goða hamborgarhryggur létt saltaður

678 kr. kg.
Kea hangikjöt niðurskorið

799 kr. kg.
Krónu hamborgarhryggur

40% afsláttur

ALLT TIL JÓLANNNA Í KRÓNUNNI

1989 kr. kg.
Borgarnes hangilæri tvíreykt

1875 kr. kg.
Móa kjúklingabringur magnpakking

389 kr. stk.
Freschetta pizzur XL

KEA jólaskyr
79 kr./stk.
Jóla Skyr

Myllu jólagterta brún
389 kr./stk.
JÓLATERTA

Chicago town lasagne 1kg
599 kr./stk.
LASAGNE BOGOSHISE

Topp 40 listi bókaútgefanda fæst hjá okkur!

Dúkkukerra & dúkka 12 hlutir
5990 kr./stk.

BARBAPÁ
954.-

2506.-
Í matinn er þetta heist

2713.-
EIN TIL FRÁSAGNAR

Guðrún Helgadóttir
1561.-
ÖDRUVÍST SAGA

2720.-
KENDIHERBANN

KRÓNAN KRÓNAN

Hér safnarðu aukalega inn á
MasterCard ferðaávisun

Skipta utanríkismál einhverju máli?

UMRÆÐAN

Varnarmál

Nú er hafin mikil umræða um öryggis- og varnarmál, en slík umræða er Íslendingum framandi. Undanfarin 50 ár hefur engin raunveruleg umræða átt sér stað um þau mál, vegna þess að hvenær sem reynt var að ræða þau, braust út rífrildi um varnarlíðið og aðild að Atlantshafsbandalaginu. Stjórnmalamenn hafa því leitt þessa umræðu hjá sér og standa nú uppi reynslulitlir á því sviði.

Það var auðvelt að gera grín að fjórum þotum og með réttu mátti halda því fram að þær gætu ekki varið Ísland. Fjórar þotur gátu ekki varið Ísland, ef rússneski flotinn, sem lá við Langanes í fyrri, hefði viljað taka Þórs höfn. Fjórar þotur geta ekki varið Höfn í Hornafirði, Kópavog, Ísafjörð eða hvaða stað sem er á landinu, ef einhvern óvin langar að taka hann herskildi.

Hvers vegna eigum við þá að semja við Norðmenn um einhverjar þotur, sem komi til Íslands, hvort sem þær væru fjórar eða færri. Ástæða til þess er harla lítil, því að norskar þotur gera ekki sama gagn og bandarískar.

Þegar stjórnmalamenn hafa talað um sjáanlegar varnir hefur hnussað í mörgum. Þeir hafa kosið að skilja ekki að áhrif af fjórum þotum eru huglæg og það skiptir öllu máli hver á þær. Hollendingar eiga hundrað þotur, en það er ekki af því að þeir telji loftorrustur við nágranna sína vofa yfir. Þær eru huglæg varnir fyrir þá.

Staða okkar Íslendinga er mikið breytt meðal þjóða, eftir að

Bandaríkjamenn hafa svo rækilega hafnað okkur. Þegar við mættum á fundi í erlendum stofnunum, sáust útlínur bandarískra risans yfir öxlina á okkar mönnum. Hver ætli sé skýringin á því að Flugleiðir hafa tvöfalt fleiri lendarleyfi í Bandaríkjunum en SAS, sem er í eigu milljónaþjóða? Risinn kinkaði kollli.

Þegar við þurftum að semja um alþjóðlegar fiskveiðar í NEAFC og NAFO var skuggi risans fyrir aftan okkar menn. Þegar Íslendingar mæta í Matvælastofnuninni í Róm eða Alþjóða heilbrigðisstofnuninni, er skuggi risans ekki lengur með. Þegar við þurfum að semja við Norðmenn og Evrópusambandið um fiskveiðar er risinn horfinn. Þegar við þurfum að verja flugstjórnarsvæðið okkar hjá Alþjóða flugmálastofnuninni, sem skapar okkur miklar tekjur, er risinn ekki lengur á bak við okkur.

Það hefur gefist okkur sérlega vel að vera fylgipjóð Bandaríkjanna í sextíu ár. Ef menn vilja heldur kalla það aftanfossa eða taglhnýtinga, mega þeir það mín vegna. En nú eigum við ekki kost á því. Eitt af því sem hendir smáþjóðir er kallað „shunning“. Það er dregið af enska orðinu „shun“, sem þýðir að forðast, leiða hjá sér eða hafa að engu. Smáþjóðir, eða örbjóðir eins og við, gleymast oft viljandi eða óviljandi, þegar þeir stóru ræða alvarleg mál.

Það kemur á óvart hversu afleiðingar hinnar nýju einangrunar birtast fljótt og afdráttar-



ÓLAFUR SIGURÐSSON

laust. Fyrir nokkrum dögum neituðu þriðja til fimmsta stigs skrifinnar í Hafrannsókn- og loftslagsstofnun viðskiptaráðuneytis Bandaríkjanna að eiga orðastað við sjávarútvegsráðherra Íslands. Þetta hefði ekki gerst ef stóri skugginn hefði verið við öxlina.

Alison Bayles, forstjóri SIPRI, rannsóknarstofnunar í alþjóðamálum í Stokkhólmi, sagði nýlega á fundi hér, að það væru minnst tólf málaflokkar, sem flokkuðust undir utanríkismál. Varnarmál væru aðeins einn af þeim. Við eigum eftir að læra að standa ein og átta okkur á að það eru ekki til neinar vinapjóðir. Erlend stjórnvöld hjala stundum blíðlega, sérstaklega ef þú hefur stóran skugga á bak við þig. Sumir stjórnmalamenn trúá skálaræðum.

Utanríkismál snúast um skýrt skilgreinda hagsmuni og fáum er það betur ljóst en Norðmönnum. Mikilvægur þáttur í utanríkisstefnu Norðmanna snýst um að auka yfirráð þeirra yfir norðurhöfnum, með öllum tiltækum ráðum. Hæstiréttur þeirra er nýbúinn að kveða upp dóm, sem staðfestir að þeir hafi mátt stofna efnahagslögsögu umhverfis Svalbarða og ráða henni einir. Menn kunna að segja að það sé einhliða ákvörðun, en hver hefur kært til Haag? Norðmenn eigna sér efnahagslögsögu umhverfis Jan Mayen, með þeim rétti einum, að þeir hafa þar veðurathugunarmenn. Norðmenn skilja sína hagsmuni og vinna að þeim af mikilli staðfestu.

Ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Rússa, auk Evrópusambandsins (Dana og Grænlandinga), ætla sér mikinn hlut í þeim auðæfum, sem flestir eru sannfærðir um að búi á botni Íshafsins og heimskautasvæðanna. Til eru framsýnir stjórnmalamenn hér á landi, sem telja að við eigum að koma að því gnægðaborði. Ætli það verði ekki erfiðara, þegar við treystum á að Norðmenn sjái um varnir okkar? Hvernig ætli að verði að semja um síldveiðar?

Það hefur gefist okkur sérlega vel að vera fylgipjóð Bandaríkjanna í sextíu ár. Ef menn vilja heldur kalla það aftanfossa eða taglhnýtinga, mega þeir það mín vegna.

Það þótti sjálfsagt að NATO ríkin tækju að sér að senda eftirlitsflugvélar að landamærum Eystrasaltsríkjanna við Rússland og Hvíta-Rússland. Þau eru fátæk og í hópi hinna „nýfrjálsu ríkja“, sem okkur þykir öllum sjálfsagt að styðja. Það er líka stutt að fara frá Danmörku, Noregi, Belgíu, Hollandi og Bretlandi, sem hafa aðallega séð um þá gæslu, með fjórum flugvélum í senn.

Nú segja sumir að NATO eigi líka að sjá um varnir Íslands. Þó að það séu ekki nema sextíu ár frá því að við hlutum sjálfstæði erum við ekki „nýfrjáls“. Eins og við þreymtum aldrei á að sannfæra okkur sjálfa um, erum við ein af ríkustu þjóðum heims, en því miður aðeins miðað við fólksfjölda. Það dettur engum í hug að verja okkur ókeypis, hér úti í

miðju Atlantshafi.

Það gleymist að NATO er ekki stofnun, sem hefur her manna, tilbúin til að senda hann hvert á land sem er. Stofnunin er ekkert annað en vilji ríkisstjórna aðildarríkjanna á hverjum tíma og getur ekkert gert annað en þær vilja. Við sjáum hvernig gengur að fá ríkin til að senda hermenn til Afganistan. NATO samræmir aðgerðir, en framkvæmir þær ekki.

Það er heldur ekki ódýrt að verja Ísland, ef við viljum gera það með þotum. Hver F-16 þota, eins og Norðmenn eiga, kostar álíka mikið og Boeing 737 farþegaflugvél og er samt ein sú ódýrasta. Fyrir hvern tíma sem hún flýgur þarf hún viðhald í 35 tíma samkvæmt bókum Bandaríkjahers, en raunverulega nær sjötíu tíma. Hvað margar ferðir frá Noregi erum við tilbúin að kosta á ári? Fjórar á dag? Fjórar í mánuði? Það er alveg sama hvað við höfum margar norskar þotur, þær gera ekki sama gagn og ein bandarísk. Það fylgir stór skuggi þeirri bandarísku.

Við þurfum að ná upp sextíu ára slaka og skilgreina sjálf okkar öryggismál og hagsmuni. Við þurfum að fá til þess besta fólk, að kenna stjórnmalamönnum og stjórnarereindrekum, hvernig á að fara með utanríkismál. Við viljum öll viðhalda þeim lífskjörum, sem við erum orðin vön. Reynt hefur sýnt að smáþjóðum vegnar oftast betur en stórum, en við þurfum að læra að skilgreina hagsmuni okkar og gæta þeirra sjálf, ein á báti.

Höfundur er fyrrverandi varafréttastjóri erlendra fréttaráðs Sjónvarpinu.



TM Software

Framkvæmdu snjallt markaðsátak

Microsoft Dynamics CRM gerir sölu- og markaðsfólki kleift að beina sérsniðnum skilaboðum til núverandi og væntanlegra viðskiptavina, stytta sölufærlið og auka söluna.

- Styrktu tengslin við viðskiptavinina
- Framkvæmdu snjallara markaðsátak
- Haltu betur utan um verkefni
- Breyttu ábendingum um sölu í tækifæri
- Breyttu upplýsingum í mikilvæg markaðsgögn

TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrtæki með skrifstofur í 11 löndum og um 450 starfsmenn. Fyrirtækið þjónar yfir 1.800 viðskiptavinum í rúmlega 20 löndum í fjórum heimsálfum. TM Software hefur itrekað verið heiðrað sem eitt af framsæknum fyrirtækjum Evrópu á „Europe's 500“ listanum.

Hafið samband við söludeild í síma 545 3200 eða á netfangið sala@maritech.is til að fá nánari upplýsingar.

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Microsoft Dynamics CRM

www.tm-software.com



Jólin öll! Í FJARÐARKAUPUM



kaupauki

Jóla DVD mynd fylgir með Coca Cola 4x21. kippu



Egils malt og appelsín í bland við jólastapið



177,-

Jóna rúlluterta 370gr.

125,-

Jóna romm trufflur



989,-

Baci jólakúla 200gr.



198,- stk.

Ajax uppþvottalögur 500ml. 3teg.



689,-

verð áður: 868,-

Emmess ískaka 1l.



1989,-

verð áður: 2587,-

Quality Street 1.6kg.

kaupauki

After Eight 200gr. fylgir með Quality Street dós



1998,-

Rækjur 2.5kg.



1442,- kg.

merkt verð: 1890,-

Fjarðarkostur birkireykt úrb. frampartur



1348,- kg.

merkt verð: 1798,-

Ali hunangsskinka



1974,- kg.

merkt verð: 2595,-

Fjarðarkostur birkireykt úrb. læri



1199,- kg.

merkt verð: 1599,-

Kjúklingastrimlar frá matfugli

OPIÐ Í DAG SUNNUDAG 12 - 19

Jólin öll!

- Jólagjöfin er 32 sömnu flöskjór frá BT
- Jólabréfin koma frá ISS sem mun koma heim til vinningshafa og þrifa allt hátt og lágt.
- Jólabakstur og jólamatur í formi gjafabréfs sem nemur 35.000 krónum frá Fjarðarkaupum.
- Skemmtilegur jólapakki frá Fjarðarkaupum með jólavörum

Fylltu út þátttökuseðil um leið og þú verklar í Fjarðarkaupum og þú gætir unnið Jólin öll frá Fjarðarkaupum. Dregið verður úr pottinum 19. desember, nöfn vinningshafa munu birtast á www.fjardarkaup.is en vinningarnir verða afhentir í beinni útsendingu í 6 til sjö á Skjá einum.

Opnunartímar í desember:
2 des. laugardagur 10 - 18 · 9 des. laugardagur 10 - 18 · 10 des. sunnudagur 12 - 18 · 16 des. laugardagur 10 - 19 · 17 des. sunnudagur 12 - 19 · 18 des. mánudagur 9 - 19
19 des. þriðjudagur 9 - 19 · 20 des. miðvikudagur 9 - 19 · 21 des. fimmtudagur 9 - 20 · 22 des. föstudagur 9 - 22 · 23 des. Þorláksmessa 9 - 22 · 24 des. Aðfangadagur 10 - 12:30

FK
FJARÐARKAUP

TÓNSKÁLDIÐ LUDWIG VAN BEETHOVEN
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1770

„Tónlist á að koma af stað báli
í hjörtum karla og kalla fram
tár í augum kvenna.“

Þýski snillingurinn fæddist pennan dag
fyrir 236 árum. Hann lést árið 1827.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 17. DESEMBER 2003

Dæmdur í tvöfalt lífstíðarfangelsi

Pennan dag árið 2003 var húsvörðurinn fyrrverandi Ian Huntley fundinn sekur um að hafa myrt skólastúlurnar Holly Wells og Jessicu Chapman. Fékk hann tvo lífstíðardóma fyrir glæpin.

Stúlurnar, sem voru tíu ára og bestu vinkonur, hurfu sporlaust frá heimili Holly í Soham á Englandi hinn 4. ágúst árið 2002. Fundust lík þeirra í skurði tveimur vikum síðar eftir eina umfangsmestu lögreglurannsókn Bretlands fyrr og síðar. Vakti málið óhug með fólki um heim allan.



HOLLY OG JESSICA Húsvörðurinn fyrrverandi var dæmdur í tvöfalt lífstíðarfangelsi fyrir að hafa myrt Holly Wells og Jessicu Chapman.

Huntley hafði áður verið sakaður um að hafa misnotað stúlkur kynferðislega en alltaf sloppið við dóma. Kærasta hans, Maxine Carr, var dæmd í þriggja og hálfis árs fangelsi fyrir að hafa hylmt yfir með Huntley. „Þú myrtir þær báðar. Þú ert eina manneskjan sem veist hvernig þú myrtir þær og ert eina manneskjan sem veist út af hverju,“ sagði dómari í málinu þegar hann las upp dómsúrskurðinn. Bætti hann því við að Huntley hefði valdið fjölskyldu stúlkanna enn meiri sorg með því að þykjast hjálpa til við leitina að þeim.

MERKISATBURÐIR

- 1777 Frakkar staðfesta sjálfstæði Bandaríkjanna.
- 1791 Fyrsta einstefnugatan er tekin í notkun í New York.
- 1830 Simon Bolívar deyr í Kólumbíu.
- 1973 Arabískir hryðjuverkamenn drepa 31 farþega í þýskri flugvél á flugvelli í Róm.
- 1978 OPEC-ríkin ákveða að hækka olíuverð um 14,5% í lok næsta árs.
- 1996 Rauði krossinn kallar alla starfsmenn sína heim frá Téténíu eftir að byssumaður drap sex hjálparstarfsmenn.
- 1998 Umdeilt frumvarp um gagnagrunn á heilbrigðissviði er samþykkt á Alþingi með 37 atkvæðum gegn 20.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu og langömmu,

Magðalenu Ólafsdóttur

Austurgerði 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Hannes Vigfússon

Ómar Hannesson

Elin Hannesdóttir

Baldur Hannesson

Haukur Hannesson

Bryndís Hannesdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Karlsdóttir

Særós Guðnadóttir

Halldór Helgason



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Axelma Jónsdóttir

Hrafnistu Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju mánudaginn 18. desember kl. 15.00.

Fanney Júlíusdóttir

Júlíus Örn Júlíusson

barnabörn og barnabarnabörn.

Erlendur Magnússon

Anna María Hjartardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur sambúð og hlýhug vegna útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Guðmundar Kristins

Jónssonar

Skríðustekki 22, Reykjavík.

Þökkum einnig fyrir öll fallettu blómin, kransana, minningarkortin, hlýju kveðjurnar og bænirnar ykkar. Sérstakar þakkir til alls starfsfólks líknardeildar Landakotsspítala fyrir kærleiksrika og líknandi umönnun við elskulegan eiginmann minn og föður okkar. Einnig þökkum við kærlega fyrir hlýhug ykkar við okkur aðstandendur hans.

Sesselja Guðmunda Sigurðardóttir

Helgi Sigurður Guðmundsson

Stefanía Guðríður Guðmundsdóttir

Kristín Helga Guðmundsdóttir

Sigríður Guðmundsdóttir

barnabörn, langafabörn og aðrir aðstandendur.

Sigrún Sjöfn Helgadóttir


Vilhjálmur Geir Siggeirsson

**LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



GUÐBJÖRN MAGNÚSSON Guðbjörn Magnússon gaf á dögnum blóð í 150. skiptið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐBJÖRN MAGNÚSSON: GAF BLÓÐ Í 150. SKIPTIÐ

Þetta er mín jólagjöf

Rafeindavirkinn Guðbjörn Magnússon gaf á dögnum blóð í 150. skiptið á ævinni, sem er oftast er nokkur annar Íslendingur hefur gert.

Guðbjörn, sem er 62 ára, segist fyrst hafa gefið blóð þegar hann stundaði nám í Loftskleytaskólanum árið 1967. „Þá var verið að biðja þá sem voru í Stýrimanna- og Vélskólanum að gefa blóð og þá fylgdu við með,“ segir Guðbjörn. „Ég fór síðan öðru hvoru og af einhverjum ástæðum hélt ég þessu áfram. Þær fóru að hringja í mig stelpurnar í Blóðbankanum vegna þess að ég var í þessum O mínus flokki og var með efni í blóðinu sem lítið er af. Það var notað til að gefa kornabörnum sem enginn vissi í hvaða flokki lenda,“ segir hann en tekur fram að búið sé að finna lausn á þessu vandaamáli. Þær mæður sem eru í röngum flokki fá nú meðöl við því en áður fyrr þurfti að skipta um blóð í börnunum til

að koma þeim yfir fyrsta hjallann.

Bætir Guðbjörn því við að eitt sinn hafi kona nokkur hringt í sig eftir að hann var kjörin Hvunnudagshetjan í Fréttablaðinu og þakkað honum fyrir. „Hún sagði að ég hefði trúlega hjálpað hennar barni í gegnum þessa erfiðleika,“ segir hann.

Upphaflega vandi Guðbjörn komu sína í Blóðbankann á föstudögum til að ferskt blóð væri til fyrir helgina. Síðan hefur hann haldið áfram að koma þangað án þess að spáð eitthvað mikið í það. „Þetta er ósköp notalegt umhverfi og þægilegt. Ef þær væru einhverjir fylpúkar myndi ég ekkert koma,“ segir hann um konurnar í Blóðbankanum sem hann hefur miklar mætur á. „Þetta er eiginlega mín jólagjöf. Það er skemmtilegt að þetta skuli hitta svona á rétt fyrir jólin að ég sé búinn að fara í þessi 150 skipti. Það er notalegt tilfinning að hafa náð þessum áfanga.

Þetta er ekki vara sem þú kaupir úti í búð eða getur búið til. Þess vegna er það svo mikið atriði að geta náð í nýjan og nýjan flokk.“

Guðbjörn mælir með því við fólk sem vill gefa blóð að tengja blóðgjöfina við mánuðinn sem það á afmæli og í framhaldinu geti það farið á hálfis árs fresti. Það skipti strax sköpum fyrir Blóðbankann sem hefur auglýst mikið eftir blóði undanfarið. Segir hann blóðgjöfina sjálfa vera ekkert mál, það sé eins og að vera klipinn og maður finni ekkert fyrir því.

Guðbjörn segist ætla að halda áfram að gefa blóð á meðan hann má. „Það verður kannski ekki eins þétt ef maður skyldi ferðast um svæði þar sem maður þarf að passa sig eins og í Suður-Ameríku eða Afríku. Ég er kominn á þann aldur að mig langar að ferðast og það getur komið að því að maður geri meira af því.“

frey@frettabladid.is

Fótboltaæfing í frímó

„Krakkarnir eru bara svo rosalega hrein, bein og skemmtilegt að mér dettur ekki í hug að hætta þessu,“ segir Matthías Sigvaldason. Hann er einn margra knattspyrnumanna sem hafa starfað sem skólaliðar við Ísaksskóla á liðnum árum. Matthías er búinn að vera í þessu starfi frá 1995 en með smá hléum þó inn á milli.

„Þetta er mjög gefandi starf og við leggjum okkur fram um að nýta fótboltann til þess kenna krökkunum að vinna saman og þroskast félagslega. Ég hef svo verið

að starfa við þjálfun samrosalega þessu á liðnum árum. Var þjálfari meistaraflökks kvenna hjá Fjölni en er hættur því í bili þar sem ég er búsettur á Selfossi. Það segir eflaust sitt um hversu skemmtilegt starfið er. En það er mikilvægt að taka fram að það eru fleiri fótboltakallar hér en ég og svo eru líka frábærar stelpur að vinna hérna með góðan bakgrunn úr íþróttum.“

Matthías spilaði með Leiftri Ólafsfirði í efstu deild á sínum tíma einn fárra heimamanna og það



FÓTBOLTI Í FRÍMÍNÚTUNUM Matthías Sigvaldason skólaliði í Ísaksskóla ásamt hressum fótboltakrökkum.

hafa fleiri kunnir kappar komið að þessu starfi hjá Ísaksskóla í gegnum tíðina.

Má þar nefna Bjarna Ólaf Eiríksson, Benedikt Bóas Hinriksson og fleiri.



50%
afsláttur

2.495 kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Guðni í Sunnu



50%
afsláttur

1.440 kr/stk. áður 2.880 kr/stk.
Skemmtilegt fólk



50%
afsláttur

2.995 kr/stk. áður 5.990 kr/stk.
Rikki



50%
afsláttur

1.245 kr/stk. áður 2.490 kr/stk.
Nonnikonni og kúlurnar



50%
afsláttur

2.495 kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Heimsmetabók Guinness 2007



50%
afsláttur

1.275 kr/stk. áður 2.550 kr/stk.
Litla rauð



50%
afsláttur

2.990 kr/stk. áður 5.980 kr/stk.
Skáldalíf



50%
afsláttur

3.490 kr/stk. áður 6.980 kr/stk.
Upp á sigurhæðir - Saga Matthíasar Jochumssonar



50%
afsláttur

2.340 kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
Ein til frásagnar



50%
afsláttur

2.495 kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Að opna dyr



50%
afsláttur

2.495 kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Íslensk knattspyrna 2006




1.299 kr/stk.
Jóhann Friðgeir og vinir



1.299 kr/stk.
Horfðu til himins



1.299 kr/stk.
Helgi Rafn



1.299 kr/stk.
Frostrósir - Bestu lögin

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 17. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

EFSTAR Á ÓS



1.
ÆVISÓÐUR
Metsölustí Mbl.
14. des.

- 1. prentun uppseld
- 2. prentun uppseld
- 3. prentun uppseld
- 4. prentun komin í verslanir

„Skyldulesning - Guðni Th. Jóhannesson skrifar lipran stíl og bók hans er því **auðveld og skemmtileg aflestrar.** Hann er sömuleiðis fundvís á skoplegar hliðar á annars grafalvarlegu umfjöllunarefni, sem telst honum til tekna.“
Ólafur Þ. Stephensen, stjornmalogstjornsysla.is

„Litrík og vel skrifuð **saga** áhugaverðrar baráttukonu.“
Súsanna Svavarsdóttir, Fbl.



- 1. prentun uppseld
- 2. prentun uppseld
- 3. prentun komin í verslanir

ÍSLENSKU BOKMENNTA VERÐLAUNIN
Sálfærning

- 4. ALMENNIT EFNÍ
Perinn Eyvindsson og Bókabúlar MMA
13. des.
- 6. ALMENNIT EFNÍ
Metsölustí Mbl.
14. des.

Guðni Þórðarson segir hér í fyrsta sinn frá baráttu sinni við valdablokkirnar í viðskiptalífinu sem sáu ofsjónum yfir uppgangi hans.



7.
ALMENNIT EFNÍ
Metsölustí Mbl.
14. des.

Frábær bók fyrir alla sem hafa gaman af að spá í veðrið. Unnur Ólafsdóttir þýddi og sá um íslenska efnið.

8.
ÆVISÓÐUR
Metsölustí Mbl.
30. nóv.



- 1. prentun uppseld
- 2. prentun uppseld
- 3. prentun komin í verslanir

„Skemmtilegasta unglingsaga sem ég hef lesið um langa hríð. ... **lipurlega skrifuð og myndin.** ... Ég bíð spennit eftir næstu Emblu bók.“
★★★★★

Súsanna Svavarsdóttir, Fbl.

„Það ber að **fagna bók eins og sögunni af Emblu,** Ég er ekki dramadrottning ...“
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, bokmenntir.is



- 4. BARNABÓKUR
Metsölustí Mbl.
14. des.
- 8. BARNABÓKUR
Perinn Eyvindsson og Bókabúlar MMA
13. des.

- 1. prentun uppseld
- 2. prentun væntanleg



10.
LIÐÓ
Metsölustí Mbl.
14. des.


„Ég les ljóðin aftur. Aftur. Og nú í hljóði. Jú hún vinnur á. Sefandi sviti, hrafnar á sveimi og einkar fallegur endir.“
Soffía Bjarnadóttir, kistan.is



- 3. LIÐÓ
Metsölustí Mbl.
14. des.

- 1. prentun uppseld
- 2. prentun komin í verslanir

„Sannkallað listaverk ... Ég hlakka raunar til þeirrar stundar þegar ég dreg þessa bók aftur fram ...“
Ingi Björn Guðnason, bokmenntir.is



- 1. prentun uppseld
- 2. prentun komin í verslanir

5.
LIÐÓ
Metsölustí Mbl.
14. des.

„Margslungin bók ... mögnuð og óvenjuleg“
„Hér er ekkert meðalskald á ferð.“
Ármann Jakobsson, kistan.is

KALISTANUM



- 1. prentun uppseld
- 2. prentun uppseld
- 3. prentun á þrotum
- 4. prentun væntanleg

3. SKÁLDVERK
Penninn Eymundsson og Bókabúfur MM 13. des.

3. SKÁLDVERK
Metsölalisti Mbl. 14. des.


„Írónísk, launfyndin, bókmenntaleg spennusaga.“

★★★★

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Konungsbók er viðburðarík og spennandi saga“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is



1. SKÁLDVERK
Metsölalisti Mbl. 14. des.

1. ALLAR BÆKUR
Penninn Eymundsson og Bókabúfur MM 13. des.

„Auður Jónsdóttir heldur áfram að vaxa í þessari glæsilegu skáldsögu sinni ... brýn og glæsilega stíluð, þaulhugsuð saga um stórt efni.“

★★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.

„Mögnuð bók ... Auður Jónsdóttir hefur skipað sér í hóp athyglisverðustu rithöfundna á Íslandi ... kæmi það ekki á óvart ef hún gerði tilkall til hinna Íslensku bókmenntaverðlauna í annað sinn.“

Soffía Auður Birgisdóttir, Mbl.



- 1. prentun uppseld
- 2. prentun uppseld
- 3. prentun á þrotum
- 4. prentun væntanleg

5. SKÁLDVERK
Metsölalisti Mbl. 14. des.

5. SKÁLDVERK
Penninn Eymundsson og Bókabúfur MM 13. des.

„Mest spennandi bók sem ég hef lesið fyrir jólin ... Besta bók Braga.“

★★★★★

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Textinn er svo drepfyndinn að það hálf væri nóg ... það er ekki annað hægt en að kolfalla fyrir öllu sem viðkemur Sendiherranum.“

★★★★★

Sigríður Albertsdóttir, DV



ÍSLENSKU BOKMENNTA VERÐLAUNIN Silnefning

6.000 eintök á þrotum

Ný prentun væntanleg

„Maður getur ekki hætt að lesa ... sögurnar tvítnna saman spennu, sorg og tilfinningalífi fólks á meistaralegan máta.“

★★★★★

Óttar M. Norðfjörð, DV

„Snjallar og vandaðar smásögur.“

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós



3. BARNABÆKUR
Metsölalisti Mbl. 14. des.

3. BARNABÆKUR
Penninn Eymundsson og Bókabúfur MM 13. des.

„Þetta eru bækur sem stækka sjóndeildarhring lesenda sinna.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Sögurnar um Karen Karlottu eru allar til þess fallnar að vekja börn til umhugsunar um þjóðfélagsmál, samhjálp, réttlæti, stríð, samskipti fólks og tilfinningar ...“

Kristín Viðarsdóttir bokmenntir.is



1. BARNABÆKUR
Metsölalisti Mbl. 14. des.

2. BARNABÆKUR
Penninn Eymundsson og Bókabúfur MM 13. des.

- 1. prentun uppseld
- 2. prentun á þrotum
- 3. prentun væntanleg

Hressilegar sögur og bráðfyndnar myndir gera Fíusól að eftirlæti íslenskra bókaorma ár eftir ár.





Vatnið vekur von

Vatn er hluti sjálfsagðra þæginda Íslendinga og rennur ótæpilega úr krönum. Sjálfsagt leiðum við sjaldnast hugann að mikilvægi vatns sem þó er undirstaða alls lífs. 1,1 milljarður manna hefur ekki aðgang að hreinu, öruggu vatni og annar hver íbúi þróunarlandanna er veikur vegna skorts á vatni og hreinlætisaðstoðu. *Björn Þór Sigbjörnsson* forvitnaðist um vatnsverkefni **Hjálparstarfs kirkjunnar** sem á skömmum tíma hefur fært fjölmörgum von um líf.

Vatnið kveikir líf, allt í kringum sig. Vatnið vekur von, allra sem þyrstir. Vatnið er alls staðar, í lofti láði, legi. Vatnið börn sín baðar, í móðurkviðsins legi. Það rignir á góðum degi. (Björn Jörundur Friðbjörnsson).

Anna M. Þ. Ólafsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfsins, hefur séð með eigin augum hve miklu framlög Íslendinga til aðstoðar við bágstadda í Afríku hafa áorkað. Fjölmargir vatnsbrunnar hafa verið grafnir fyrir gjafafé frá Íslandi, dælum komið upp og fólki kennt að veita vatni á akra auk þess að fá leiðbeiningar um mikilvægi hreinlætis.

Fyrir síðustu jóla gáfu Íslendingar 32 milljónir króna til vatnsverkefna á vegum Hjálparstarfsins í Malaví, Mósambík og Úganda. Fyrir tilstuðlan þeirra peninga býr fjöldi fólks við önnur og betri kjör en áður og það sem er mest um vert; fólkið lifir.

Starfið þarf að halda áfram því í Afríku búa margir við örbirgð. „Vandinn er mikill og margþættur,“ segir Anna sem treystir á

gjafmildi Íslendinga svo fleiri geti notið lífs í heiminum.

Dagurinn í dag

Lífið í þorpum Afríku, þar sem fátæktin er mest, er gjörólíkt því sem við þekkjum á Íslandi. Þar snýst allt um að hafa í sig og á. „Fólk hugsar bara um daginn í dag og allur tími fer í að sinna lágmarksþörfum,“ segir Anna sem hefur farið fjórum sinnum til Afríku. Í síðustu ferð varði hún degi með fjórum systkinum; þremur bræðrum og systur. Börnin misstu báða foreldra sína og þurfa að koma sér sjálf á legg. „Við komum heim til þeirra snemma morguns og þá voru þau á leið á akurinn þar sem þau hreinsuðu burt illgresi og dauð lauf. Ekki hafði komið uppskera af akrinum í tvö ár því það hafði ekkert rígt. Það þarf hins vegar að halda honum við svo hann geti gefið af sér þegar loksins rignir. Eftir vinnuna á akrinum var farið eftir vatni og tók ferðin við að elda og búinn til grautur. Þau borðuðu um klukkann tvö og það var eina máltíðin þeirra þann daginn. Eftir matinn var aftur farið eftir vatni því elsti bróðirinn bruggar úr keyptum banönum og

selur. Stelpan þvoði þvott, strákrarnir sópuðu í kringum húsið, sá elsti fór í sendiferð fyrir kaupmanninn og fyrr en varði var komið myrkur.“

Allar bjargir bannaðar

Þetta var hefðbundinn helgardagur í lífi systkinanna en á virkum dögum fara yngri börnin í skóla þar sem þau læra að lesa og reikna. Kennslugögn eru fábrotin; aðeins gömul krítartafla.

Ef börn missa foreldra sína á þessum slóðum þurfa þau að sjá um sig sjálf. „Þegar foreldrarnir dóu kom frændfólk úr nærliggjandi þorpi og dvaldi hjá börnunum í tvo til þrjá daga en fór svo. Fólk á nóg með sjálft sig. Fátæktin er svo mikil.“

Anna segir marga velta fyrir sér hvers vegna fólk fari ekki til borganna og reyni að hefja nýtt og betra líf og kann svar við slíkum vangaveltum: „Fólk á ekki fyrir farinu en þeir sem komast, slást í hóp allra hinna sem flýja eyndina og hún er í raun jafn mikil í fátækrahverfum borganna. Því eru í raun allar bjargir bannaðar. Ömenntað fólk hefur ekki að neinu að hverfa.“

Hjálparstarf kirkjunnar leit



ANNA M. Þ. ÓLAFSDÓTTIR „Ég velti sjálf fyrir mér hverju ég tími í það og það skiptið og stundum finnst mér ég nísk þó að ég viti svo vel hverju þetta breytir.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

uppi þá staði þar sem neyðin er mest og gerir allt sem í þess valdi stendur til að hjálpa. „Við vinnum alltaf með fátækasta fólkinu,“ segir Anna. Aðstæður eru svipaðar í Afríkulöndunum þremur þar sem Hjálparstarfið vinnur. Í Úganda eru áhrif alnæmis þó sýnilegri en víða annars staðar og þar beinist aðstoðin fyrst og fremst að börnum sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

Öllum veitt aðstoð

Þótt Hjálparstarf kirkjunnar sé stofnað af þjóðkirkjunni og byggja á grunni kristinnar trúar er lútherstrú síður en svo forsenda þess að fólk njóti starfsins. „Trú hefur ekkert að segja um hvort við veitum aðstoð. Hjálparstarfið er stofnað út frá kristnum gildum en við störfum eins og hver önnur mannúðarsamtök og veitum öllum aðstoð. Annað væri í ósamræmi

Jólatvenna

4-pakki af
2l. Coke. eða Coke light.
& DVD diskur

FRÍTT
með



Coca-Cola

Með þér um jólin!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

JÓLA TRÉ

Glæsileg lifandi jólatré í BYKO

LÆGRA VERÐ!



Normannspínur

Normannspínur er vinsælasta jólatré landsmanna.

Öll tré inni

Öll tré eru geymd inni.

Verið velkomin

Jólatrén fást í Timbursölu BYKO Breidd og BYKO Selfossi.

Opið

Jólatréssalan í BYKO Breidd er opin til kl. 22 til jóla.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

við boðskapinn," segir Anna. Og fólkið setur það ekki fyrir sig enda sama hvaðan gott kemur. Meirihluti íbúa Úganda og Malaví er þó kristinn en í Mósambík eru önnur trúarbrögð ríkjandi.

Anna velkist ekki í vafa um að kristin trú geti gert mörgum lífið bærilegra. „Fólk á þessum slóðum er oft undir ægivaldi anda forfeðra sem heldur samfélaginu í heljargreip.“ Hún segir kristni-boða hafa upplifað það að bjarga börnum í Eþíopíu þar sem því er trúað að ef tennur barns vaxa fyrst

”

Mér finnst fólk í Afríku vera opið, einlægt, hjálpsamt og broshýrt en það er ekki hamingjusamt.

inu, það er yfirgnæfandi tilfinning eftir heimsóknir til þessara landa.“

Anna hefur unnið hjá Hjálparstarfinu í tíu ár en áður þekkti hún lítið til þróunarmála. „Þetta er mjög áhugavert starf og þó ég hafi unnið við þetta í tíu ár verð ég alltaf spennt að segja frá því. Stundum hefur mér þó leiðst í smá stund og ég man að einu sinni var auglýst starf upplýsingafulltrúa í álveri. Ég þældi aðeins í því en hugsaði svo – hvað get ég verið lengi spennt fyrir áli?!“ segir hún



STADREYNDIR FRÁ AFRÍKU

● 1,1 milljarður manna hefur ekki aðgang að hreinu, öruggu vatni.

● 2,6 milljarðar manna hafa ekki aðgang að hreinlætisaðstöðu.

● 20 lítrar á mann á dag til drykkjar, matargerðar og þvotta er lágmark. Hver

Íslendingur notar 200-300 lítra af vatni á dag.

● Víðast í þróunarlöndunum skapar óhreinnt vatn miklu meiri hættu fyrir fólk en ofbeldisátök.

● 1,8 milljónir barna deyja af völdum niðurgangs á ári. Það eru 4.900 börn á dag.

● Fimm sinnum fleiri börn deyja af niðurgangi vegna óhreins vatns en úr alnæmi.

● Þar sem Hjálparstarf kirkjunnar starfar í Úganda hefur aðgangur að hreinu vatni lækkað dánartíðni ungbarna um 23 prósent.

● Fólk með sjúkdóma vegna óhreins vatns fyllir helming allra sjúkrarúma í þróunarlöndunum.

● Helmingur íbúa þróunarlanda á hverjum tíma er veikur vegna skorts á vatni og hreinlætisaðstöðu.

í efri gómi hvíli bölvun á þeim. Og ekki nóg með það heldur á bölvunin að hvíla á öllu þorpinu. Þess vegna er þrýst á foreldrana að bera barnið út. „Þeir segja fólk upplifa mikinn létti við að taka kristna trú og vera laust undan þessu oki. Mér finnst kærleiksboðskapur kristinnar trúar ekki geta verið nema til góðs þótt kirkjan hafi gert ýmislegt misvitturt í gegnum aldirnar. En kristni-boðið er ekki á okkar könnu.“

Hamingjan er fjarri

Það hjómar núturlega en meðal fátækra í Afríku er stéttaskipting og þar er lítið niður á þá sem eru allra verst settir. Munadarlaus börn sem hafa búið við sára örbirgð hafa mátt þola að nágrannarnir líti niður á þau. Anna segist hafa séð að eftir að þau hafa fengið aðstoð og betri fót sé þeim betur tekið. „Það er heilmikill munur á börnum fyrir og eftir aðstoð og við sjáum mikinn árangur af starfinu.“

Anna sá fræga útlenska konu segja nýverið í sjónvarpi að fátækt fólk í þróunarlöndunum væri hamingjusamt af því það brosti svo mikið. Reynsla Önnu er önnur. „Þetta er dæla því þegar maður talar við fólk þá er það fjarri hamingju. En það er brosmilt sem er allt annað. Mér finnst fólk í Afríku vera opið, einlægt, hjálpsamt og broshýrt en það er ekki hamingjusamt. Um leið og maður sest

niður og fer að spyrja þá er mjög stutt í tárin og hryllinginn sem fólkið býr við.“

Sveitasamfélögin í Afríku eru borin uppi af konum. Karlarnir gera næsta lítið. „Þær bera ábyrgð á ræktuninni en mega samt ekki eiga landið, þær bera ábyrgð á að sækja vatn og eldivið og halda heimilið og ala upp börnin.“ Anna vonar að þetta breytist en viðurkennir að það sé til mikils ætlast að koma á jafnrétti kynjanna í Afríku. „En við styrkjum m.a. leiðtoganámskeið fyrir konur, einhvers staðar þarf að byrja og það hefur sýnt sig að aðstoð sem konur fá skilar sér miklu betur til samfélagsins og fjölskyldunnar heldur en aðstoð sem karlar fá.“

Stundum þyrmi yfir mig

Það reynir á að fara úr allsnægtunum á Íslandi til snauðustu héraða heims. Þótt heimsóknirnar vari jafnan stutt. Anna segist ekki geta sett sig í spor fólksins sem hún hittir í ferðum sínum. „Ég get ekki ímyndað mér hvernig það er að vera tólf ára og enginn pabbi og mamma, ekkert frændfólk, það hafa svo margir dáid eða kíknað undan þessu og bara farið. Börnin eru hrædd í svörtu næturmyrkri og maður getur aldrei upplifað neitt í líkingu við það sem þetta fólk býr við,“ segir Anna og viðurkennir að stundum þyrmi yfir hana. „En á móti kemur að maður sér svo mikinn árangur af starf-

og hlær. Og það reynist henni létt að hvetja fólk til að láta gott af sér leiða. „Mér finnst aldrei erfitt að pranga hjálparstarfinu upp á fólk eða reyna að fá það til að leggja fram peninga því málefnið er svo innilega gott.“

Ríkasta fólk í heimi

Þótt Önnu finnst sjálfsagt að Íslendingar leggi fram peninga til hjálparstarfs í þróunarríkjunum veit hún sem er að mörgum er annt um krónurnar sínar. „Ég velti sjálf fyrir mér hverju ég tími í það og það skiptið og stundum finnst mér ég nísk þó að ég viti svo vel hverju þetta breytir.“ Hún segir að við störf sín hafi henni lærst að meta betur gildi hlutanna og þótt hana langi í fjölmargt sem hún geti ekki veitt sér viti hún að hún tilheyrir ríkasta fólki í heimi.

Og Anna rifjar upp sögu af sjálfri sér. „Þegar ég var rúmlega tvítug bjó ég við Miklubraut og var í Kennaraháskólanum sem er við Stakkahlíð. Ég labbaði í skólann en hugsaði með mér á morgnana hve gott væri að eiga bíl. Ég tók mér hlé frá námi og dvaldi á Indlandi og eftir að ég kom heim var ég í raun ánægð með að geta yfirhöfuð gengið í skólann. En svo helltist það yfir mig aftur að ég þyrfti að eiga bíl. Núna þegar mig langar í eitthvað sem ég hef ekki ráð á minni ég mig á að ég er samt með ríkasta fólki í heimi.“ ■

Gleðileg Sony jól



Upplausn: 1366x768 HD ready • Contrast: 1200:1 • Birta cd/m²: 450
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljómtækni • SRS Trusurround
XT hljómtækni • Borðstandur fylgir

★★★★★
**BESTA
VERÐIÐ!**

KDL32U2000
119.950,-
Staðgreitt
9.995,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY



BRAVIA Engine með Live Color Creation • Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080
3D Comb Filter • BBE ViVa HD3D hljómtækni • SRS Trusurround XT hljómtækni
Borstandur fylgir • Contrast: 1:1800 (Dynamiskur 1:8000) • Birta cd/m²: 450

★★★★★
Besta sjónvarp
í heimi!
WHAT HI-FI?

W2000 40"
449.950,-
Staðgreitt
37.495,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY

W2000 46"
599.950,-
Staðgreitt
49.995,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY



HD-ready upplausn 1366 x 768
Innbyggður DVD/CD/SA-CD spilar
DivX og MP3 afspilun • 200W
S-Master magnari • Innbyggður
bassahátalari • Tengir fyrir tölvu
Skiptanleg framhlið margir litir í boði

Innbyggt heimabió
og DVD spilar
og rafdrifnum framhlið
sem lokar tækinu þegar
það ekki er í notkun!

ESPRIT 1
499.950,-
Staðgreitt
41.662,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY



Sony D-SLR myndavél • 10 megapíxlar
Hristivörn á myndflögu

Alpha 100
99.950,-
Staðgreitt
8.330,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum

SONY

**Kauptu
Sony hjá
Sony!**

Sony Center Kringlunni

WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669

like.no.other

Markaðssetning kristninnar

Jólin eru fram undan með tilheyrandi hátíðarhöldum, síðum og venjum. En hvaðan er þetta komið allt saman? Af hverju höldum við jól einmitt á þessum árstíma? Og hvaðan kemur jólatréð og jólasveinninn svo ekki sé minnst á jólapakkana? *Sigurður Þór Salvarsson* rýndi í sögu jóla-

Þó svo meginástæða þess að við höldum jólin hátíðleg í lok desember, sé skýrð með fæðingu Krists, þá er staðreyndin sú að enginn veit með vissu hvort Kristur fæddist einmitt á þessum tíma.

Það hentaði hins vegar boðberum kristinnar trúar á sínum tíma, að miða við þennan árstíma því frá fornu fari höfðu menn haldið sólrishátíðir um þetta leyti til að fagna hækkandi sól.

Með því að staðsetja fæðingu Krists á sama tíma og sólrishátíðina var léttara að snúa mönnum til kristni; þeir þurftu ekki að láta alla gamla síði lönd og leið, heldur gátu viðhaldið þeim og þróað undir nýjum formerkjum.

Snjöll markaðssetning

Þessi snjalla markaðssetning kristinnar sést ekki hvað best á því að það var ekki fyrr en árið 354 sem Gregoríus páfi lýsti því opinberlega yfir að 25. desember væri fæðingardagur Krists.

Og reyndar verður fæðing hans ekki opinber hluti af jólahaldi almennt fyrr en eftir 1224. Þá það heilagur Frans af Assisi um sérstakt leyfi páfa til að gera hana hluta af helgihaldinu og hefur svo verið síðan.

Jólatré heiðinn síður

Jólatréð sem er ómissandi hluti af jólahaldi nútímans á sér líka sögu sem ekki tengist kristinni trú sérstaklega. Hluti af helgihaldi heiðinna manna fyrr á öldum í Norður-Evrópu fyrst og fremst, fólst í tilbeiðslu guða á borð við Óðin, Þór, Freyju og Frey svo einhverjir séu nefndir.

Þannig var eikatréð hluti af tilbeiðslunni á Þór og þaðan er talið að tréð sé komið inn í jólahaldið. Hugsanlega með svipuðum hætti og jólahaldið sjálft; leyfa fólki að viðhalda gömlum síðum en yfirfæra þá á nýja trú.

Jólatré einsog við þekkjum þau í dag eru hins vegar tiltölulega nýr hluti af helgihaldi fólks; til dæmis voru jólatré ekki þekkt að ráði í Bretlandi fyrr en eftir 1841, en þá setti Albert, eiginmaður Viktoríu drottningar, upp jólatré fyrir konu sína og börn. En þá ber líka að geta þess að Albert var einmitt þýskur og þekkti því til þessa síðar frá heimalandi sínu.

Jólamaturinn fórnarlamb

Alsiða er að menn geri vel við sig og sína í mat og drykk á jolum. Og í sjálfu sér ekki óeðlilegt að menn geri sér slíkan dagamun á hátíðum. Jólamaturinn á sér hins vegar ævagamla forsögu, sem tengist miðsvetrarblótum forna manna.

Fórnir til guðanna eru þekkt fyrirbæri í öllum trúarbrögðum og meðal þess sem fórnað var voru skepnur af ýmsu tagi, samanber orðið fórnarlamb. Jólamaturinn er því óbeint fórn okkar til guðs og sem dæmi um tiltölulega bein tengsl í þessum efnunum, að þá er enn algengur síður í Bretlandi og víðar að hafa svínshöfuð á borðum um jolin. Og stundum er svinið með epli í munnum.

Þessi síður er talinn ættaður beint frá fornum blótum norrænna manna sem höfðu fyrir síð að færa guðnum Frey svín að fórnargjöf.

Jólasveinninn er dýrlingur

Jólasveinninn er aftur á móti



KÆRT BARN HEFUR MÖRG NÖFN

Heilagur Nikulás sem í tímans rás hefur breyst úr dýrlingi í jólasvein á sér mörg mismunandi nöfn. Hér eru nokkur dæmi um nafn hans í ýmsum löndum.

Afganistan – Baba Chaghloo
Albanía – Babadimri
Armenía – Gaghand Baba
Bandaríkin – Santa Claus
Brasíla – Papai Noel
Búlgaría – Dyado Koleda
Chile – Viejo Pascuero
Danmörk – Julemanden
England – Father Christmas
Finnland – Joulupukki
Frakkland – Le Père Noël
Grikkland – Ayos Vasilis
Írland – Daidí na Nollaig
Ísland – Jólasveinninn
Ítalía – Babbo Natale
Litháen – Kalėdu Senelis
Noregur – Julenissen
Pólland – Świety Mikołaj
Portúgal – Pai Natal
Rúmenía – Mos Craciun
Rússland – Ded Moroz
Serbía – Deda Mraz
Spánn – Papá Noel eða San Nicolás
Svíþjóð – Jultomten
Tyrkland – Noel Baba
Ungverjaland – Mikulás
Þýskaland – Weihnachtsmann eða Nikolaus

rammkristið fyrirbæri, ef frá eru taldir þeir íslensku sem eiga rætur sínar í heiðnum síð og gamalli þjóðtrú um tröll og huldufólk.

Fyrirmyndin að sveininum gjafmilda er heilagur Nikulás, biskup sem uppi var á 3. og 4. öld eftir Krist á því svæði þar sem nú er Tyrkland. Hann var af efnafólki kominn en gaf allt sitt ríkidæmi til fátækra og þá sérstaklega barna.

Dánardagur Nikulásar er 6. desember og er sá dagur tileinkaður honum og upp á hann haldið í kaþólskum síð. Eftir lát Nikulásar fóru menn að tengja nafn hans við hin ýmsu kraftaverk og var hann gerður að dýrlingi í kjölfarið. Varð hann brátt mjög vinsæll sem slíkur, þannig að einungis guðsmóðir skákaði honum í vinsældum.

Þess má geta að Nikulás var mjög vinsæll hér á Íslandi í kaþólskum síð sem og annars staðar. Þannig voru um 33 kirkjur tileinkaðar honum héraðslega þegar best lét.

Jólagjafirnar frá Nikulás

Dýrkun á heilögum Nikulásí jókst svo enn frekar eftir að ítalskir kaupmenn rændu líkamsleifum hans 1087; fluttu til Bari á Ítalíu



þar sem þeir reistu honum dómkirkju.

Fljótlega eftir það var farið að tengja nafn hans jólahaldinu og þá sérstaklega gjöfunum.

Er það talið koma frá helgisögn um að Nikulás hafi eitt sinn bjargað þremur fátækum stúlkum frá því að lenda í vændi. Og það á hann að hafa gert með því að gefa þeim gull.

Varð víða síður að gefa börnum gjafir á messudegi Nikulásar 6. desember en smám saman

færðist þetta yfir á jolin. Þó var misjafnt eftir löndum hvenær á jolumum gjafirnar voru gefnar, ýmist á aðfangadagskvöld, jóladag, annan í jolum eða þá um áramót og á þrettándanum. Er þetta reyndar enn mismunandi eftir löndum.

Nikulás verður Santa Claus

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og Nikulás kallinn tekið ýmsum breytingum. Mestu munar þar um áhrif bandarískra kaupa-

héðna en síður og sögur um Nikulás bástur til nýja heimsins á sínum tíma með hollenskum innflytjendum.

Kölluðu þeir hann Sinter Klaas uppá hollensku sem breyttist síðan í Santa Claus einsog hann heitir upp á amerísku í dag.

Fóru menn að teikna af honum myndir þar sem hann var gjarnan hafður í síðri kápu, yfirleitt purpuralitri; rauði liturinn var enn ekki orðinn sérstakur einkennislitur jólaþarna þegar hér var komið sögu.

Orðið jól úr heiðnum síð

Hvers vegna skyldu norrænir menn kalla þessa miklu kristnu hátíð sem framundan er, jól? Hvaðan er það orð komið og hvað þýðir það? Eftirfarandi svar er að finna á Vísindavef Háskóla Íslands.

- Orðið jól kemur þegar fyrir í heiðnum síð og var þá notað um miðsvetrarblót, sólhvarfahátíð. Síðar þegar kristni barst til Norðurlanda og fæðingar Krists var minnst á svipuðum tíma færðist heitið á heiðnu hátíðinni yfir á þá kristnu.
- Í færeysku er notað jól, í dönsku, norsku og sænsku jul. Í norsku er jol upprunalegra, en jul er tekið að láni úr dönsku. Orðið juhla 'hátíð' er fornt tökuorð í finnsku úr norrænu og sýnir háan aldur orðsins. Uppruni orðsins er umdeildur. Elstu germanskar leifar eru í fornensku og gotnesku. Í fornensku eru til myndirnar ol í hvorugkyni og ola í karlkyni, til dæmis rra ola 'fyrsti jólamánuðurinn', það er 'desember' og fterra ola 'eftir jólamánuðinn', það er 'janúar'. Einnig er þar til myndin ili sem notuð var um desember og janúar.
- Í gotnesku, öðru forngermönsku máli, kemur fyrir á dagatali fruma juleis notað um 'nóvember', það er 'fyrir juleis, fyrir desember'. Skyld þessum orðum er íslenska orðið yllir notað um annan mánuð vetrar sem að fornu misseratali hófst 20.-26. nóvember.
- Sumir vilja tengja þessar orðmyndir indóevrópskum stofni sem merkir 'hjól' og að átt sé við árshringinn. Aðrir giska á tengsl við til dæmis fornindversku ycati 'biður ákaft' og að upphafleg merking hafi þá verið 'bænahátíð'. Hvort tveggja er óvíst.



Coca-Cola nútímavæddi Nikulás

Mesta byltingin á útli og kannski innræti Nikulásar varð hins vegar þegar gosdrykkjarisinn Coca-Cola ákvað að nota hann í auglýsingahefferð fyrirtekisins árið 1931.

Kókmenn vildu auðvitað hafa sveinka eftir sínu höfði og létu endurhanna útli hans í því augnamiði. Hugsanlega var það gert til að færa hann nær almenningi og frá tengingunni við kirkjuna um leið og hann var gerður nútímalegri. Og sá sem fullkomnaði verk-ið var teiknarinn Haddon Sundblom.

Í stað höfuðfatsins sem Nikulás hafði haft lengi, embættishöfuðfat biskups, var sett á hann rauð skotthúfa, kápan hans var stýtt í rauðan jakka og hann klæddur í rauðar buxur og svört stígvél. Allt var svo bryddað með hvítum loðkanti og sveinki sjálfur skartaði feiknamiklu skjanna-hvítu skeggi.

Og í þessari mýnderingu hefur hann orðið almenningseign og sést um allan heim á jolumum, hvort heldur er uppi á ísa köldu landi eða á sólríkum baðströndum suðurhafa. ■



JOE BOXER®

SKÓLAVÖRÐUSTIG • KRINGLUNNI • SMÁRALIND



Þingvellir í klakaböndum



Að sögn ljósmyndarans **Gunnars V. Andr ssonar** er sama hvenær komið er á Þingvöll – alltaf er fegurðin ólýsanlega mikil. Gunnar fór þangað og reyndi að fanga hluta af henni. Fréttablaðið býður upp á ljósmyndasýningu reyndasta ljósmyndara síns nú á aðventu.

Ég var þarna á dögum. Skrapp til Þingvalla í veðursældinni. Nú þegar stystur sólargangur er. Og varð vitni að ægifygurð þjóðgarðsins. Þarna eru fossar og flúðir í klakaböndum. Vatnið sjálft ófrosið og lítilt snjór," segir Gunnar V. Andr sson, ljósmyndari Fréttablaðsins.

Gunnar reyndi að fanga þá ægifygurð sem staðurinn býr yfir. Hann segir þar alltaf fallegt. „Það er bara þannig. Mér finnst ég alltaf koma með einhvern feng mynda þegar ég fer þangað.“

Gjárnar, Öxará og gamla kirkjan urðu Gunnari myndefni. „Kirkjan

er nú komin í umsjá ríkisins. Margra ára deilur hafa staðið um þetta litla en fallega hús," segir ljósmyndarinn og hlær. Hann bætir því reyndar við að það sé náttúrulega ekki síður jörðin sjálf sem verið hefur bitbein ríkis og kirkju. „En það er ólýsanlega fallegt þarna. Enda á heimsminjaskrá. Allar þessar gjár og hrikalegheit. Veisla fyrir augað.“

Og Gunnar ætti að vita það. Lengi hefur hann rýnt í gegnum linsuna. Í mars hélt hann upp á 40 ára starfsafmæli sitt með veglegri sýningu í Gerðarsafni. En hvaða blaður er þetta? Hvað segir ekki klisjan? Ein mynd segir meira en þúsund orð. jakob@frettabladid.is



VETRARRÍKI Á ÞINGVÖLLUM Gjárnar, Öxarárfoss, bærin og kirkjan.



ALLA DAGA Í HÚSI SKÁLDSINS

Guðný Dóra Gestsdóttir er framkvæmdastjóri Gljúfrasteins

ATVINNA 6



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Skrifstofustarf

Innflutnings- og þjónustufyrirtæki í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmann í fjölbreytt skrifstofustarf.

Starfið felur í sér reikningagerð, innheimtu og almenn skrifstofustörf. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. **Umsóknarfrestur er til 2. janúar nk.** Umsóknir sendist til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt SL -1907.

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR, SJÚKRAÞJÁLFARAR OG IÐJUPJÁLFAR



VIÐ LEITUM EFTIR FLEIRI FRÁBÆRUM EINSTAKLINGUM TIL AÐ TAKAST Á VIÐ FJÖLBREYTT OG KREFJANDI VERKEFNI Á SVIÐI HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU OG VINNUVERNDAR



Á heilbrigðissviði InPro/Liðsinnis er laust til umsóknar starf við hjúkrunarþjónustu til stofnana eða einstaklinga. Um er að ræða vaktavinnu á ýmsum sérsviðum hjúkrunar.

Á vinnuverndarsviði InPro er laust til umsóknar starf við vinnustaðaúttektir, áhættumat starfa, auk fræðslu og þjálfunar á sviði vinnuverndar.

Við leitum að einstaklingum sem eru faglega framúrskarandi, sjálfstæðir, sveigjanlegir og með góða samskiptahæfileika. Á móti bjóðum við fjölbreytt verkefni og skemmtilegt samstarf.

Upplýsingar eru veittar í síma 533 6300 og með fyrirspurnum á netföngin: maria@lidsinni.is og svava.jonsdottir@inpro.is

Markmið InPro er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks með hágæða heilbrigðisþjónustu og viðtækri þjónustu á sviði vinnuverndar.

InPro - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - Sími 533 6300 - www.inpro.is



Sérfræðingur við Ferðamála- og Hólmásetur og Háskólann á Hólum

Starf sérfræðings við Ferðamála- og Hólmásetur Íslands og Háskólann á Hólum er laust til umsóknar. Umsækjanda er ætlað að starfa að Hólum og stunda rannsóknir og kennslu á sviðum ferðamálafræði. Staðan skiptist til helminga milli Ferðamála- og Háskólans á Hólum. Kennsluskylda er gagnvart þeim síðarnefnda, en rannsóknarskylda gagnvart Ferðamála- og Hólmáseturi.

Um ráðningu til þriggja ára er að ræða með möguleika á fastráðningu, með þeim fyrirvara þó að fyrstu sex mánuðir skoðast sem gagnkvæmur reynslutími.

Eftirfarandi skilyrði eru höfð til hliðsjónar við ráðningu í stöðuna:

- Að umsækjandi búi yfir sérþekkingu á einhverju eftirtalinna sviða: Umhverfisfræði, náttúrufræði, menningarfræði eða afþreyingarfræði.
- Að umsækjandi búi yfir reynslu af og þekkingu á ferðaþjónustu á norðurlóðum.
- Um hæfi umsækjenda fer eftir ákvæðum laga um Háskólann á Hólum.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf sem þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og vottorð um námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send þrjú eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum, birtum og óbirtum, sem umsækjandi óskar eftir að metin verði (á rafrænu formi í þremur eintökum). Að auki má senda umsagnir tveggja eða þriggja dómbærra manna á vísindasviði umsækjanda. Einnig er nauðsynlegt að í umsókn komi fram hvaða verkefnum umsækjendur hafa unnið að, hverju þeir vinna að núna og ítarleg lýsing á fyrirhuguðum rannsóknum þeirra ef af ráðningu yrði.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi BHM við Háskólann á Hólum.

Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2007 og skal umsóknur og umsóknargögnum skilað í þremur eintökum til Ferðamála- og Hólmáseturs Íslands, Borgum við Norðurlóð, 600 Akureyri.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfum starfsins þegar ákvörðun liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veita forstöðumaður Ferðamála- og Hólmáseturs, Dr. Edward H. Huijbens, edward@unak.is og deildarstjóri Ferðamála- og Hólmáseturs Háskólans á Hólum, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, ggunn@holar.is.

KFC KÓPAVOGI



Leitum að hressu og áhugasömu fólki til að taka þátt í fjörinu.

Leitum að fólki, 16 ára og eldra, í heilsdags- eða hlutastörf í afgreiðslu, sal og eldhús.

Tökum daglega við umsóknum á staðnum.

PIPAR • SÍA • 69827



KÓPAVOGSBÆR

Leikskólinn Álfatún

- Matsveinn óskast til starfa í mótuneyti leikskólans Álfatúns í Kópavogi.

Um er að ræða fullt starf. Vinnutími getur verið sveigjanlegur.

Í leikskólanum er lögð áhersla á hollt og fjölbreytt fæði.

Í eldhúsi leikskólans eru eldaðar tvær máltíðir á dag auk síðdegishressingar.

Leikskólinn er þátttakandi í Sokrates-Comeniusáætlun Evrópusambandsins og er í samstarfi við fjóra skóla í Evrópu.

Áhugasamir hafi samband við leikskólastjóra, Jóhönnu Thorsteinson, í síma 863 9111.

Laun samkv. kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og SfK.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





Europäisches
Patentamt
European
Patent Office
Office européen
des brevets

The European Patent Office is currently recruiting

engineers and scientists

to work as **patent examiners** at its offices in
Munich, Berlin (DE) and The Hague (NL)

The European Patent Office – the patent granting authority in Europe – is a self-financing intergovernmental organisation with over 6000 staff at four different locations.

It currently has 31 member states and operates the fastest-growing regional patent system worldwide.

Working for the EPO means supporting innovation, competitiveness and economic growth for the benefit of European citizens.

Your job will be to examine patent applications in the three official languages and take decisions on the granting of patents valid in up to 36 European countries.

For more details (including the technical fields in which we have vacancies) and to apply online, please visit our web site:

www.epo.org/epo/patexam.htm

Your profile:

- National member of an EPO state
- Full university degree
- Good working knowledge of at least two of the EPO official languages (English, French and German) and willingness to learn the third before starting work as an examiner

Our offer:

- Long-term employment in an international environment at the forefront of technology
- Intensive initial training in all aspects of patent examination, follow-up courses
- Attractive salary, social security package and working conditions generally



RAUNGREINAKENNARI OG STUNDAKENNARI Í TÖLVUTEIKNINGU ÓSKAST

Fjoltækniskóli Íslands auglýsir eftir raungreina-kennara og stundakennara í tölvuteikningu á komandi vorönn.

- Aðalkennslugrein í raungreinum verður efnafræði/náttúrufræði.
- Í tölvuteikningu er notað forritið Inventor

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri vélstjórnar- og tæknisviðs í síma 522 3330

Umsóknir berist fyrir 28. desember til Fjoltækniskóla Íslands við Háteigsveg, 105 Reykjavík



SKRIFSTOFUSTJÓRAR

Hagstofa Íslands auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður skrifstofustjóra.

Hagstofa Íslands veitir áreiðanlegar og óhlutdrægar tölfræðilegar upplýsingar til að stuðla að málefnalegri umræðu um efnahags- og félagsmál. Hagstofan er eitt af ráðuneytum Stjórnarráðsins en er faglega sjálfstæð. Hagstofa Íslands skiptist í þrjú svið og fer skrifstofustjóri fyrir hverju sviði. Hagstofustjóri, skrifstofustjóri og fjármálastjóri mynda yfirtjórn Hagstofunnar.

Skrifstofustjóri þjónustu- og þróunarsviðs

Skrifstofustjóri þjónustu- og þróunarsviðs ber ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins og faglegri þróun þess. Undir sviðið heyra könnunardeild, upplýsingadeild og upplýsingatæknideild. Þá ber skrifstofustjóri ábyrgð á starfsmannahaldi, símenntun starfsfólks og starfsþróun og hefur forystu um gæðamál.

Menntunar- og hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi á sviði félagsvísinda, hagfræði eða tölvfræði. Við mat á umsóknum verður litið til menntunar, starfsreynslu og hæfni.

Nánari upplýsingar um störfina veitir hagstofustjóri í síma 528 1010.

Skrifstofustjóri efnahagssviðs

Skrifstofustjóri efnahagssviðs ber ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins og faglegri þróun þess. Undir sviðið heyra framleiðslu- og fyrirtækjadeild, opinber búskapur og tekjuskipting, utanríkisverslunardeild, vísitöludeild og þjóðhagsreikningadeild.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is eða senda umsókn á ofangreind netföng. Í umsókn skal veita upplýsingar um menntun, starfsferil og reynslu.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



SÖLURÁÐGJAFI HLJÓÐ- OG MYNDLAUSNA

Nýherji óskar eftir að ráða söluráðgjafa í deild Hljóð- og myndlausna.

- Hjá Hljóð- og myndlausnum Nýherja starfa margir af helstu sérfræðingum landsins á sviði hljóð- og myndlausna. Þekking þeirra og góð tengsl við mörg af fremstu tæknifyrirtækjum heims gera Nýherja leiðandi á þessu sviði.
- Leitað er að nýjum liðsmanni til að styrkja hópinn enn frekar til að takast á við ný og krefjandi verkefni.

- Um er að ræða fjölbreytt starf við ráðgefandi sölu á hljóð-, mynd- og stjórnbúnaði.

- Gerð er krafa um stúdentspróf eða sambærilega menntun og reynslu af sölustörfum, sem og haldgóða þekkingu á þeim búnaði sem um ræðir. Mikilvægt að umsækjandi hafi góða almenna tölvukunnáttu og ríka þjónustulund. Mikil áhersla er lögð á frumkvæði í starfi og áreiðanleg vinnubrögð.

Nýherji er eitt öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins sem býður upp á breiða línu af vörum, þjónustu og lausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Nýherji býður einnig upp á fjölbreyttan tækjabúnað fyrir innri tækni- og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

GEIMURINN BÍÐUR

CCP LEITAR AÐ STARFSFÓLKI

CCP er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og áskriftarsölu á stafrænni afþreyingu gegnum Internetið. CCP var stofnsett 1997 og fyrsta vara fyrirtækisins er leikurinn EVE-Online. CCP óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

AÐSTOÐARMANNTJÓRI FJÁRMÁLASTJÓRA - CCP

CCP óskar að ráða aðstoðarmann fjármálastjóra. Leitað er að mjög nákvæmum og samvisskusömum aðila með góða greiningarhæfni.

Starfssvið:

- Kostnaðargreining
- Vikulegar, mánaðarlegar og ársfjórðungslegar skýrslur
- Náin vinna með fjármálastjóra við áætlanagerðir
- Ýmis önnur fjölbreytt og skemmtileg alþjóðleg verkefni

Hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðipróf eða sambærileg menntun
- Reynsla og þekking af Navision
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mjög góð enskukunnátta í tal og ritmáli

KERFISSTJÓRI - CCP

CCP óskar að ráða kerfisstjóra til starfa.

Starfssvið:

- Rekstur upplýsingakerfi CCP og EVE-Online
- Netrekstur
- Uppsetningar á upplýsingakerfum
- Ýmis önnur krefjandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Cisco CCNA eða sambærileg gráða skilyrði
- Framúrskarandi þekking og mikil reynsla af netbúnaði og kerfisrekstri
- Góð þekking á BGP, SLB og öðrum internet stöðlum
- Þekking á MS Windows server kerfum
- Mjög góð enskukunnátta í tal og ritmáli
- Reynsla af tölvuleiknum EVE-Online kostur

TEKJUSTJÓRI - CCP

CCP óskar að ráða öflugan starfsmann í fjármáladeild fyrirtækisins. Viðkomandi mun annast og bera ábyrgð á tekjuhlíð fyrirtækisins í heild sinni.

Starfssvið:

- Umsjón með tekjuskráningu samstæðu
- Afstemming tekna
- Náin vinna með fjármálastjóra

Hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun af sviði fjármála
- Góð þekking á samstæðuuppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð áætlana mikill kostur
- Reynsla af bókhaldi skilyrði
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi

HAGFRÆÐINGUR - CCP

CCP óskar eftir hagfræðingi.

Starfssvið:

- Aðalgreinandi hins 170.000 manna hagkerfis EVE-Online
- Útgáfa mánaðarlegra- og ársfjórðungslegra skýrslna um hagkerfi EVE-Online
- Samskipti við fjölmiðla

Hæfniskröfur:

- Masterspróf eða P.hd í hagfræði
- Það er álitin kostur ef viðkomandi hefur fengið greinar sínar birtar í erlendum tímaritum
- Þekking á gagnagrunnum, sérstaklega Microsoft SQL Server er kostur

Í boði eru spennandi störf hjá alþjóðlegu fyrirtæki en CCP er með um 170.000 áskrifendur í 90 löndum. Fyrirtækið starfar í þremur heimsálfum og hefur starfsmannafjölda þess aukist úr 62 í 166 á þessu ári.

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar n.k. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is





Atvinna Skrifstofustarf

Laust er til umsóknar starf á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga. Um er að ræða 70-100% starf við afgreiðslu, almenn skrifstofustörf og verkefni tengd bókhaldi.

Hæfniskröfur:

- Verslunar- eða stúdentspróf og/eða reynsla af skrifstofustörfum.
- Tölvukunnátta er áskilin.
- Reynsla og þekking á skjalavörslu og bókhaldi er kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 29. desember n.k.
Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu bæjarins.

Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð og upplýsingar um Sveitarfélagið Voga á heimasíðunni: www.vogar.is

Umsóknunum, ásamt upplýsingum um menntun og ferilskrá skal skila á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga merkt „Skrifstofustarf“.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesjabyggða.

Nánari upplýsingar eru veitir Anna Hulda Friðriksdóttir skrifstofustjóri í síma 424-6660.



PRENTSMIÐJUSTJÓRI ÓSKAST

Prentmet Vesturlands, Heiðargerði 22 Akranesi, óskar eftir að ráða prentsmiðjustjóra. Mjög spennandi starf er í boði fyrir réttan aðila.

Starfið er aðallega fólgið í:

- Móttöku viðskiptavina og þjónustu við þá.
- Sölu, prentaðgjöf og tilboðagerð.
- Umbroti/uppsetningu prentgripa.
- Framleiðslustýringu.
- Starfsmannastjórnun.
- Tengslum við móðurfyrirtækið, Prentmet í Reykjavík, og að vinna og stýra eftir stefnu þess.

Hæfniskröfur:

- Prentsmiður eða sambærileg menntun.
- Reynsla og þekking á stjórnun.
- Góð tölvuþekking

Við leitum að aðila sem er ábyrgðarfullur, duglegur, heiðarlegur, traustur og góður í samvinnu, sýnir frumkvæði, og þjónustulund og eflir heildina. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Atvinnuumsókn er á heimasíðunni www.prentmet.is

Umsóknarfrestur er til 22. desember 2006.

Nánari upplýsingar um starfið eru hjá starfsmannastjóra í síma 8560604.

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálslí 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

Vélstjóri í landi

Hamrafell ehf óskar eftir því að ráða vélstjóra til þess að sinna viðhaldi og viðgerðum. Jafnframt mun starfið felast í að sjá um viðhald skips fyrirtækisins í landlegum.

Upplýs. í síma 565 0830 og á Hamrafell@hamrafell.is



Hornstrandir - Ráðstefna um skipulagsmál 26.-27. janúar 2007

Ráðstefna um skipulagsmál í fyrrum Sléttu- Grunnavíkur- og Snæfjallahreppum verður haldin 26.-27. janúar 2007 í Hömrum á Ísafirði. Ráðstefnan er hluti af vinnu við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Til umfjöllunar verður landnýting og framtíðar skipulag svæðisins. Hagsmunaaðilar og sérfræðingar munu ræða um vernd svæðisins, ferðaþjónustu og nýtingu landeigna á svæðinu og á öðrum sambærilegum svæðum.

Ráðstefnan er öllum opin og ekkert þátttökugjald.

Nánari upplýsingar um Hornstrandir má finna á vef Umhverfisstofnunar:

<http://www.ust.is/Frodleikur/Fridlystsvaedi/nr/1210>

Dagskrá ráðstefnunnar er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi auglýsir eftir

Forstöðumanni skammtíavistana fyrir fötluð börn á Vesturlandi

Svæðisskrifstofa Vesturlands óskar eftir þroskaþjálfara, eða fólki með aðra menntun á sviði uppeldis og félagsvísinda í starf forstöðumanns skammtíavistana fyrir fötluð börn sem er í Holti við Borgarnes og á Gufuskálum Snæfellsbæ.

Forstöðumaðurinn er þátttakandi í þverfaglegri þjónustu svæðisskrifstofunnar. Lögð er stórkost áhersla á gott samstarf við fjölskyldur barnanna og starfsfólk við uppbyggingu og framkvæmd þjónustunnar. Áhersla er lögð á að byggja upp félagsleg tengsl barnanna og virðingu fyrir sérstöðu hvers einstaklings.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða samstarfshæfileika og virði aðra á jafnréttisgrundvelli.

Skammtíavistanirnar eru fyrst og fremst starfandi um helgar, en einnig er þjónusta í miðri viku. Auk forstöðumannsstarfsins mun viðkomandi sinna öðrum verkefnum á vegum Svæðisskrifstofunnar.

Um er að ræða fullt starf.

Umsóknarfrestur er til 31. desember n.k.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Þorgrímsson framkvæmdastjóri í síma 893 8580 netfang: magnus@sfvesturland.is. Laun skv. gildandi kjarasamningum.

Skriflegar umsóknir sendist til Svæðisskrifstofu Vesturlands Bjarnarbraut 8 - 310 Borgarnes.

Bókhaldsfulltrúi



Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða til sín fulltrúa í bókhald.

Starfssvið:

- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Reikningagerð í dótturfélögum
- Skönnun skjala og samninga
- Önnur bókhaldstengd verkefni

Menntun og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun skilyrði
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Ensukunnátta í töluð og rituðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af Concorde eða öðru sambærilegu tölvukerfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Áhugasamir sendi greinagóða umsókn sem tilgreinir menntun, reynslu og fyrri störf til Ölgerðarinnar, Grjóthálsi 7-11, merkt *Egils-bókhald* eða á netfangið ee@egils.is fyrir 31. desember n.k.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veita Elísabet Einarsdóttir, starfsmannastjóri í síma 580 9029 og Jónas Birgisson deildastjóri bókhaldsdeildar í síma 580 9069.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. · Grjóthálsi 7-11 · 110 Reykjavík · sími 580 9000 · www.egils.is

Öflugt fyrirtæki í forystuhlutverki

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. er framsækið og leiðandi fyrirtæki á sviði drykkjarvöru. Markmið fyrirtækisins er að vera besta markaðs- og sölufyrirtæki landsins.

Hlutverk Ölgerðarinnar er að bjóða upp á heildarlausnir á drykkjarvörumarkaði með hágæða vöru og þjónustu. Fyrirtækið er eitt elsta fyrirtæki landsins með sterka gæðaimynd og hefur m.a. unnið Íslensku ánægjuvögina 5 ár í röð.

Á meðal vörumerkja má nefna Appelsín og Malt, Pepsi, Pepsi Max, Kristal, Smirnoff, Rosemount, Penfolds, Masi, Cato Negro, Grand Marnier, Gordons, Egils Gull, Egils Lite, Tuborg, Fríski Fríski, Doritos, Lays og Gatorade. Ölgerðin leggur ennfremur mikla áherslu á öfluga vöruþróun.

Hjá fyrirtækinu starfa um 140 starfsmenn með viðtæka þekkingu, menntun og reynslu sem sameiginlega hafa skapað metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.



ÞJÓNUSTUFULLTRÚI TÆKJALEIGU

Kvikmyndafyrirtækið Pegasus auglýsir laust til umsóknar starf þjónustufulltrúa tækjaleigu.



Í starfinu felst umsjón og útleiga á kvikmyndabúnaði og samskipti við innlenda og erlenda kvikmyndagerðarmenn. Æskilegt er að umsækjandi búi yfir mjög góðri enskukunnáttu, þjónustulipurð auk brennandi áhuga á kvikmyndagerð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Snorri Þórisson Umsóknarfrestur rennur út 29. desember. Umsóknir óskast sendar á netfangið snorri@pegasus.is eða með pósti merkt:

Þjónustufulltrúi
Pegasus · Sóltún 24 · 105 Reykjavík
Sími 4142000 · www.pegasus.is

Fjöldi starfa í boði

www.radning.is**RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN**

Persónuleg og fagleg þjónusta

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700

COAST**leitar eftir ábyrgu sölufólki
í fullt starf og hlutastarf**

Umsækjendur þurfa að hafa þekkingu og reynslu í sölumennsku, vera góðir í mannlegum samskiptum og gæddir þjónustulund.

Umsóknir sendist til Coast, starfsmannafulltrúa, Hagasmára 1, 201 Kópavogur eða á netfangið sigrun@hbu.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2006.

Gott fólk óskast**Aðstoðarverslunarstjóri****Starfssvið:** Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar, svo sem sölu, útliti, mönnun og öðrum verkefnum.**Hæfniskröfur:** Reynsla af verslunarrekstri, skipulögð og nákvæm vinnubrögð, frumkvæði og metnaður, hæfni í mannlegum samskiptum, mjög góð ensku- og tölvukunnátta og brennandi áhugi á tísku.**Hlutastörf**

Umsækjendur þurfa að hafa þekkingu og reynslu í sölumennsku, vera góðir í mannlegum samskiptum og gæddir þjónustulund.

evans.Umsóknir sendist til Evans, starfsmannafulltrúa, Hagasmára 1, 201 Kópavogur eða á netfangið sigrun@hbu.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2006.

LÍNUHÖNNUN LEITAR AÐ VERK- OG TÆKNIFRÆÐINGUM**STARFSSVIÐ / FIELD OF OPERATION:**

- **Nýbyggingarsvið / Building Design**
 - Burðarþolshönnun / Structural design
- **Vega- og byggðasvið / Transportation Structures**
 - Veghönnun / Highway design
- **Bygginga- og viðhaldssvið / Buildings and Maintenance**
 - Ráðgjöf við endurgerð og viðhald mannvirkja / Restoration and maintenance
 - Framkvæmdaeftirlit / Supervision
- **Orkusvið / Energy**
 - Burðarþolshönnun háspennuvirkja, innanlands og erlendis / Structural and civil design of transmission lines, in Iceland and abroad
- **Umferðar- og skipulagssvið / Traffic and Planning**
 - Umferðartækni, umferðaröryggi, umferðarskipulag / Traffic technology, traffic safety, traffic planning
 - Viðhald gatna / Asphalt pavements
- **Umhverfis- og öryggissvið / Environment and Safety**
 - Úrlausn umhverfistæknilegra verkefna svo sem hönnun frárennslikerfa og skólphreinsikerfa / Environmental engineering related projects, such as design of sewer and wastewater treatment systems
 - Meðhöndlun og endurvinnsla úrgangs og mengaðs jarðvegs og loftgæðamál / Treatment and recycling solutions for solid waste and contaminated soil and air quality control

HÆFNISKRÖFUR / EDUCATION OR EXPERIENCE:

- Háskólapróf í byggingarverkfræði eða tæknifræði / University degree in civil engineering
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði / Initiative and organizing skills
- Sjálfstæði í vinnubrögðum / Independence at work

Umsækjendum er bent á að sækja um gegnum heimasíðu okkar: www.lh.is Frekari upplýsingar gefur Ásta Björk Sveinsdóttir starfsmannastjóri í síma 585-1505 eða með tölvupósti: asta@lh.isFor more information, please contact our staff manager Ásta Björk Sveinsdóttir, Email: asta@lh.is or apply through our website: www.lh.isLínuhönnun hf. er framsækin verkfræðistofa sem leggur metnað sinn í fagmennsku, vönduð vinnubrögð og léttan og skemmtilegan starfsanda. **Þekking starfsmanna og hæfni þeirra er mikilvægasta auðind fyrirtækisins.** Línuhönnun hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir starfsemi sína og þjónustu. Kjörorð Línuhönnunar og loforð til viðskiptavina er:

....á vit góðra verka....

**Línuhönnun
verkfræðistofa**Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík
www.lh.isSími: 585 1500
Fax: 585 1501
lh@lh.is



„Umhverfið hér í Mosfellsdal er alltaf fallett og síbreytilegt,“ segir Guðný Dóra Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Gljúfrasteins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alla daga í húsi skáldsins

Guðný Dóra Gestsdóttir er framkvæmdastjóri Gljúfrasteins segir hús skáldsins veglegan vinnustað.

„Starf mitt felur í sér að halda utan um starfsemina hér í Gljúfrasteini sem var heimili og vinnustaður Halldórs Kíljan og Auðar konu hans, en er orðið safn sem er opið almenningi alla daga nema mánudaga,“ segir Guðný Dóra beðin að lýsa daglegum viðfangsefnum. „Partur af mínu starfi er að taka á móti gestum og við erum fleiri í því enda koma margir að Gljúfrasteini, einstaklingar, fjölskyldur og hópar. Til dæmis er mikið um hópa skólafólks og erlendra ferðamanna og oft þurfum við að stjórna umferðinni þannig að við myndum hálfgerða halaröfu gegnum húsið. Þá setjum við inn hóp og eftir fimm mínútur kemur næsti og þannig koll af kalli.“

Nú fyrir jólin hafa upp-lestrar úr bókum verið fastur verið liður á sunnudögum að sögn Guðnýjar Dóru. „Það skapast alltaf sérstök

og heimilisleg stemning þegar fólk kemur hér saman,“ segir hún og getur þess að síðastliðið sumar hafi stofutónleikar verið á dagskrá á sunnudögum. „Þannig var það oft í gamla daga þegar skáldið var og hét og þetta heppnaðist vel í sumar. Hingað komu allskonar listamenn, bæði þekktir og minna þekktir og það var mjög skemmtilegt.“

Guðný Dóra lítur líka lengra fram á veginn í sínu starfi og rýnir í framtíðina. „Hugmyndirnar snúast um að byggja frekar upp í kringum Gljúfrastein,“ segir hún. „Ekki við húsið sjálft heldur einhversstaðar í nágrenninu þar sem hægt er að taka á móti stærri hópum, þó ekki sé nema vegna þess að flesta langar í kaffisopa eða einhverja hressingu.“

Varla þarf að taka fram að Guðný Dóra kveðst kunna ljómandi vel við starf sitt og vinnustað og segir Mosfellsdalinn heillandi heim. „Kaldakvísl er núna í klakaböndum. Þannig er umhverfið hér alltaf fallett og síbreytilegt.“

gun@frettabladid.is

Konur í stjórnunarstöðum

NÁMSSTEFNA UM KONUR OG STJÓRNUN FYRIRTÆKJA VERÐUR HALDIN Á HÓTEL NORDICA 11. JANÚAR MILLI KLUKKAN 8 OG 12.

„Markmiðið með námsstefnunni er að konur auki þekkingu sína á stjórnarsetu og stjórnunarstöðum og effli tengsl sín á milli. Hugmyndin er sú að höfða til breiðs hóps,“ segir Margrét Kristmannsdóttir formaður Félagsskvanna í atvinnurekstri sem stendur að námsstefnunni ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og Samtökum atvinnulífsins. Síðan lýsir hún dagskránni í stuttu máli. „Það er byrjað á morgunverði klukkan 8 og svo opnar Svafa Grönfeldt námsstefnuna með fyrirlestri um frumkvöðlafræði en síðan skiptast á pallborðsumræður og fræðsluerindi. Fyrri panellinn er skipaður konum í stjórnunarstöðum og fyrir þær verða lagðar spurningar um hvað þurfi að gera til að komast í stöður. Seinni panellinn er skipaður körlum og sömu spurningar verða lagðar fyrir þá. Námsstefnustjórar verða Þór Sigfússon forstjóri Sjóvá og Þórunna Jónsdóttir framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Vistor.“



Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff er formaður Félagsskvanna í atvinnurekstri.

FOSSHÓTEL
Vinalegi sem allt heit

Langar þig að vinna hjá vinalegustu hótelleiðju Íslands?

Laust er starf í gestamóttökunni á Fosshótel Lind




Hæfniskröfur:

- Reynsla af svipuðu starfi æskileg
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum
- Þjónustulund og gestrisni
- Tölvu-, bókalda- og skipulagsfærni
- Vingjarnleiki
- 20 ára lágmarksaldur fyrir dagvakt

Umsóknareyðublað má nálgast á www.fosshotel.is Umsóknarfrestur er til 28. desember 2006. Nánari upplýsingar veitir Lára Sigríður Haraldsdóttir, hóteltjóri, í síma 562 3350 eða í gegnum tölvupóstfangið lara@fosshotel.is

Sölustarf

Áhugavert sölustarf hjá Jóhanni Ólafssyni & Co ehf.



Vegna fjölda fyrirbyggjandi verkefna leitum við að sölumanni til framtíðarstarfa.

www.olafsson.is

Starfssvið

- Starfið snýst um sölu á lausnum til fyrirtækja og stofnana með tilheyrandi heimsóknunum, samningagerð og eftirfylgni.

Menntun og hæfniskröfur

- Reynsla af sölumennsku nauðsynleg
- Haldbær þekking á tölvum og hugbúnaði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður í starfi

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 23. desember 2006. Númer starfs er 6155.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Elísabet Sverrisdóttir. Netföng: thorir@hagvangur.is elisabet@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Reykjavíkurborg

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í leikskólum

Deildarstjóri

- Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660.
- Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470.
- Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085.

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
- Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455.
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
- Rauðaborg, Viðarás 9, sími 567-2185.
- Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380.
- Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085.
- Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040.
- Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810.

Sérkennsla

- Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085.

Yfirmaður í eldhúsi

- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870.

Aðstoð í eldhúsi

- Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470.
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870.

Skilastaða/hlutastarf

- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.

Laus störf í grunnskólum

Austurbæjarskóli, sími 411-7200.

• Náms- og starfsráðgjafi.

Borgaskóli, sími 577-2900.

• Skólaliði

Engjaskóli, sími 510-1300.

• Skólaliði

Foldaskóli, sími 540-7600.

• Náms- og starfsráðgjafi.

Háteigsskóli, sími 530-4300.

• Kennari í móttökudeild og sérkennslu

• Umsjónarkennari á miðstigi

• Stuðningsfulltrúar

• Skólaliðar

Klébergsskóli, sími 566-6083.

• Íþróttakennari, 60% starf.

Langholtsskóli, sími 553-3188.

• Kennari í 6. bekk og náttúrufræði á unglingsstigi frá áramótum

• Stuðningsfulltrúar

• Skólaliðar

Laugarnesskóli, sími 411-7444.

• Starfsmaður í eldhúsi.

Seljaskóli, sími 411-7520.

• Kennari óskast vegna forfalla

• Skólaliði

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólustjórar og aðstoðarskólustjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Öll laus störf í leik- og grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Smiður eða laghentur maður óskast til starfa í PVC- gluggaverksmiðju.

Um er að ræða spennandi starf í ört vaxandi fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Umsækjandi þarf að vera duglegur, skipulagður og hafa góða samkiptahæfileika.

Reynsla úr byggingaiðnaðinum er nauðsynleg.

Góð laun eru í boði fyrir góðan starfskraft.

Umsóknir sendist á pgv@pgv.is

BYGGINGAVERKFRÆÐINGUR / TÆKNIFRÆÐINGUR.

Verkfræðistofan Hamraborg sf óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing til starfa sem fyrst í burðarþolsverkefni.

Góð þekking á burðarþolsfræði og þekking á autocad æskileg.

Nánari upplýsingar gefur Sævar Geirsson í síma 554 2200. Umsóknir sendist með tölvupósti saevar@hamraborg.is

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 – 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 – Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is



Foldaskóli

Námsráðgjafar

Staða náms- og starfsráðgjafa í Foldaskóla er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% frá og með 1. mars 2007 eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur til 1. febrúar 2007.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Kristinn Breiðfjörð, í síma 540 7600.



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Afgr./baðvarsla kvenna 70%

Félagspjónusta Kópavogs:

- Aðstoð við heimilisstörf

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hjallaskóli:

- Dönskukennari 40%
- Umsjónarkennari á yngsta stig

Kársnesskóli:

- Dægradvöl/starfsmaður 50%

Kópavogsskóli:

- Dægradvöl/starfsmaður 50%

Salaskóli:

- Íþróttakennari v/foreldraorlofs

Smáraskóli :

- Stuðningsfulltrúi 70%
- Matráður 100% jan. og febrúar
- Íþróttakennari v/foreldraorlofs

Vatnsendaskóli:

- Kennari í árgangateymi í 3. - 6. bekk
- Kennari í árgangateymi í 7. - 8. bekk
- Heimilisfræðikennsla v/forfalla
- Smíðakennsla v/forfalla frá áramótum
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi 50-80%

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Álfatún: 564 6266

- Leikskólak. /leiðbeinandi
- Deildarstjóri
- Matsveinn

Dalur: 554 5740

- Deildarstjóri 50%
- Leikskólakennari 100%

Efstihjalli: 554 6150

- Leikskólakennari
- Sérkennsla

Fagrabrekka: 554 2560

- Leikskólakennari

Fífusalir: 570 4200

- Matráður

Marbakki: 564 1112

- Leikskólakennarar til lengri eða skemmri tíma

Núpur: 554 7020

- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240

- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

Smárahvammur: 564 4300

- Leikskólakennari f.hádegi
- Leikskólakennarar

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

Saman náum við árangri

SAMSKIP

> Vaktstjóri í öryggishlið óskast til Samskipa

> Fyrirtækið

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum.

Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 55 skrifstofum í 23 löndum.



Við leitum að samviskusömum starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á öryggismálum til starfa sem vaktstjóri í öryggishliði Samskipa. Um er að ræða starf við aðgangsstýringu inn á svæði Samskipa, öryggiseftirlit og daglega verkstjórn öryggisvarða. Einnig er hluti af starfinu skráning í tölvukerfi, samskipti og öryggistengd þjónusta við starfsmenn og viðskiptavini og önnur verkefni sem tengjast öryggisvörslu á svæði Samskipa v/Kjalarvog.

> Vinnutími

07.55 – 16.00 virka daga.

> Hæfniskröfur

Stúdentspróf, sambærileg menntun eða haldgóð reynsla. Góð íslensku- og enskukunnátta og góð athyglisgáfa. Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa fagaða framkomu, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund. Skilyrði er að umsækjandi hafi með hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil.

> Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa samskip.is. (veljið „Vaktstjóri í Hliði – auglýst staða 17.12.2006“) fyrir 22. desember 2006. Bergvin Þórðarson, öryggisstjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8535. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.





Pessir virðast vel úthvildir en margir fá ekki lögbundinn hvíldartíma yfir hátíðirnar. Hann má aldrei vera styttri en 8 tímar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Næg hvíld í jólavertíðinni

Samkvæmt samningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands er lögbundinn hvíldartími 11 klukkustundir. Hann má þó skerða í 8 klukkustundir við sérstakar aðstæður.

Jólin eru mikill álagstími í mörgum atvinnugreinum, unnið er myrkanna á milli og hvíldartími verður aukaatriði. Auglýsingar um lögbundinn hvíldartíma hafa vakið mikla athygli en þar á starfsmaður á kassa í matvörubúð erfitt með að kúpla sig úr vinnunni. Hún sést renna jólasteikinni gegnum geislann og furðar sig á því að ekkert verð komi upp en hún áttar sig svo á að hún situr við matarborðið á aðfangadagskvöldi.

Hvíldartími er hinsvegar lögbundinn og í kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands er hann 11 klukkustundir. Í tilvikum

þar sem þjarga þarf verðmætum má lengja vinnudag úr 13 tímum í 16 og veita þá 8 tíma í hvíld. Hvíldartíminn má hinsvegar aldrei verða styttri en 8 samfelldir tímar. Þetta á við um fasta vinnu en ekki vaktavinnu.

Ef hvíldartími skerðist á starfsmaður rétt á einum og hálfum tíma í hvíld fyrir hvern klukkutíma sem fellur niður. Heimild er fyrir því að að borga þennan hálf-tíma en aðeins ef starfsmaður óskar þess. Ef hvíldartími er skertur fyrir frídag skal fara með það á sama hátt og ef um vinnudag væri að ræða.

Starfsmaður á enn fremur lögbundinn rétt á einum frídegi á viku, miðað við að vika byrji á mánudegi. Heimilt er að gera kjarasamning um frestun frídagsins en það er samningsatriði milli starfsmanns og atvinnurekanda.

Kjarasamninga sem innihalda nánari upplýsingar um hvíldartíma má finna á www.sgs.is

trygvi@frettabladid.is

HVERNIG VERÐUR MAÐUR... DÝRALÆKNIR



Nám til dýralækninga tekur fimm og hálf til sjö ár og í sumum skólum er krafist góðs stúdentsprófs úr raungreinadeildum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Eingöngu kennt í erlendum skólum

Starfið:

Um það 70 dýralæknar starfa hér á landi og um 30 erlendis. Dýralæknar greina dýrasjúkdóma og veita lækni meðferð. Þeir geta sérhæft sig í einstökum sjúkdómaflokkum eða dýrategundum. Héraðsdýralæknar starfa við opinbert eftirlit með búfjarhaldi og matvælaframleiðslu. Dýralæknar starfa sem heilbrigðisfulltrúar við opinbert heilbrigðiseftirlit. Dýralæknar starfa við innra heilbrigðis- og gæðaeftirlit í fisk-, kjöt- og mjólkurvinnslufyrirtækjum.

Um námið:

Nám í dýralæknisfræði er háskólanám sem tekur 5 1/2 til 7 ár eftir stúdentspróf. Í sumum dýralæknaháskólum er krafist stúdentsprófs úr raungreinadeildum og víða er aðgangur það tak-

markaður að krafist er góðs stúdentsprófs. Dýralæknisnám er hægt að stunda í ýmsum löndum erlendis, en ekki er hægt að taka neinn hluta af náminu hér á landi. Íslenskir dýralæknar hafa lokið námi frá Danmörku, Noregi Þýskalandi, Svíþjóð, Skotlandi og Austurríki.

Helstu námsgreinar:

Námið er bóklegt og verklegt og tekur til læknisfræðilegra greina, fódurfræði og búfjárræktar og greina varðandi matvæla- og heilbrigðiseftirlit. Til þess að fá endanlegt dýralækningaleyfi hér á landi þarf að sækja stutt námskeið á vegum Yfirráðum dýralæknisembættisins þar sem tekin eru fyrir íslensk lög og reglur og sérstakar aðstæður hér á landi.

www.idan.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili

Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili er í miðbæ Reykjavíkur. Í október 2005 var tekin í notkun ný deild. Einnig er lokið breytingum á eldri deildum heimilisins. Litlir kjarnar, heimilislegt umhverfi. Allir búa í einbýli. Einnig hefur verið unnið að breyttum áherslum í skipulagningu og við umönnun íbúa heimilisins. Komið er til móts við þarfir starfsmanna um sveigjanlega vinnutíma með Time Care tímastjórnunar kerfinu.

Hjúkrunarfræðingar/hjúkrunarnemar

Hjúkrunarfræðingar með áhuga á vinnu með öldruðum óskast á til starfa á kvöld og helgarvaktir á allar deildir heimilisins.

Sjónvarpstæki
sem fékk
Eisa verðlaun
fyrir bestu tækni
í baklýsingu



LE40N71BX 
40" LCD sjónvarpstæki
sjónvarpsmóttakari
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bitá litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video, USB
Verð: **339.900,-**



LE40M71BX 
40" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bitá litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
100 Hz LCD • Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minnskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178° • Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite
og S-video, USB
Verð: **359.900,-**



LE32N71BX 
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: **219.900,-**

LE32M71BX 
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: **249.900,-**



LE32R71WX 
32" LCD sjónvarpstæki
sjónvarpsmóttakari • DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bitá litavinnsla - • 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768 • Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur • Contrast: 3000:1
Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **179.900,-**



Litir: Hvítt / Svart

LE19R71BX 
19" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari; • DNLe stafræn myndleiðrétting • Upplausn 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur • Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2 • Sjónsvið 160°/160° • Mynd í mynd (1 tuner) • Tengir: DVI, SCART,
PC(D-sub) • Composit og S-video.
Verð: **74.900,-**


Litir: Hvítt / Svart

LE32R74BDX 
32" LCD sjónvarpstæki
Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
DNLe stafræn myndleiðrétting
10-bitá litavinnsla - • 12,8 milljarðar lita • Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 5000:1 • Birta: 500 cd/m2 • Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **199.900,-**



LE40R74BDX 
40" LCD sjónvarpstæki
Verð: **299.900,-**



Samsung LE23R71BX 
23" LCD sjónvarpstæki
Sjónvarpsmóttakari; • DNLe stafræn myndleiðrétting Upplausn 1366 x 768 •
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) • Svartími: 8 millisekúndur • Contrast 2000:1 • Birta:
500cd/m2 Sjónsvið 170°/170° • Mynd í mynd (1 tuner). Tengir: HDMI, Komponent
• SCART x 2, PC(D-sub) • Composit og S-video.
Verð: **109.900,-**



imago i auglýsingastofla i imago.is

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

ORMSSON

ormsson.is

VÍK
EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

BÓKABÚÐIN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

Pegar leikstjórinn Tony Scott gerir kvikmyndir þá má bóka að mikið sé lagt í spennu og hasar. Vanalega springa nokkur farartæki og stundum jafnvel byggingar eða þá manneskjur. Hann er þekktastur fyrir myndirnar *Enemy of the State*, *True Romance*, *Top Gun* og *Man on Fire* sem skartaði Denzel Washington í aðalhlutverkinu. Þeir félagar leiða saman hesta sína á nýjan leik í myndinni *Dejà Vu*. Myndin fjallar um rannsóknarlögreglumann, leikinn af Denzel, sem rannsakar sprengingu í ferju í New Orleans. Auðvitað er um hryðjuverk að ræða en hetjuna grunar að málið tengist öðru dauðsfalli sem átti sér stað um klukkutíma fyrir sprenginuna. Vegna yfirburðagetu sinnar í starfi fær FBI hann í lið með sér að finna sökudólginn. Honum til mikillar undrunar býr FBI yfir leynilegri tækni sem gefur rannsóknarlögreglumönnum fært að skoða atburði nákvæmlega fjóra daga aftur í tímann. Hægt og rólega fylgjast þeir með því hvernig atburðir fortíðarinnar leiddu til sprengingar ferjunnar.

Hryðjuverk í New Orleans

Myndin er sú fyrsta sem er tekin í New Orleans eftir að fellibylurinn hörmungar, Katarina, skall á borginni á síðasta ári. Koma tókuliðsins frá Hollywood hjálpaði víst til við að reisa við efnahaginn í borginni en yfirvöld þar standa enn í mikilli uppbyggingu eftir hvírfilbyllinn og flóðin sem fylgdu í kjölfarið.

„Við vorum virkilega þakklátir borgaryfirvöldum að gefa okkur leyfi til þess að fara þangað,“ segir Jerry Bruckheimer, framleiðandi myndarinnar. „Þau geta hins vegar þakkað Denzel fyrir stuðninginn, því hann átti hugmyndina að því að gera þetta í New Orleans.“

Í myndinni er lyklatríði þegar ferja springur í loft upp á Mississippi ári í New Orleans. Þetta var framkvæmt í alvörunni þrátt fyrir að hæglega hefði verið hægt að gera atriðið frá upphafi til enda á tölvu. Leikstjórinn Tony Scott er af gamla skólanum og er mikill sprengjusérfræðingur. Hann er á þeirri skoðun að tölvuteiknaðar sprengingar hafi aldrei sömu áhrif á kvikmyndagesti og raunverulegar. Það var heilmikið mál að sprengja upp ferju og það vakti mikla athygli í borginni.

„Þetta var alveg magnað,“ hrópar leikstjórinn nánast upp yfir sig. „Þrátt fyrir að við hefðum tilkynnt í öllum fjölmiðlum þar að það myndi verða sprenging á ári, þá bárust lögreglunni samt hundruð símhringinga frá fólki að tilkynna um hryðjuverk. Það er líka svolítið skrítið að vinna svona mikla undirbúningsvinnu fyrir sprengingu, sem tekur svo bara mínútu að framkvæma.“

Þrátt fyrir að myndin heiti *Dejà Vu* kemur það fyrirbrigði aldrei fyrir í myndinni. Þetta er vísindaskáldsaga og spennutryllir sem fjallar um tímaflakk. Er titillinn kannski örlítið villandi?



DENZEL WASHINGTON, PAULA PATTON, TONY SCOTT OG JERRY BRUCKHEIMER Fólkið á bak við *Dejà Vu* gerði góða ferð til New Orleans, sprengdi upp snekkju og skemmti sér vel við gerð myndarinnar.

Örlögin ráða ekki öllu

Denzel Washington reynir að breyta fortíðinni í spennumyndinni *Dejà Vu*. **Birgir Örn Steinarsson** hittir leikarann, leikstjórann Tony Scott og ofurframleiðandann Jerry Bruckheimer og komst að því að sjálfur vill Denzel engu breyta í sinni fortíð.

„Ég skoðaði orðabók til þess að fá útskýringu á því hvað *dejà vu* þýðir,“ segir Tony Scott. „Þar stóð að þetta lýsi óþægilegri tilfinningu um að hafa verið á sama stað á sama tíma áður. Þannig líður persónunum í myndinni þegar þær eru að fylgjast með atburðum fortíðarinnar í gegnum tæki sín.“

Lofthrædda hasarhetjan

Óskarsverðlaunaleikarinn Denzel Washington er nú orðinn 52 ára gamall. Maður hefði kannski haldið að framleiðendur myndarinnar hefðu því leyft honum að taka því nokkuð rólega, en raunin er önnur. Í myndinni er hann í hverju hasaratriðinu á fætur öðru sem hefur án efa reynt mikið á leikarann. Var eitthvað við gerð þessarar myndar sem þig langaði alls ekki að framkvæma?

„Ég er mjög lofthræddur,“ viðurkennir hann. „Það er atriði í myndinni þar sem ég hangi fram

af brún brúar til þess að teygja mig í sönnunargögn undir brúnni. Ég lét engan vita af lofthræðslu minni en þegar kom að því að skjóta atriðið spurði leikstjórinn mig hvort ég vildi setjast aðeins niður fyrst og tala um ótta nn. Ég þvertók fyrir það og vildi bara ljúka þessu af sem fyrst! Við getum talað þegar við erum búnir að taka upp. Fram að þessum degi þurfti ég að keyra yfir þessa brú á hverjum morgni. Í eitt skiptið stóðvaði ég bílinn og kíkti yfir brúnina, saup hveljur og blótaði leikstjóranum.“

Þessi mynd fjallar um tímaflakk, og tilraun aðalpersónunnar til þess að breyta hlutum sem þegar hafa átt sér stað. Trúir þú á örlög? Voru það þín örlög að njóta svona mikillar velgengni?

„Bíblían segir að trú án vinnu sé einskis virði. Örlögin eru frábær og trúin er frábær en maður verður að leggja sitt af mörkum.

Ég er bara eins og allir, að gera mitt og fylgjast með því hvað gerist í kringum mig. Ég er mjög ánægður með hvernig hefur gengið hjá mér hingað til.“

Hvað er það tímaflakk sem bíogestum þykir svo heillandi?

„Ætli það sé ekki tilhugsunin að um að ná að stjórna einhverju sem við eigum ekki möguleika á í raunveruleikanum.“

Ef þú gætir farið aftur í tímann, hvaða ráð myndir þú veita yngri útgáfunni af sjálfum þér?

„Ég veit það ekki. Ég myndi aldrei fara til baka, og ég myndi aldrei breyta neinu. Ég held að myndin gefi það í skyn, að það sé ekkert sérstaklega skynsamlegt. Ef maður breytir einhverju, þá verður maður að lifa með útkomunni. Það myndi ég líklega segja við sjálfan mig.“

Endurteknir draumar

Hefur þú einhvern tímann upp-

lifað *dejà vu*?

„Nokkrum sinnum. Ég veit ekki hvort það er *dejà vu* eða eitthvað annað en lengi dreymdi mig sama drauminn um að vera ferðast til hliðar í lyftu. Svo þegar ég fór í Eiffeltúrninn í París lenti ég í lyftu sem ferðast til hliðar. Þá fannst mér eins og ég hafði verið þar áður. Mig dreymdi líka reglulega sama drauminn um stað, úthverfi í borg. Svo einn daginn þegar við vorum að skjóta *The Siege* Brooklyn áttaði ég mig á því að hverfið sem við vorum í, var sami staðurinn og ég hafði séð í draumum mínum. Kannski heimsótti ég þennan stað þegar ég var ungur, og hafði gleymt því. Það er svo erfitt að segja hvað *dejà vu* er. Svörin eru jafn mörg og þær hugmyndir sem fólk hefur um það,“ segir Denzel að lokum. ■

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!

MEISTARINN

Meistaraspilið er komið í verslanir

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

HAGKAUP

”

Ef maður breytir einhverju, þá verður maður að lifa með útkomunni. Það myndi ég líklega segja við sjálfan mig.



DOUG CARLIN Washington leikur mann sem hefur möguleika á því að breyta hinu liðna en sjálfur segist leikarinn ekki geta hugsað sér að breyta nokkru í eigin lífi stæði honum það til boða.

KOKKARNIR

VEISLUPJÓNUSTA ■

Hátíðlegar og nýtilegar jólagjafir af öllum stærðum



Karfa 1
Kr. 1.980.-



Karfa 2
Kr. 2.690.-



Karfa 3
Kr. 3.690.-



Karfa 4
Kr. 4.990.-



Karfa 5
Kr. 7.890.-



Karfa 6
Kr. 5.990.-



Karfa 7
Kr. 9.590.-

KOKKARNIR Veislupjónusta stílar inn á að vera alltaf með það nýjasta og ferskasta hverju sinni ásamt hinu hefðbundna.




KOKKARNIR
VEISLUPJÓNUSTA ■


Vertu í sambandi og settu saman þína eigin sælkerakörfu

Osta- og Sælkerabörðinu Hagkaupum í Krínglunni og Smáralind
Hringðu og fáðu upplýsingar í síma 511-4466
eða sendu töluupóst á kokkarnir@kokkarnir.is

www.kokkarnir.is



HILL-FJÖLSKYLDAN Própangas er undirstaða ættarveldisins.



SIMPSONS-FJÖLSKYLDAN Tekur vandamálin föstum tökum.

Fyndnar fjölskyldu(ó)myndir

Allar hamingjusamar fjölskyldur eru eins, en allar óhamingjusamar fjölskyldur eru óhamingjusamar á sinn einstaka hátt. Eitthvað á þessa leið hefur Tolstoy söguna af Önnu Kareninu. Nú fyrir jól hefur komið út slæðingur af DVD-seríum þar sem fjallað er um mis misheppnaðar fjölskyldur, svo sem Griffin-, Hickey-, Hill-, Bluth- og Simpsons-slektirnar. *Valur Gunnarsson* dembir sér í flóðið.

Flestar bandarískar sjónvarpsfjölskyldur eiga nokkra hluti sameiginlega. Þær eiga tvö til þrjú börn, móðir er heimavinnandi, faðirinn er þroskaheftur en þó fyrirvinnan, og hún býr í úthverfi í húsi sem fjölskylda á þeirra launum ætti tæplega efni á.

Vinsælust allra er Simpsons-fjölskyldan, en nú er áttunda sería komin út. Er hún frá vetrinum 1996-97, en þættirnir um Simpsons risu einmitt sem hæst um miðjan 10. áratug og er áttunda sería því síðgullaldarefni. Framan af var reynt að halda í einhvers konar sósíalrealisma þrátt fyrir stigmagnandi heimsku Hómers, en þegar hér er komið við sögu fer raunsæið óðum að láta undan. Sést hin nýja ævintýramenska strax í öðrum þætti þegar Hómer fer að vinna fyrir Bond-skúrkinn Scorpio sem hyggur á heimsyfírrað.

Húsmóðirinn góða og vinið

Á hinu nýja fyrirmyndarheimili sem þau flytja í sér húsið um að þrifa sig sjálf. Fer húsmóðirinni

því fljótt að leiðast, enda hefur hún ekkert fyrir stafni ef ekkert er að skúra, og hallar sér að flöskunni. Hér hefur stílbreytingin yfir sér ferskan blæ, en það verður erfitt að snúa til baka seinna meir þegar persónusköpunin týnist í kvikmyndatiltvitnunum.

Það sem hugsanlega útskýrir vinsældir Simpsons, fyrir utan hárbeyttan og meinfyndinn húmorinn, er persónusköpunin. Faðirinn er vanræktur af yfirmanni sínum, börnin eru vanrækt af skólakerfinu og eiginkonan sætir stöðugri gagnrýni systra sinna. Þrátt fyrir það þykir öllum fjölskyldumeðlimum þegar öllu er á botninn hvolft vænt um hina, og eru yfirleitt velmeinandi þó að útkoman sé misjöfn.

Griffin lemur femínista

Það sama er ekki hægt að segja um Griffin-fjölskylduna í þáttunum Family Guy, en fimmta sería er nú nýkomin út. Faðirinn Peter, auk þess að vera þroskaheftur, er ópolandi karlremba og svín. Lois Griffin lendir í annarri seríu í femínistum sem vilja frelsa hana

úr viðjum heimilisins, en hún slæst við þá með hnefunum og segir það sitt val að vera heimavinnandi. Af einhverjum ástæðum hefur hún yfirgefið auðlegð fjölskyldu sinnar til að búa með durtinum Peter, og virðist sjaldnast efast um þá ákvörðun. Sonurinn er einnig þroskaheftur, enda með karlmannsgen, dóttirin er nörd og ungabarnið vill helst af öllu drepa mömmu sína, sem hættir fljótt að vera myndi. Eina gáfumennið á heimilinu er hundurinn Brian. Það eru þó ekki einungis samskipti fjölskyldunnar sem ekki rista djúpt, heldur húmorinn sjálfur sem er ávallt vísun í aðra sjónvarpsþætti, ólíkt meinbeittri þjóðfélagsádeilu Simpsons sem visar oftast en ekki í raunveruleikan.

Própangas og áhöld

Þriðja teiknimyndafjölskyldan er Hill-fjölskyldan, sem býr í smábæ í Texas, en fyrsta sería King of the Hill frá 1997 er nú komin út á DVD. Faðirinn Hank Hill er ekki með greindarskerðingu á jafn háu stigi og þeir Hómer og Peter, þó seint teljist hann mikil mannvitsbrekka, og er hjónaband hans og Peggyar nokkuð vel heppnað. Hann selur própangas og gasáhöld, hún er einnig útívinandi og er besti varakennari bæjarins. Í húsinu býr einnig frænkan Luanne sem stundar snyrtifræðinám og er flúin úr hjólhýsi foreldra sinna, og sonurinn Bobby, sem virðist misþroska. Þættirnir eru skapaðir af Mike Judge sem einnig gerði hina meinfyndnu Beavis og Butthead. King of the Hill þættirnir eru um margt raunsærri og lúmskari en aðrir gamanþættir. Það tekur tíma að komast inn í fjölskyldulífið þar sem persónur eru ekki jafn einhliða og gengur og gerist, en þetta er stórskemmtilegt þegar maður er búinn að kynnast öllum persónum. Fyrir aðdáendur sveitatónlistar má svo nefna að að Willie Nelson leikur gestahlutverk í King of the Hill, en Johnny Cash leikur meskalínref í áttundu seríu Simpsons.

Rangfeðruð fjölskylda

Vanstilltasta fjölskylda er þó eftir til vill Hickey-fjölskyldan, en fyrsta sería frá árinu 2005 er komin út. Þau Earl og Joy Hickey



Bluth- og Hickey-fjölskyldurnar

Leiknu fjölskyldurnar eru ekki minna vanstilltar en hinar teiknuðu. Hickey-fjölskyldan er í neðstu lögum þjóðfélagsins en Bluth í þeim efstu. Ekki virðast þó peningar skapa ham-

giftast og skilja strax í fyrsta þætti. Hún fær forræði yfir börnunum tveimur, enda ólétt eftir annan mann þegar þau giftast og eignast svo barn með enn öðrum meðan á hjónabandi stendur. Á sófanum sefur bróðir Earl, hinn þroskahefti Randy, og flytja þeir tveir bræður saman eftir skilnað.

Earl vinnur 100.000 dollara í lotteríu og ákveður að snúa lífi sínu til betri vegar þar sem hann öðlast trú á karma. Boðskapurinn er afar amerískur en eigi að síður fallegur, góðir hlutir koma fyrir gott fólk og vondir hlutir fyrir vont fólk. Ef maður hagar sér vel fær maður verðlaunin í þessu lífi, og í framhaldi af því hlýtur maður að álykta að þeir hljóti að hafa gert eitthvað af sér sem vegnar illa. Í einum þætti veltir Earl því reynd-

ar fyrir sér hvers vegna fiflinu Patrick vegnar vel þrátt fyrir að vera hinn verstí skálfur, og spyr maður sig oft að hinu sama hér í lífi, en þó fer að lokum að hann fær makleg málagjöld enda um sjónvarpsþátt að ræða. Þættirnir eru myndir en blikna þó við hliðina á Bluth-fjölskyldunni.

Guðföður litla skjásins

Skemmtilegasta sjónvarpsfjölskylda síðustu ára er vafalaust Bluth-fjölskyldan úr Arrested Development, en önnur sería kom út hér í sumar. Bluth-arnir minna örlítið á aðra vanstillta fjölskyldu, Corleone-ættina úr myndunum um Guðföðurinn. Nema að auðlegð fjölskyldunnar er byggð á standi sem selur súkkulaði húðaða bana frekar en fíkniefni. Elsti son-

Gull & Demantar

Demantur úr iðrum jarðar

ÍVAR & ÍVAR BJÖRN
GULLSMÍÐIR OG LETURGRAFARAR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 2, SÍMI 562-2222



GRIFFIN FJÖLSKYLDAN Á dýnu með durti



urinn Gob er, líkt og Sonny Corleone, töffari sem hugsar með hnefunum, og rétt eins og Sonny var skotinn 52 sinnum af keppinautum sínum í mafíunni er hér Alþjóðasamband sjónhverfingamanna á eftir honum. Buster er í hlutverki Fredos, hálfvitabarnið sem aldrei verður stórt og systirin Lindsay er, líkt og Connie Corleone, gift aula sem aldrei tekst að njóta virðingar fjölskyldunnar.

Eini hæfileikaríki afkomandinn, í báðum tilfellum nefndur Michael, reynir að vernda auðæfi fjölskyldunnar án þess að samþykkja uppruna þeirra, en verður æ líkari föður sínum sem er flæktur í spillingarmál fyrir vikið.

Fyndið vegna þess að það er satt Snilld þáttanna er þó fólgin í því að þó að uppbyggingin sé byggð á minnum úr einni þekktustu kvikmynd sögunnar eru brandararnir síður en svo fengnir að láni. Þættirnir eru, eins og öll góð list, spegill samtíma síns. Í heimi þar sem olufjölskylda erfir valdamesta embætti heims og hefur vanhugsad stríð með blöndu af heimsku og hroka, þar sem eitt öflugasta fyrirtæki heims, Enron, var einungis til á pappír, er Bluth-fjölskyldan nokkurs konar táknmynd fyrsta áratugar 21. aldar.

Þessir tveir bestu sjónvarpsþættir síðustu áratuga, Simpsons og Arrested Development, sýna þó fyrst og fremst að á þessum tíma svokallaðs raunveruleiksjónvarps er fátt sjónvarpsefni sem endurspeglar raunveruleikann betur en vel skrifaðir þættir. Og þeir eru einmitt fyndnir vegna þess að þeir eru sannir. ■

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



JÓLAGJÖF SEM GETUR LÁTIÐ DRAUMA RÆTAST?

DREYMIÐ EINHVERN SEM ÞÚ ÞEKKIR STÓRA DRAUMA OG VANTAR AÐEINS HVATNINGU . . .



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

VEGLEGASTA JÓLAGJÖFIN ER TIL FRAMTÍÐAR

Tónvinnsunám A Aðalnámsbraut Tónvinnskólans er tónvinnsunámið en skólinn fékk nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Það hefur mikla þýðingu því að námi loknu fá nemendur Diploma, viðurkennt af **Digidesign**, upp á að þeir hafi lokið prófi í tónvinnslu. Þetta Diploma veitir nemendum því aðgang að framhaldsnámi í tónvinnslu erlendis. Jafnframt fá nemendur viðurkenningu fyrir þekkingu á **Reason** tónlistarforritinu.

Vinnuástaðan er í tveimur fyrsta flokks hljóðverum, RMP og Stúdíó Sýrlandi, auk tölvuvers Snælandsskóla.

Sjá betur á www.tonvinnskoli.is.



DIPLOMA

SKRÁNING ER HAFIN

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ Í TÓNLISTARSKÖPUN OG HLJÓÐRITUN

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglínganámsskeið. Kennt er á hið einstaka **Reason** tónlistarforrit sem er þeim kostum gætt að það má nota í flestum venjulegum heimilistölvum. Það þýðir að ekki þarf að leggja út í aukakostnað svo að unglíngurinn fá notið sín, en þetta forrit nýtur jafnframt mikilla vinsælda meðal starfandi tónlistarmanna.

Námsskeiðin fara fram í fullkomnum tölvuverum Foldaskóla og Snælandsskóla. Þar hefur hver nemandi sér tölvu til að læra á forritið með og fara síðan að vinna tónlist með aðstoð og undir handleiðslu kennara. Eftir námsskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 8 vikna námsskeið, 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

HÚSGAGNA
LAGERSALA
ÖNDVEGIS
ER Í ÁRMÚLA 23
50-90%
AFSLÁTTUR!

Lokadagur
í dag!

Nú eru síðustu forvöð að gera góð kaup.



HÚSGAGNAVERSLUN

ÁRMÚLA 23
Opið í dag, sunnudag kl. 13-16.



HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njördur P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Hraustlegt myndmál

Ólafur Hannibalsson tekur hraustlega til orða í Fréttablaðinu 29. nóv og sækir myndmál til Mjallhvítar: „Íraks málið hefur setið fast í koki Framsóknar nærfellt heilt kjörtímabil, eins og eittraða eplið í hálsi Mjallhvítar blesaðrar, þar til nýr formaður reyndi að hósta því upp á miðstjórnarfundum flokksins fyrir helgina. Það sem nú er deilt um, er hvort allur eplisbitinn hafi (sic!) komið upp með nýrri kokhreysti formannsins eða hvort eitrið sitji (sic!) eftir.“ Þetta er skemmtilegt myndmál, sem spillist þó eilíft með viðtengingarhætti á eftir hvort í nútíð. Þarna á framsöguháttur heima.

Hvort og ef það sé viðtengingarháttur!!

Viðtengingarháttur lætur einkum í ljós eitthvað skilyrðisbundið, hugsanlegt, mögulegt, ósk eða bæn. Í flestum evrópskum tungumálum er viðtengingarháttur vikjandi og víða horfinn með öllu úr samhengi þar sem hann þótti áður sjálfsgáður. Því er undarleg sú áráttá í málfari margra Íslendinga að troða honum inn þar sem hann á ekki heima. Einkum á það við á eftir tveimur samtengingum, skilyrðistengingunni ef og spurnartengingunni hvort í nútíð. Það vill nefnilega svo einkennilega til að ekki er sama hvort um er (ekki sé) að ræða nútíð eða þátíð. Í nútíð er viðtengingarháttur ekki notaður á eftir ef og sjaldan á eftir hvort. Það er því málfæðilega rangt sem stendur í Blaðinu 15. sept.: „Óvíst er hvort DV verði (rétt: verður) gefið út áfram.“ Og

fulloröna konu heyrði ég segja: „Hvað geri ég ef hann sé (rétt er) ekki heima?“ Í leiðara Fréttablaðsins 30. sept. stendur: „Hvernig tekið er á málum og hvort birt séu (rétt eru) nöfn og ljósmyndir...“

Takið eftir muninum: Ég **kæmi** (hér er viðtengingarháttur þegar kominn) ef ég **gæti**. Og: Ég **kem** ef ég **get**. Ég **spurði** hvort hann **vildi** fara. Og: Hann **fer** hvort sem þér líkar betur eða verr.

En því miður er málið ekki alveg svona einfalt, enda tungumálið oft ólíkindatól.

Þannig segjum við t.d. Ég **veit** ekki hvort þetta er rétt, en ég **spyr** hvort þetta sé rétt. Því er vissara að gæta sín á ef og hvort.

Að sætta sjónarmið

Oddur Báruson sendir mér kvörtun vegna notkunar so. **sætta**. Að sætta sjónarmið, ágreining eða deilur. „Er þetta ekki kolröng notkun á sögninni að sætta? spyr hann. Ég hélt að maður sætti fólk, ekki hluti. Ég meina, ef það tækist nú að sætta þessi sjónarmið – yrðu sjónarmiðin þá sáttt hvort við annað?“ Þetta er skarplega ályktað, enda sætta menn hvorki deilur né ágreining, heldur þá sem deila eða greinir á.

Vegsummerki – verksummerki

„Vegsummerki eftir ránstíllraun,“ segir í Fréttablaðinu 30. nóv. Ekki er það beinlínis rangt, en betur færi hér **verksummerki**, enda ummerki eftir verknad.

Braghenda

Allir munu einhvern tíma eiga að *svara* ekki dugir af því bara *svara* eða standa líkt og þvara.

Málverk vikunnar velur Guðný Halldórsdóttir:

Altaristaflan sem afkristnaði Dunu

„Já, ég veit um eitt málverk sem ég get nefnt. Sem er altaristafla sem er í Gljúfrasteini sem pabbi [Halldór Laxness] keypti fyrir löngu,“ segir Guðný Halldórsdóttir kvikmynda-leikstjóri. Sem gegnir nafninu Duna. Hún velur málverk vikunnar að þessu sinni. Og segir svo frá:

„Þarna eru Jesús litli og Jóhannes skírari. Þetta er eftir Kjarval og ég held að ég hafi hreinlega afkristnast við þessa altaristöflu. Enda vildu þeir ekkert með hana hafa í Skagafirði þar sem hún var upphaflega. Hún fór í ferðalag til Danmerkur til viðgerðar. Var þar lengi. Þegar Kjarval sá hana aftur að Gljúfrasteini þá þótti honum eitthvað vanta. Og bætti við skeggi á Jóhannes. Sem er með allt annarri áferð en það sem fyrir var,“ segir Duna.

Þessi altaristafla á sér merka sögu. Til dæmis týndist hún en fannst með fulltingi miðils. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér meira um hana á gljufrasteinn.is. Málverkið átti að vera altaristafla í Rípurkirkju í Hólaprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi og er málað 1925. Altaristaflan var hins vegar aldrei sett upp því hún þótti klúr og ljót, ekki nógu biblíuleg. Olía á striga, sem er sérstakt því altaristöflur eru jafnan málaðar á tré, og stærðin er 125x88. En hvað varð til að afkristna Dunu?

„Já, það er þetta með hversu



ALTARISTAFLA KJARVALS Á sér merka og magnaða sögu. Átti að vera altaristafla í Rípurkirkju en þótti klúr og ljót.



DUNA Segir einkum hinn frjálsglega afturenda Jesús hafa orðið til að koma sér á jörðina með sína barnatrú.

frjálsglegur afturendinn á Jesúsi er. Rasskinnarnar rosaalegar og ekkert yfirskilvitlegt við þær. Og búið að fíktu í skegginu á Jóhannesi. Ekkert sem færði mig til hærri hæða. Komst til jarðarinnar með mína barnatrú. Í

einu horninu er íslenskt landslag. Eins og verið sé að skíra Jesús á Flötunum. En þetta er frábært málverk og þegar ég hef verið lengi í útlöndum fer ég að hugsa til þessarar myndar.”

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

SUNNUGAGS KROSSGÁTAN

Leystu Krossgátuna!

TODMOBILE ÓPUS :: 6

Þú gætir unnið þennan frábæra disk Opus :: 6 með Todmobile!

Þú sendir SMS skýringu JA LAUSN LAUSNAFÖRÐI á númerið 1900.
 Dæmi: Hvernig SMS gæti lítið úr ef svarð er Jón.
 Þú sendir þú SMS-IB JA LAUSN JON.
 Dreigið úr ríttum svörum rík. Fermdagur kl. 12 - 99 kr. smíð.



MP & BH	GJÓSA	DYRUMGERÐ	TVEIR EINS	SKÝRA FRÁ	KUSK	↓
BRANDARI						
SAMSTÆÐA			HÁTÍÐ STRUNSA			
KLUKKA			SLÁ		HEIMAGERT VÍN	ÚTUNGUN EGGJA
JARÐGÖNG			Í RÖÐ			FEN
	Á FÆTI	FRAMVINDA	SÆLGÆTI	ELDHÜS-INNGANGUR		RÆKTA
				UMTURNUN		HÁRSKERI
LÖNGUN TIL AÐ FARA BURT			NÝR PRESSUGER		HLJÓDFÆRI	
LÍTILL SOPI		DÝRAFITA	GLUFA			TÓNLISTARMAÐUR
		OTA	MOKA			NÍÐUR
	MERÐ					
	FESTA		ÓHLJÓÐ		TVEGGJA HÆÐA RÚM	
			HVORT		HEITI	
NOTALEGUR HITI			SÆGUR	HÆTTA		FLEY
				SIGTA		GJALL
GAPA			VERA Í VAFA		FLÝTI	
			MESTA		MÁLMUR	EINS
KRINGUM		NÁLÆGT		HLJÓTA	Í VAFA	
				HÁMA	BLUNDA	KVENKLÆÐNAÐUR
SKIPAD NÍÐUR			SKÁINN			MANN-ÞVAGA
			EINS UM A			TEMJA
				BLUNÐUR		HEFDAR-KONA
				ÍPRÓTTA-FÉLAG		TVEIR EINS
LÍTIL						
HNAPPAR					TÍU	
				HINDRA		



Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

MAX 5.999 kr.

LágMAXverð

6 diskar 



5.999 kr.


Fimm DVD - Glænýir þættir um jörðina okkar sem teknir eru á yfir 200 stöðum og voru fimm ár í framleiðslu.

Litla Bretland - Fyrstu þrjár seríurnar - 6 DVD


5 DVD diskar



Öll LIFE serían - 24 DVD - Yfir 60 tímar af gæða efni - David Attenborough eins og hann gerist bestur!



Life of Mammals - 4 DVD David Attenborough



In Paradise - 2 DVD David Attenborough

„Ein besta gamanþáttasería allra tíma“

ÖLL 3. SERÍAN


Litla Bretland Sería 3 - DVD



2.999 kr.



Wildlife Series 4 DVD - David Attenborough



Life in the Undergrowth 2 DVD - David Attenborough




Space Odyssey - DVD Geimfarar kanna alheiminn


2.999 kr.

Litla Bretland Sería 2 - DVD

ÖLL 2. SERÍAN



Fawlty Towers - 3 DVD



Yes Minister Complete - 4 DVD



Young Ones - Sería 2 - 2 DVD



OPIÐ TIL kl. 22
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Við erum beint á móti IKEA

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

TAKTU ÞÁTT

í jólaleik BYKO!

150 þúsund króna

inneign í Nóatúni

NÓATÚN

Verslaðu í BYKO fyrir jólin og þú gætir unnið!

Dregið verður 18. desember.

1-3 vinningur:
150.000 matarinneign hjá Nóatúni.

4-10 vinningur:
Lifandi jólatré.
Glæsilegur Normannspínur frá BYKO að eigin vali.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

STUÐ MILLI STRÍÐA : Svefninn og dauðinn

DÓRI DNA SEFUR MEÐ ANNAÐ AUGAÐ OPIÐ



Ég vaknaði hress í morgun, eins og alla aðra morgna. Ég er nefnilega algjör hani, morgunhani og ég mana gáskafulla lesendur í að býða setninguna yfir á ensku. Ég vakna, bursta, pissa, klæði mig, fæ mér djús, kyssi alla á heimilinu bless, keyri í vinnuna og svo er standandi partístuð á mér fram á kvöld, en þá verð ég sybbinn og fer að sofa, alveg eins og það á að vera. Án þess að vera að monta mig verður líka að taka fram að ég hef aðeins tvisvar sinnum sofið yfir mig á ævinni og aldrei í meira en 20 mínútur. Í bæði skiptin vaknaði ég í öllum fötunum og í því


seinna var ég með bindi og vínlykt. Það er mjög mikilvægt að temja sér góðar svefnvenjur, en án þeirra er ekkert hægt. Sé fullyrðingin sett í sögulegt samhengi, sést hve mikill sannleikur liggur að baki. Því þær þjóðir sem náð hafa hvað mestri efnahagslegri farsæld á undanfarni öld eiga það allar sameiginlegt að nýta svefninn rétt og vel. Í dag vilja allir sofa út, en að sofa út á 21. öldinni er allt annað en í gamla daga. Fólk liggur í bælinu langt fram yfir hádegi og stundum fram undir nónbil. Hér áður fyrr var fólk brennt á báli fyrir galdra ef það svaf svo lengi. Þessi svefnýrkun er aumingjaháttur út í eitt, eins og að þrá að eyða tíma sínum í ekkert. Ég kenni Nokia um þetta allt saman.

Snooze-möguleikinn á vekjarklukkunni, sem á íslensku kallast kríublundur er að tröllríða okkur. Hann gerir fólki kleift að sofa fimm mínútum lengur, en oft verða fimm mínútur að fimm klukkustundum. Svefninn er frumbörf, rétt eins og að éta eða kúka. Þessum þörfum má heldur alls ekki svala of mikið. Því annars verðum við fitubollur, skít-hælar eða svefnpurkur. Maður nennir heldur ekki að tala við fólk sem annaðhvort er síþreytt eða langar til þess að sofa, það er óspennandi og pirrandi. Rapparin Nas sagði árið 1994, „I never sleep because sleep is the cousin of death,“ eða ég séf aldrei, þar sem svefninn er frændi dauðans. Flott setning og algjörlega sönn.

myndasögur


■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

HELGARTILBOÐ



~~3.499~~
2.499

Bó og Sinfó
Björgvin Halldórs

~~2.199~~
1.999

Please Don't Hate Me
Lay Low

~~2.199~~
1.999

Jól og Blíða
Baggalútur



~~2.199~~
1.999

Góð jól
Brooklyn Fæv

áritar
Áritar í dag kl: 14:00
í Kringlunni og
15:00 í Smáralind



~~2.199~~
1.999

Orð
Í svörtum fötum


áritar
Áritar í dag kl: 14:00
í Smáralind og
16:00 í Kringlunni



~~2.199~~
1.999

Söknuður
Jóhann Helgason

áritar
Áritar í dag kl: 15:00
í Kringlunni og
16:00 í Smáralind



~~2.199~~
1.999

Nylon
Nylon



~~2.599~~
2.399

Love
The Beatles



~~2.199~~
1.999

Majónesjól
Bogomil Font



~~2.499~~
1.999

Poppskífan í 30 ár
Ýmsir



~~2.999~~
1.999

06.06.06
Bubbi

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



„Við þekkjum öll dæmi þess að sársauki á borð við tannverk á til að hverfa er athyglin beinist nógu eindregið að einhverju öðru, jafnvel þótt meinsemdin sem sársaukanum olli sé söm við sig.“

Þorsteinn Gyllfason: „Etti sálarfræði að vera til? Sál og mál.“


bækur

menning@frettabladid.is

Ofmetin og vanmetin rit

Nú er sá tími þegar skrifentar og áhugasamir bókaunnendur víða um heim taka saman lista yfir bestu bækur ársins. Sem fyrr sýnist sít hverjum í þeim efnunum en listar þessir geta þó verið býsna forvitnilegir. Í janúarhefti breska tímaritsins Prospect Magazine eru birtar tilnefningar álitsgjafa blaðsins yfir ofmetnustu og vanmetnustu bækur ársins og kennir þar ýmissa grasa, sumar bókanna var til að mynda að finna á báðum listunum.

Þær þrjár bækur sem flestir töldu ofmetnar voru The God Delusion, metsölurit trúleysingjans Richards Dawkins, The Blunkett Tapes, endurminningar breska þingmannsins Davids Blunkett og nógvala rithöfundarins Philips Roth, Everyman. Álitsgjafarnir höfðu vanþóknun á



UMDEILDUR? Margir álitsgjafanna nefndu sögu Philips Roth, Everyman, sem dæmi um ofmetnustu bók ársins.

fleiri stórkotaliðum og sögðu skáldsöguna Saturday eftir Ian McEwan tilgerðarlega, fyrsta bindi sjálfævisögu Bobs Dylan þvaðrandi bull og skáldsögu Nóbelsverðlaunahafans Orhans Pamuk, Snow, hundleiðinlega.

Á topplistanum yfir vanmetnustu bækurnar voru bók Opheliu Benson og Jeremy Stangroom, Why Truth Matters, skáldsagan Alentejo Blue eftir metsöluhöfundinn Monicu Ali og heimspekirit leikskáldsins Michael Frayn, The Human Touch.

Listann í heild sinni má finna á síðunni www.prospect-magazine.co.uk.



>Bók dagsins
á adventunni er vert að rifja upp **Játningar Ágústínusar** sem nýlega komu út í **Lær-dómsritaröð Hins íslenska bókmenntafélags**.



HALLDÓR GUÐMUNDSSON Skrifar um bókmenntir

Missum ekki af lestinni!

Nýlega var sagt frá þörfu og virðingarverðu átaki til kynningar á íslenskri tónlist erlendis. Þar er verið að fylgja eftir mörgum góðum sigrum og opna nýjar dyr. Þetta skref er holl áminning okkur bókmenntafólki um að átaks er þörf á þessu sviði hjá okkur. Verði það ekki gert er hætt við að Íslendingar missi af lestinni, enda eru hin Norðurlöndin óðum að skjóta okkur ref fyrir rass. Einmitt núna, þegar við erum vitni að blómlegri bókaútgáfu á jólamarkaðnum, er rétt að beina athygli að þessu.

Sigurför

Norrænar bókmenntir hafa nú farið sigurför á bókamarkaði heimsins í þrettán ár. Það var sumarið 1993 sem bækurnar Veröld Soffíu eftir Jostein Gaarder og Lesið í snjóinn eftir Peter Høeg unnu óvænta sigra á erlendum markaði. Síðarnefnda bókinni hefur síðan komið út á 34 tungumálum og selst í meira en 20 milljónum eintaka. Veröld Soffíu hefur verið gefin út á rösklega 50 tungumálum og selst í 40 milljónum eintaka og var mest seldi bók í heimi árið 1995. Þessi árangur kom erlendum bókaútgefendum í opna skjöldu og þeir beindu sjónum sínum að norðrinu: Hvað skyldi leynast þar sem



HENNING MANKELL

hentaði til útgáfu sunnar í heimi? Margir af helstu höfundum okkar hafa notið góðs af þessum áhuga og verk þeirra verið þýdd á fjölda tungumála. Það nægir að fara tuttugu ár aftur í tímann til að sjá hvíllik grundvallarbreyting hefur orðið á aðstæðum íslenskra nútímabókmennta.

Undanfarin ár hafa spennusögur verið í forystu í hinni norrænu sókn. Þar hefur Henning Mankell farið fremstur, en bækur hans hafa komið út á 35 tungumálum og selst í meira en 25 milljónum eintaka. Fast á hæla honum fylgja núna konur einsog Liza Marklund og Karin Fossum sem tekið hafa forystu í spennusagnaskrifum í Skandinavíu, en Arnaldur Indriðason er ekki langt undan enda náð frábærum árangri á erlendum markaði (sbr. nýlega grein í tímaritinu Nordisk litteratur).



ARNALDUR
INDRIÐASON



LIZA MARKLUND

Hættumerki

Áhuginn á norrænum bókmenntum á sér öðru fremur markaðslegar rætur, einsog ljóst verður þegar hugsað er um þessa gerólíku höfunda; það eru ekki auðfundin sameiginleg einkenni á bókum þeirra. Útgefendur eru hjarðdýr, sem kunnugt er. Þeir fundu sér beitarlönd á níunda áratugnum á auðugum gresjum suður-amerískra bókmennta, í hálfan annan áratug hafa þeir leitað norður til okkar. Þetta getur auðveldlega breyst, áhuginn beinst annað – til dæmis til Japan og Kína, einsog margt bendir til núna. Það bætir heldur ekki úr skák að of mikið hefur verið um lukkuriddara á markaðnum sem hafa reynt að ná sem hæstum fjárhæðum útúr útgefendum fyrir eitt verk, jafnvel ólesið, en huga ekki að uppbyggingu höfundarferils. Slíkt getur auðveldlega heft sít þegar fókusinn fer annað.

Sofandaháttur

Íslenskir útgefendur hafa staðið sig mjög vel á sumum sviðum í þessu, en margt er líka óunnið. Bandaríski markaðurinn hefur að mestu verið lokaður íslenskum höfundum, að Halldóri Laxness og Ólafi Jóhanni undanskildum (og hver veit nema Arnaldur slái í gegn þar líka), og það er heldur ekki hægt að ætlast til þess að einkaaðilar hafi heildarhagsmuni íslenskra bókmennta að leiðarljósi. Þess vegna hafa öll hin Norðurlöndin farið þá leið að styðja myndarlega við útflutning á sínum bókmenntum með öflugum kynningarskrifstofum sem kostaðar hafa verið af opinberu fé. Þar er unnið kynningarefni, þýðendum sýnd ræktarsemi, bókmenntum komið á framfæri við erlenda útgefendur – líka þeim sem ekki koma út hjá stóru forlögnum og njóta kynningarstarfs þeirra. Þýðingar eru styrktar svo um munar, en til þess horfa erlendu forlögin mjög, enda telja þau töluvert umstang því samfara að ráða góðan þýðanda úr þessum sérkennilegum málum sem töluð eru í norðrinu.

Fullkominn sofandaháttur er eina orðalagið sem hægt er að hafa um hina opinberu afstöðu hérlendis til útflutnings á bókmenntum. Bókmenntakynningarsjóður hefur að vísu verið starfræktur hér um nokkurt skeið og hefur sannarlega gert sitt besta, en fjárveiting til hans er svo lítil að svarar hér um bil til þýðingar- og útgáfukostnaðar 3-4 bóka á ári í hóflegu upplagi. Þegar markaðsáhuginn breytist aftur, einsog óhjákvæmilegt er, er hætt við að mörg Norðurlöndin hafi fest sína helstu höfunda varanlega í sessi á erlendum mörkuðum, meðan Íslendingar hafa misst af þessu einstæða tækifæri til að styrkja stöðu þeirrar listgreinar sem aflað hefur þeim mestrar frægðar úti í heimi.

Um jólin og tortryggina

Kristín Ómarsdóttir rithöfundur segir að mögulega séu jólin tími nostalgíunnar enda sé þá tími upprifjunar því árið sé brátt á enda. Kristín gefur út bókina Jólaljód í minningu ömmu sinnar.

Sjálf segir Kristín að það fari eftir árferði hversu mikil jólastelpa hún er. „Það eru ákveðin atriði sem ég held í heiðri: taka til, þvo þvott, kaupa jólatré og skreyta það, eiga góðan mat, hrein náttföt og sængurver. Sjá til þess að allt sé hreint, eða þannig – það er auðvitað aldrei allt hreint,“ segir hún. Hugmyndina að bókinni rekur hún til tónlistarfólksins sem gerir jólaplötur og jólalög. „Ég er bara að herma eftir tónlistarfólkinu,“ segir hún og kímur, „en ég geri þetta ekki í ágúst eða júlí. Þetta er skrifað á stund og stað.“ Flest ljóðanna voru skrifuð á jólnum í fyrra og í bókinni bera þau titla á borð við „Jólakjöllinn“, „Hakka-vél“ og „Hreindýr“.

Leitað að samhengi

„Þetta eru ekkert sérstaklega persónuleg ljóð, ég myndi halda að þau væru algjörlega fyrir utan mína persónu,“ segir skáldið og áréttar að þarna séu ekki neinar minningar eða persónuleg endurlit á ferð. „Það getur þó verið að ég noti nostalgíuna sem ákveðinn stíl. Á þessum tíma, í lok ársins fer maður að rifja upp og hugsa, reyna að sjá eitthvað samhengi – sem ég held reyndar að sé ekki til.“

Auk jólaþega ljóða eru þarna vetrarleg ljóð og hátíðleg, kankvís og brellin en líka stuttir leikþættir sem Kristín kennir við „karóíkileikhús“. „Mig hefur alltaf langað til að gera leikþætti sem fólk getur flutt í heima-húsum. Það þarf ekkert marga, hugsanlega bara eina manneskju, bara leikendur. Kannski er þetta rosaleg stjórnssemi en þetta er ákveðið form sem ég hef verið að vinna með og mun líklega halda áfram að gera,“ segir Kristín.

Hún vinnur ljófum höndum með sögu og leikrit en kveðst alltaf fást við ljóðin inn á milli. „Stundum hef ég gleymt þeim of lengi en ég hef hug á því að einbeita mér aðeins að þeim núna og gefa út fleiri ljóðabækur innan skamms.“ Í bígerð er einnig óbeint framhald skáldsögunnar Hér sem kom út árið 2004 en þar endurnýjar höfundurinn kynni sín við eina af aðalpersónum bókarrinnar.

Erfið í samstarfi

Kristín er einnig í ritnefnd hins nýstofnaða bókmenntatímarits Stínu ásamt rithöfundunum Guðbergi Bergssyni og Kormáki Bragarsyni en útgefandi þess er Bók-



EINI KOSTURINN ER AÐ TREYSTA, VERA GÓÐUR OG EKKI HRÆDDUR VIÐ ÓGNINA
Kristín Ómarsdóttir rithöfundur ræði um nýju ljóðabókina sína og tortryggina sem vex með árunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fleira fólk og möguleikar

Þó Kristín segist ekki geta unnið með öðrum elskar hún samt mannmergð og kveðst hafa gaman af þessum annasama tíma á adventunni. „Ég er dálítið fyrir mógæsingunni og lifi mig inn í hana,“ segir hún og brosir. „Við þurfum líka fleira fólk. Þess vegna vil ég opna landið alveg því íslenskan þarf á því að halda að fleiri tali hana en þrjúhundruð þúsund manns, að fleiri noti tungumálið, teygji það og togi. Mér finnst að við ættum að stefna á milljónina sem fyrst ef hægt er að útvega öllum atvinnu og veita þeim ókeypis íslenskukennslu.“ Hún áréttar að allir hafi þörf fyrir fólk þó hún sé mismikil. „Nunnurnar hafa líka sagt að það sé svo mikill einmanaleiki hérna á Íslandi. Það er kannski vegna þess að við erum svo fá. Það eru fleiri möguleikar á að eignast vini eða kynast einhverjum sem hugsar eins og maður sjálfur ef það er fleira fólk.“ Að lokum bendir hún á að þetta sé einnig sérstakt hagsmunamál fyrir rithöfunda því lesendum fjölgi jú ef fleiri tala tungumálið. „Ég held að þeir eygi von um að þá seljist fleiri bækur. Ég held að öll skáld langi til þess að fleiri lesi bækurnar þeirra.“

Hún ber samstarfsmönnum sínum á ritinu Stínu þó afar vel sögunna og segir þá mikla friðarsinna.

kristrun@frettabladid.is

OPIÐ ALLA HELGINA

PÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR • FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA

Jóla Opnunartímar

16-17.des 12:00 - 19:00

18-23.des 10:00 - 19:00

24.des lokað

15. desember 2006. Birt með fyrirvara um breytingar og villur



INS 100 TK ACER D 119.900 17.900	Apparate 1 12.900	Canon IP4200 12.900	19" LCD 19.900	Live Cam Voice 8.990	Logitech LX710 7.990
TOLV 3500+	3500+ 49.900	3500+ 14.900	Tölvutilboð 55.900	3500+ 9.990	3500+ 9.990



TREND INTERNET SECURITY 2007

- Örugg vírusvörn
- Öflug virusleitarvél
- Betri vörn gegn spyware
- Stýring á heimaneti
- Stöðvar upplýsingaþjófnað
- Varnar þráðlausum innbrotum

2.990

ÓTRÚLEGT OPNUNARTILBOÐ



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

ÖÐRUGI VINARTÓNLEIKAR

Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daniel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku Óperunni
 Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1

FLAGARI Í FRAMSÓKN - HALLDÓR ER KOMINN AFTUR! - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumfyrirförs 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - **FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**

Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareokí
 Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörunu - Húsið opnar kl. 20
 www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
 Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

AUSTURBÆR

Barna- og unglíngaleikhús Austurbæjar kynnrir Jólafárið eftir Kikku.
 Lau 16. des kl. 13.00 / Sun 17. des kl. 13.00 / Mið 27. des kl. 13.00 / Fim 28. des kl. 13.00
 Miðaverð kr. 800

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími: 551 4700 / www.midi.is

ÞÓÐLEIKHÚSIÐ

Leitin að jólnum

Fæst nú á geisladiski í miðasölu Þjóðleikhússins og Hagkaupum.

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
 Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
 Fös. 29/12 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

BAKKYNNUR eftir Evripídes
 Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.

Smiðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
 Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1
 Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímssdóttur
 Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

Leikhúsloftið

LEITIN AÐ JÓLNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
 Í dag sun. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
 Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“

ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD	ÓFAGRA VERÖLD	ÓFAGRA VERÖLD
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000 Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS. Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort Fim 18/1 kl. 20 4. sýning Græn kort Sun 21/1 kl. 20 5. sýning Blá kort	Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000 Fim 11/1 Afmælisýning UPPS. Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20	
		AMADEUS Sun 7/1 kl. 20 Sun 14/1 kl. 20 Lau 20/1 kl. 20 Allra síðustu sýningar
VILTU FINNA MILLJÓN? Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20		FOOTLOOSE Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20
SAN FRANCISCO BALLETTINN Samstarfsverkefni Listaháttar í Reykjavík og Borgarleikhússins. Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800		JÓLALÉIKRITÍÐ RÉTTA LEIÐIN Barna og unglíngaleikhúsið Borgarbörn Í dag kl. 13:00 Í dag kl. 15:00
BRILLJANT SKILNAÐUR Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20	Miðaverð 1.400 Síðustu sýningar	RONJA RÆNINGJADÓTTIR Lau 30/12 kl. 14 Sun 7/1 kl. 14 Sun 14/1 kl. 14
MEIN KAMPF Sun 7/1 kl. 20 AUKAS. Sun 14/1 kl. 20 AUKAS. Lau 20/1 kl. 20 AUKAS. Lau 27/1 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar		GJAFAKORT Gjafakort í Borgarleikhúsið, fráber jölagjöf. Gjafakortin gilda endalást!

Miðasala 568 8000 www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Listamenn heimsóttir

Í húsi listamanns er safn viðtala sem birtust í Morgunblaðinu á árunum 1980 til 1982 og 1998. Í viðtölunum heimsækir höfundur íslenska listamenn sem flestir eru gengnir og bregður upp svipmyndum af þeim. Í flestum tilfellum setur höfundur sig í stellingar áhorfandans, fylgist með viðkomandi listamanni á heimilinu eða á vinnustofunni og ritar athugasemdir sem frá þeim falla um lífið, listina, samfélagið.

